DAVÍÐ ÖRN HALLDÓRSSON

Handmálar dúka og mottur á húsgögn

• heimili

ALLT Í MIÐJU BLAÐSINS

FASTEIGNIR

Vel staðsett raðhús ásamt fallegum garði

Sérblað um fasteignir

FYLGIR FRÉTTABLAÐINU Í DAG

TVÍHÖFÐI LÍTUR UM ÖXL

Uppreisnin gegn endalausu mali í útvarpi mistókst

Tvíhöfði gefur út nýjan geisladisk

FÓLK 30

FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

22. september 2008 — 258. tölublað — 8. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 512 5000

MÁNUDAGUR

Leikur víking fyrir ASÍ

Júlíus Brjánsson leikur víkingahöfðingja í nýrri sjónvarpsauglýsingu fyrir ASÍ.

FÓLK 30

Breyta bakaríi í hárgreiðslustofu

Hanna Kristín Jónsdóttir og Guðlaug Helga Guðlaugsdóttir vinna hörðum höndum að því að breyta bakaríi í hárgreiðslustofu.

FÓLK 30

Stórsigur í Noregi

Skáksveit Rimaskóla er Norðurlandameistari grunnskóla 2008.

TÍMAMÓT 16

HK-ingar féllu

Fylkir bjargaði sér frá falli úr Landsbankadeild í gær á kostnað HK, sem er fallið.

ÍÞRÓTTIR 24

VEÐRIÐ Í DAG



VÍÐA SKÚRIR Í dag verða yfirleitt suðvestan 8-13 m/s. Nokkuð bjart lengst af í dag austan til á landinu, annars rigning eða skúrir. Hiti 8-13 stig.

VEÐUR 4



Tugir ofbeldismanna stunda handrukkun

Aðgerð lögreglu sýndi að tugir manna stunda handrukkun á höfuðborgarsvæðinu. Yfirlögregluþjónn telur ástæðu til að hrinda frekari aðgerðum af stað.

LÖGREGLUMÁL Afskipti voru höfð af um tvö hundrað einstaklingum í sérhæfðri aðgerð gegn handrukkurum, sem gerð var að frumkvæði Ríkislögreglustjóra, árin 2005 og 2006. Tugir einstaklinga höfðu verið handteknir þegar aðgerðinni var hætt. Yfirlögregluþjónn hjá Ríkislögreglustjóra telur ástæðu til að hrinda frekari aðgerðum af stað. Fórnarlömb handrukkara eru oft á tíðum skelfingu lostin og þora ekki að segja sögu sína undir nafni eða leita eftir aðstoð lögreglu.

Ríkislögreglustjóri ákvað í maí árið 2005 að hrinda af stað sameiginlegum aðgerðum sérsveitarinnar og nokkurra lögregluliða gegn handrukkurum. Ákvörðunin var tekin eftir mikla umræðu í samfélaginu á þeim tíma um ofbeldisverk þeirra og einnig vegna þess að komið hafði fram ótti meðal þolenda við að leggja fram kærur til lögreglu.

Jón F. Bjartmarz, yfirlögregluþjónn hjá Ríkislögreglustjóra, segir aðgerðina, sem var stefnt gegn þekktum brotamönnum, hafa staðið yfir í rúmt ár og að árangur hafi verið góður. Þá komu upp tugir fíkniefnamála við aðgerðina og haldlögð voru barefli og vopn í mörgum tilfellum. „Það skal tekið fram að höfð voru afskipti af sömu einstaklingum í fleiri en eitt skipti. Það er vitað að þessir menn láta sér ekki segjast og halda áfram fyrri iðju þrátt fyrir afskipti lögreglu.“

Jón segir að ekki hafi verið um samhæfðar aðgerðir að ræða síðustu tvö ár. „Ég tel hins vegar að full ástæða sé til að gera þetta með reglubundnum hætti.“

Fréttablaðið hefur rætt við einstaklinga sem þekkja samskipti við handrukkara. Þeir segja það misskilning að þeir beiti sér eingöngu til að ná inn fíkniefnaskuldum. Vandinn sé mun útbreiddari og viðskiptaskuldir sem og aðrar skuldir komi við sögu. Viðmælendur blaðsins áttu það sameiginlegt að hafa ekki leitað liðsinnis lögreglu vegna efasemda um hvernig meðferð mála þeirra yrði háttað. - shá

SPENNA FH-ingar héldu spennu í Landsbankadeild karla í knattspyrnu með því að leggja topplið Keflavíkur 3-2 í gær. Keflavík dugði jafntefli til þess að tryggja sér Íslandsmeistaratitilinn. Stuðningsmenn FH trylltust af fögnuði þegar Atli Viðar Björnsson skoraði sigurmarkið á síðustu mínútu leiksins. - Sjá síður 24 og 26. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

VARTAN FELLD Ari og félagar felldu um 1.200 ferðamannavörtur við Krýsuvíkurveg á föstudaginn. MYND/STEFÁN HELGI VALSSON

Náttúrusóðavandamál:

Felldu ferðamannavörtur

UMHVERFISMÁL „Þetta er mikilvæg aðgerð sem miðar að því að vekja athygli á einu versta náttúrusóðavandamáli síðari tíma,“ segir Ari Arnórsson leiðsögumaður, sem á föstudaginn stóð fyrir vörtuhreinsun meðfram Krýsuvíkurvegi.

Vörtur eru vörður sem ferðamenn hlaða á ferðamannastöðum. Þó að flestar þeirra séu í smærri kantinum var sú stærsta sem Ari og félagar felldu á föstudaginn einn og hálfur metri á hæð. „Vörður og vörðubrot eru menningarverðmæti sem ekki má hrófla við en vörtur eru ómenningarlýti sem hreinsa þarf jafnóðum,“ segir Ari. - ovd

Villtur í fjóra daga:

Lifði á berjum

BJÖRGUN Spænskur karlmaður, sem bjargað var af hálendi Íslands í fyrradag, er enn á sjúkrahúsinu á Húsavík. Þar fær hann meðal annars meðferð vegna ofkælingar.

Gangnamenn fundu manninn við Krossá í Bárðardal og hafði hann þá verið villtur og matarlaus í fjóra daga utan þess sem hann át nokkur ber sem hann fann.

Búist er við að maðurinn verði útskrifaður af sjúkrahúsinu á morgun eða miðvikudag. - ovd

Fundað stíft um samruna íslenskra fjármálafyrirtækja um helgina:

Glitnir og Byr sameinast

VIÐSKIPTI Stjórnir fjármálafyrirtækjanna Glitnis og Byrs hafa hafið viðræður um sameiningu bankanna, að frumkvæði Glitnis, og verður það formlega tilkynnt til Kauphallar Íslands í dag. Gert er ráð fyrir að viðræðurnar taki stuttan tíma, enda er umtalsverð hagræðing talin nást með samrunanum, jafnvel allt að fjórir milljarðar króna á ári. Er þá einkum horft til lánskjara og rekstrarkostnaðar.

Markaðurinn greindi frá óformlegum viðræðum um samrunann í síðustu viku, en síðustu hindruninni var rutt úr vegi á föstudag þegar Fjármálaeftirlitið samþykkti að Byr yrði hlutafélag.

Samkvæmt upplýsingum Markaðarins hefur nánast verið gengið frá fjármögnun Glitnis út 2009. Nýr sameiginlegur banki verður með eigið fé töluvert yfir tilskildum lágmörkum um eiginfjárhlutfall fjármálafyrirtækja; tæplega þrettán prósent. Menn sem vel þekkja til á bankamarkaði gerðu því skóna í gærkvöld að hluthafar Byrs fengju í sinn hlut tæpan fjórðungshlut í sameinuðum banka.

Jafnvel er búist við að tilkynnt verði í vikunni um samrunaviðræður Landsbankans og Straums, en enn er beðið samþykkis eftirlitsstofnana vegna samruna Kaupþings og SPRON. - bih

BORÐLAMPAR

Rafkaup

Ármúla 24 • S: 585 2800

OPIÐ LAUGARDAG KL:11-16

SPURNING DAGSINS



Salmann, kemur ekki til greina að fá lóð undir mosku í Moskvu?

„Nei, það er nóg af moskum í Moskvu.“

Salmann Tamimi er formaður Félags múslima á Íslandi. Félagsmenn eru orðnir langeygir eftir lóð undir mosku í Reykjavík en átta ár eru liðin síðan félagið óskaði eftir lóð.

Ekkert bólar á uppbyggingu á 25.000 fermetra miðborgarkjarna:

Barónsreitur óbreyttur áfram

SKIPULAGSMÁL Ekki er vitað hvenær hafist verður handa við uppbyggingu á Barónsreit, en hugmyndir um 25.000 fermetra miðborgarkjarna þar voru kynntar fyrir ári síðan.

Reiturinn verður í óbreyttri mynd enn um sinn, því forhönnun og undirbúningi fyrir deiliskipulagsferli er ekki lokið. Eftir það tekur við lokahönnun og deiliskipulagsvinna. Að henni lokinni gætu framkvæmdir hafist.

Samkvæmt upplýsingum frá fasteignafélaginu Samson Properties hafa ekki orðið neinar sérstakar tafir á verkefninu. Samvinna við skipulagsyfirvöld hafi verið góð, en svona umfangsmikil verkefni taki langan tíma. Ekki fæst uppgefið hvenær áætlað er að ljúka yfirstandandi hönnunar- og skipulags vinnu eða hefja framkvæmdir.

Alþjóðleg lánsfjárþurrð hefur ekki haft áhrif á framgang verkefnisins, enn sem komið er, samkvæmt sömu upplýsingum. Tíð stjórnarskipti hafa verið í Reykjavíkurborg og kann það að hafa haft sitt að segja um hversu langan tíma undirbúningurinn hefur tekið. - kóþ

MIÐBORGARKJARNINN Hugmynd Samsons gerði ráð fyrir 25.000 fermetra uppbyggingu frá Skúlagötu og að Laugavegi. Hún var kynnt fyrir ári. MYND/SAMSON

Verja fjármálastöðugleika:

Auknar heimildir gegn skortsölu

EFNAHAGSMÁL Fjármálaeftirlitinu verður veitt meira svigrúm til að grípa til aðgerða gegn markaðsframkvæmdum sem geta talist ógna fjármálastöðugleika. Samkvæmt tilkynningu sem viðskiptaráðuneytið sendi frá sér í gær er breytingunni meðal annars ætlað að styrkja heimildir Fjármálaeftirlitsins til að banna eða setja skorður við skortsölu hlutabréfa. Í Fréttablaðinu á laugardaginn er sagt frá því Fjármálaeftirlitið hefði ekki heimild til að banna skortsölu. Breytingin á við reglugerð 630/2005 um innherjaupplýsingar og markaðssvik. - ovd

Ummæli Davíðs Oddssonar:

Ekki samboðin seðlabankastjóra

STJÓRNMÁL Ummæli Davíðs Oddssonar í viðtali við Stöð 2 eru ekki samboðin seðlabankastjóra að mati Árna Páls Árnasonar, þingmanns Samfylkingarinnar. Í viðtalinu sagði Davíð að atlaga væri gerð að krónunni, og að hana gerðu lýðskrumarar af versta tagi.

ÁRNI PÁLL ÁRNASON

Árni Páll sagði í Silfri Egils í gær að framganga seðlabankastjóra ætti að vera til fyrirmyndar og til samræmis við stefnu bankans. Ummælin hefðu ekki verið samboðin seðlabankastjóra, sem ætti að vinna í lýðfrjálsu ríki að framkvæmd peningamálastefnu. Hann sagði jafnframt að ef krónan ætti að eiga möguleika á að lifa sem sjálfstæður gjaldmiðill yrði að skipta um áhöfn í Seðlabankanum. - þeb

Húsleit á Sauðárkróki:

Mikið magn fíkniefna fannst

LÖGREGLUMÁL „Þetta er mesta magn fíkniefna sem við höfum lagt hald á í einni aðgerð,“ segir Stefán Vagn Stefánsson, yfirlögregluþjónn á Sauðárkróki eftir húsleit sem lögreglan gerði í húsi á Sauðárkróki á laugardag.

Hann vill ekki gefa upp hversu mikið magn af fíkniefnum um er að ræða, eða tegund fíkniefnanna, þar sem málið er enn í rannsókn. Kona sem býr í húsinu var handtekin og hefur hún verið úrskurðuð í gæsluvarðhald til 25. september. Í kjölfar húsleitarinnar á Sauðárkróki gerði lögreglan leit í húsi á höfuðborgarsvæðinu þar sem einnig fundust fíkniefni auk vopna. - ovd

Hamprækt á Íslandi með allra besta móti

Hamprækt gengur betur í Eyjafirði en annars staðar á landinu. Uppskeran hefur verið góð og sýnir að jurtin þrífst vel hérlendis, segir bóndi sem hefur stofnað fyrirtækið Hamp-Tech. Prófa á að vinna etanól og spæni úr uppskerunni.

LANDBÚANAÐUR Hamprækt á Íslandi gengur vel. Góð uppskera í Eyjafirði sýnir að jurtin þrífst vel hérlendis og er næsta skref að ákveða og afla þekkingar á vinnsluaðferðum á henni. Margt er í boði að sögn Sveins Elíasar Jónssonar, bónda og athafnamanns á Árskógsströnd sem kenndur er við bæinn Kálfskinn, en Sveinn er einn þriggja sem hafa stofnað fyrirtækið Hamp-Tech og stendur að ræktun plöntunar hér á landi.

Fréttablaðið sagði frá því í vor að athafnamaðurinn Sveinn, sem orðinn er hálfáttræður, hefði fengið leyfi til að flytja inn nokkrar tegundir fræja af hampplöntunni. Hann tók þó skýrt fram að þær plöntur sem hann hefði hug á að sjá vaxa upp tengdust alræmdasta afbrigði plöntunnar ekki hið minnsta, það er að segja þeirri sem notuð er til að framleiða vímuefni af kannabistegund.

Þegar fræin komu hingað til lands var þeim svo sáð í moldu í Skagafirði, Eyjafirði, Hvanneyri, Gunnarsholti og undir Eyjafjöllum. Eins og sést á meðfylgjandi myndum gekk ræktunin sérlega vel í Eyjafirði en Sveinn segir að á Möðruvöllum hafi fyrst verið hægt að sá auk þess sem þar hafi vöxturinn verið bestur.

Sveinn segir mikilvægt að vera vakandi fyrir þeim möguleikum sem landið okkar býður upp á í landbúnaði og þeim tækifærum sem hlýnandi veður á norðurslóðum skapar. Ekki síst núna þegar aðföng hafa hækkað mikið í verði. Úr hampi megi meðal annars búa til fatnað, pappír, trefjaplast, eldsneyti, fóður og lyf. Úr þessari fyrstu hampuppskeru hér á landi standi til að prófa að vinna etanól, spæni, arinkubba og fóðurblöndu. Nú þurfi að efla samstarf við vísindafólk áður en stefnan á framleiðslu verður mörkuð frekar.

MIKIL SPRETTA Eins og sést á myndunum hafa plönturnar vaxið þeim Sveini á Kálfskinni og Ólafi Eggertssyni, stórbónda á Þorvaldseyri undir Eyjafjöllum, yfir höfuð en með þeim á myndinni er félagi þeirra Eiríkur Sveinn.

HAMPUR Margir möguleikar felast í hamprækt bæði fyrir landbúnað og lyfjaiðnað.

„Það hefur mikið verið spurt um þetta og mikill spenningur er í fólki,“ segir Sveinn og nefnir sem dæmi um áhugaverð verkefni að Kanadamenn séu byrjaðir að nota hampolíu í framleiðslu á krabbameinslyfjum. Þá séu Svíar komnir framarlega í vinnsluaðferðum á hampi.

Þá segir Sveinn mikils virði að vísindamenn við Háskólann á Akureyri hafa mikinn áhuga á framleiðslunni. „Það veitir ekki af því að fá slíka menn til liðs við sig ekki státar maður af mörgum gráðum sjálfur,“ segir athafnamaðurinn Sveinn á Kálfskinni að lokum. karen@frettabladid.is

SIGUR Sigur Bandaríkjanna var sannfærandi og sigurvíman ósvikin. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Ryder-bikarinn 2008:

Öruggur sigur Bandaríkjanna

GOLF Bandaríkin tryggðu sér Ryder-bikarinn í golfi í gær með því að sigra Evrópuliðið með 16,5 vinningum gegn 11,5.

Þegar síðasti keppnisdagur hófst höfðu Bandaríkin forystu, 9-7. Evrópuliðið þurfti fjórtán vinninga til að halda bikarnum sem það hafði unnið þrjú skipti á undan. Það tókst hins vegar ekki því Bandaríkjamenn fengu 7,5 vinninga gegn 5,5 á lokadeginum.

Bandaríkjamenn hömpuðu Ryder-bikarnum síðast árið 1999. - shá

Eldsvoði á næturklúbbi:

43 látnir eftir eldsvoða í Kína

KÍNA, AP Að minnsta kosti 43 létust og tæplega 90 særðust í eldsvoða í næturklúbbi í Kína á laugardagskvöld.

Næturklúbburinn var í borginni Shenzhen í suðurhluta Kína. Tæplega þúsund manns voru á staðnum þegar eldurinn braust út.

Talið er að eldurinn hafi kviknað út frá flugeldum sem kveikt hafi verið í á sviði staðarins. - þeb

FLUGFÉLAG ÍSLANDS
flugfelag.is
Skráðu þig í Netklúbbinn
Félagar í Netklúbbnum fá fyrstir upplýsingar um tilboð og nýjungar í tölvupósti.
Alltaf ódýrast á netinu
www.flugfelag.is

Fjármálaráðherra Bandaríkjanna segir liggja á stofnun 700 milljarða dollara sjóðs:

Bandaríkjaþing bregðist hratt við

BANDARÍKIN, AP Fjármálaráðherra Bandaríkjanna, Henry Paulson, hvatti í gær bandaríska þingið til þess að samþykkja með hraði áætlun Bandaríkjastjórnar um stofnun 700 milljarða dollara sjóðs. Sjóðurinn er ætlaður til þess að kaupa upp skuldir banka og fjármálastofnana. Þá ætlar ríkisstjórnin að tryggja fé til nýrra húsnæðislána.

Paulson hvatti jafnframt önnur ríki til þess að grípa til svipaðra aðgerða. Hann kom fram í fjölda sjónvarpsþátta í Bandaríkjunum á laugardag þar sem hann ræddi þessi mál. Um helgina fundaði hann einnig með forystumönnum í báðum deildum bandaríska þingsins og er stefnt að því að samkomulag um aðgerðirnar verði afgreitt á næstu dögum.

Samkvæmt tillögunni munu fjármálastofnanir með umtalsverða starfsemi í Bandaríkjunum geta selt skuldir til sjóðsins. Lítið hefur verið gefið upp um tillöguna, að öðru leyti en hversu mikið er áætlað að sjóðurinn kosti og hverjir muni geta nýtt sér hann.

Tilkoma sjóðsins yrði stærsta inngrip bandarískra stjórnvalda á fjármálamarkaði frá kreppunni miklu árið 1929. - þeb

FJÁRMÁLARÁÐHERRANN Henry Paulson ásamt forsetanum George Bush, sem hefur varið tillögu um 700 milljarða sjóð. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Tveir nýir hjá Nova!

Þú borgar 2.000 kr. á mánuði í 12 mánuði fyrir farsímann og honum fylgir 2.000 kr. símnotkun á mánuði í 12 mánuði – hljómar vel ekki satt. Skiptu núna!

0 kr. Nova í Nova

Símtöl, myndsímtöl, SMS og MMS milli viðskiptavina Nova kosta ekki krónu!

Sony Ericsson G502

útborgun

0 kr.

Afborgun 2.000 kr. á mán.
2.000 kr. notkun fylgir!

Fullt verð 24.000 kr.

Nokia 5320 ExpressMusic

útborgun

4.900 kr.

Afborgun 2.000 kr. á mán.
2.000 kr. notkun fylgir!

Fullt verð 28.900 kr.

Stærsti skemmtistaður í heimi!

NOVA

Verslanir Kringlunni, Smáralind, Bankastræti og Lágmúla | Þjónustuver 519 1919 | **www.nova.is**

Greiðslumáti: Mánaðarleg 2.000 kr. afborgun í 12 mánuði greidd með kreditkorti. Greiðsludreifingargjald 150 kr./mán. Fullt verð - Þá þarf ekki kreditkort.

DAGUR & STEINI

GENGIÐ 19.09.2008

GJALDMIÐLAR	KAUP	SALA
Bandaríkjadalur	92,44	92,88
Sterlingspund	166,13	166,93
Evra	131,29	132,03
Dönsk króna	17,594	17,696
Norsk króna	15,882	15,976
Sænsk króna	13,742	13,822
Japanskt jen	0,8597	0,8647
SDR	143,01	143,87

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
173,0016

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Samtök atvinnulífsins bíða eftir afstöðu aðildarfélaga sinna til upptöku evrunnar:

Stöðugt brýnna að málið klárist

EFNAHAGSMÁL Átta aðildarfélög Samtaka atvinnulífsins, SA, hafa haft til umfjöllunar mögulega aðildarumsókn Íslands að Evrópusambandinu, ESB, og hugsanlega upptöku evru, með eða án aðildar, frá því í fyrrahaust þegar SA bað aðildarfélögin bréflega um að fara í þessa vinnu.

Afar misjafnt er hversu langt félögin eru komin, en stefnt er að því að þau hafi öll mótað afstöðu sína á næstu vikum eða mánuðum.

„Menn eru að spá í þetta frá öllum hliðum," byrjar Vilhjálmur Egilsson, framkvæmdastjóri SA.

„Það má segja að tilefni hafi verið fyrir hendi þegar ákveðið var að fara í þessa vinnu og þetta tilefni hefur ekki minnkað. Ég held að það verði stöðugt brýnna að málið klárist," segir hann.

> Menn hafa aldrei talað um evruna í því ljósi að það væri komið nálægt því að taka ákvörðun.
>
> **VILHJÁLMUR EGILSSON**
> FRAMKVÆMDASTJÓRI SAMTAKA ATVINNULÍFSINS

„Þetta hefur mikið verið skoðað en umræðan hefur ekki verið á þeim nótum að taka ákvörðun um stuðning eða ekki stuðning. Menn hafa aldrei talað um evruna í því ljósi að það væri komið nálægt því að taka ákvörðun," segir hann og bendir á að aðildarfélögin þurfi nú að komast að niðurstöðu. „Þetta er ferli sem hefur verið lengi í gangi og byrjaði fyrir alvöru fyrir ári síðan.

Menn búa við þetta vandamál sem er peningastefnan og miklar gengissveiflur á krónunni.

Krónan er nú lægri en nokkru sinni fyrr og verðbólgan meiri en fyrir þjóðarsátt og samt erum vextirnir sem atvinnulífið býr við himinháir. Það er þessi staða sem gerir það að verkum að menn leita annarra leiða."

- ghs, shá

EHUD OLMERT Hefur sagt af sér embætti sem forsætisráðherra Ísraels.
FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Forsætisráðherra Ísraels:

Olmert segir formlega af sér

ÍSRAEL, AP Ehud Olmert hefur formlega sagt af sér sem forsætisráðherra Ísraels. Hann afhenti Shimon Peres forseta bréf þess efnis í gær.

Olmert mun gegna embætti þangað til að ný ríkisstjórn hefur verið mynduð. Efirmaður hans sem formaður Kadima-flokksins, utanríkisráðherrann Tzipi Livni, mun hafa sex vikur til þess að reyna að mynda ríkisstjórn. Hún hófst handa við það fyrr í vikunni, eftir að hún hafði sigrað í leiðtogakjöri flokksins.

Olmert neyddist til þess að segja af sér vegna spillingarmála, en hann hefur neitað að hafa brotið af sér.

- þeb

LÖGREGLUFRÉTTIR

Sparkaði í gegnum rúðu

Karlmaður á tvítugsaldri var fluttur á slysadeild eftir að hann skarst á síðu og fæti þegar hann sparkaði í gegnum rúðu í heimahúsi á Selfossi í fyrrinótt. Maðurinn hafði átt í átökum við menn sem sátu við drykkju í húsinu og var lögreglan á Selfossi kölluð að húsinu til að skakka leikinn.

Eftirlit með gæsaskyttum

Lögreglan á Hvolsvelli hefur undanfarna daga haft í nógu að snúast við eftirlit með gæsaskyttum í umdæmi sínu. Byssuleyfi, byssur og veiðikort eru meðal þess sem lögreglan hefur skoðað hjá veiðimönnunum.

Styttist í ákvörðun um evru

Samtök atvinnulífsins bíða eftir afstöðu aðildarfélaga til evrunnar. Sum þegar hafa fyrir löngu gert upp hug sinn. Önnur virðast eiga langt í land. Öll virðast þau þó stefna að niðurstöðu fyrir áramót.

Samtök iðnaðarins:

Stefna liggur fyrir

„Við höfum bara staðfest að við teljum að það sé skynsamlegt að ganga í Evrópusambandið og taka upp evru.

Sú stefna er óbreytt hjá okkur," segir Jón Steindór Valdimarsson, framkvæmdastjóri Samtaka iðnaðarins.

„Við höfum sagt að menn eiga að undirbúa aðildarviðræður með það að markmiði að ganga í Evrópusambandið og taka upp evru sem allra fyrst. Við teljum að það sé ekki eftir neinu að bíða," segir Jón Steindór og hafnar því að innganga í ESB geti leyst efnahagsvandann sem Íslendingar eigi við að stríða.

Samtök fjármálafyrirtækja:

Ólík sjónarmið

Halldór Jón Kristjánsson, formaður Samtaka fjármálafyrirtækja, segir Evrópu- og evrumálin ekki fullrædd á

vettvangi fjármálafyrirtækja og „ólík sjónarmið uppi". „Við erum eins og aðrir að ræða þessi mál þannig að ég vil engu spá. Það kemur bara þegar það kemur," segir hann. „Við munum reyna að setja fram sjónarmið okkar þegar þörf verður á og að því marki og inn í það samhengi sem kallað verður eftir, en það er ekki orðið ljóst núna. Ég vil ekki segja meira um þetta. Ég vil að félagsmenn og stjórn geti rætt þetta mál betur."

Samtök fiskvinnslustöðva:

Afstaða í mótun

Arnar Sigurmundsson, formaður Samtaka fiskvinnslustöðva, SF, segir að afstaða SF til upptöku evru verði

rædd á aðalfundi um næstu helgi. Ekki sé von á niðurstöðu fyrr en í desember.

„Á síðasta stjórnarfundi kom fram að á næstu vikum myndi afstaða aðildarsamtaka SA skýrast. Við erum að skoða þessa stöðu og reiknum með niðurstöðu fyrir áramót," segir hann og minnir á að SA hafi ekki samþykkt að mæla með upptöku evru án inngöngu í ESB.

SVÞ:

Viljum viðræður

Hrund Rudolfsdóttir, formaður SVÞ, segir að samtökin hafi komist að þeirri niðurstöðu að opna aðildarviðræður að ESB. Hún

segir að samtökin hafi komist að þeirri niðurstöðu í sumar.

„Við erum ekki endilega að segja að við viljum fara í ESB en við viljum fara í viðræður og sjá hvert þær leiða okkur," segir hún og bendir á að í sumar hafi einhliða upptaka evru verið slegin út af borðinu.

„Framkvæmdastjóri ESB sagði að upptaka evru gæti aldrei gengið upp. En við værum auðvitað til í að skoða það."

Landssamband útvegsmanna:

Kostir og gallar

„Við höfðum þetta mál í vinnslu áður en okkur barst bréf SA og erum að skoða hvaða kostir og gallar eru varð-

andi upptöku evrunnar," segir Björgólfur Jóhannsson, stjórnarformaður LÍÚ. „Ég á ekki von á afdráttarlausri niðurstöðu úr þessari vinnu." Aðalfundur LÍÚ verður haldinn í október. „Þá verður farið yfir þá vinnu sem sérfræðingar eru að vinna fyrir okkar hönd. En ég tek fram að afstaða LÍÚ er ekki komin fram og við ætlum að spara stóru orðin þangað til niðurstaða okkar sérfræðinga liggur fyrir."

Samorka:

Þeim stóru sama

„Nei, Samorka hefur ekki ályktað um það hvort kanna skuli möguleika á að taka upp evru. Það skal hins vegar

ítrekað að þrjú stærstu orkufyrirtækin, Landsvirkjun, Hitaveita Suðurnesja og Orkuveita Reykjavíkur, hafa mikið af sínum tekjum í erlendum gjaldmiðli og er þess vegna nokkuð sama um krónuna held ég," segir Franz Árnason, stjórnarformaður Samorku.

Franz segir að samtökin muni ræða þetta á næstu mánuðum innan stjórnar og við félagsmenn samtakanna.

Samtök ferðaþjónustunnar:

Félagsmenn móta afstöðuna

„Það var ályktað á aðalfundi SAF í vor að þar sem sýnt þætti að ekki væri hægt að taka upp evru einhliða yrði þetta starfsár notað til að kanna kosti og galla aðildar að Evrópusambandinu," segir Árni Gunnarsson, stjórnarformaður SAF. „Sú vinna er í gangi og í október munum við halda ráðstefnu um þessi mál. Í framhaldinu verður gerð skoðanakönnun meðal félagsmanna og þannig verður afstaða félagsins mótuð til þessara mála."

Samtök í raf- og tölvuiðnaði:

Rætt óformlega

„Nei, það hefur ekki verið tekin formleg afstaða til þessa erindis SA

en á stjórnarfundi í október verður þetta tekið til umfjöllunar. Hingað til hefur þetta verið rætt óformlega," segir Jens Pétur Jóhannsson, stjórnarformaður SART.

Jens segir að innan samtakanna séu afar skiptar skoðanir um upptöku evru og erfitt að meta hvernig landið liggi. Jens veit ekki hvenær niðurstöðu er að vænta en í byrjun desember verði stjórnarfundur hjá SA og þá geti málin tekið að skýrast.

VEÐURSPÁ

Sigurður Þ. Ragnarsson
Veðurfræðingur

LÆGIR Á MORGUN
Almennt er nokkuð vindasamt á landinu í dag, líkt og verið hefur síðustu daga. Á morgun lægir hins vegar um allt land þó að greina megi strekkingsvind úti fyrir norðurströndinni. Á miðvikudag hvessir svo að nýju með vaxandi sunnanátt og rigningu og síðar skúrum.



HEIMURINN

Kaupmannahöfn	17°
Billund	17°
Ósló	11°
Stokkhólmur	14°
Gautaborg	16°
London	18°
París	19°
Frankfurt	16°
Friedrichshafen	13°
Berlín	15°
Alicante	29°
Mallorca	26°
Basel	16°
Eindhoven	18°
Las Palmas	26°
New York	22°
Orlando	29°
San Francisco	17°

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

ER EKKI KOMINN TÍMI TIL AÐ **LÆKKA** SÍMREIKNINGINN?

Þú þarft ekki að sætta þig við að fá hærri símreikning um næstu mánaðamót!
Með einu símtali getur þú lækkað símreikninginn um allt að 63%. Hringdu í 1817 eða farðu á tal.is – við munum sjá til þess að þú fáir lægri símreikning um næstu mánaðamót. Þú þarft ekki einu sinni að skipta um símanúmer.

VERÐSAMANBURÐUR

ÞJÓNUSTULEIÐIR	TAL	SÍMINN	VODAFONE
1 Mb Net, heimasími og GSM	**3.990 kr.**	6.495 kr. **+63%**	5.632 kr. **+41%**
4 Mb Net,* heimasími og GSM	**4.990 kr.**	7.495 kr. **+50%**	6.781 kr. **+36%**
8 Mb Net, heimasími og GSM	**5.990 kr.**	8.495 kr. **+42%**	7.929 kr. **+32%**
12 Mb Net, heimasími og GSM	**6.990 kr.**	8.995 kr. **+29%**	9.005 kr. **+29%**

* m.v. 2 Mb Net hjá Símanum og 6 Mb Net hjá Vodafone, hvoru tveggja takmarkað niðurhal.

ATH. Innifalið í heimasímum frá Tali og Vodafone eru ótakmörkuð símtöl í alla aðra heimasíma innanlands (0 kr. mínútan). Þú þarft að vera í Og1 hjá Vodafone til að fá þessi kjör á heimasíma.

GOTT FÓLK

www.tal.is | Síðumúla 32, 108 Reykjavík | Þjónustuver 1817 | Skrifstofa 445 1600 | tal@tal.is

KJÖRKASSINN



Bregður þér við fréttir af hryðjuverkaárásum?

Já	47,5%
Nei	52,5%

SPURNING DAGSINS Í DAG

Telur þú að Keflvíkingar verði Íslandsmeistarar í knattspyrnu karla?

Segðu þína skoðun á vísir.is

Bæjarstjórn Akraness sendir Umhverfisstofnun tillögur um Sementsverksmiðjuna:

Sementsverksmiðjan má ekki brenna kjötúrgangi

UMVHERFISMÁL Bæjarstjórn Akraness vill miklar breytingar á núverandi umsókn Sementsverksmiðjunnar um starfsleyfi áður en Umhverfisstofnun samþykkir nýtt leyfi.

Hið fyrirhugaða starfsleyfi mætti mikilli andstöðu á Akranesi. Sérstaklega var gagnrýnt að í raun yrði starfrækt sorpbrennsla í Sementsverksmiðjunni sem óskar eftir að fá að nýta aðra orkugjafa en kol við vinnslu sína.

Meðal þess sem bæjarstjórnin vill er að skýrt komi fram í starfsleyfinu að ekki sé um að ræða brennslu á úrgangi heldur muni eldsneyti sem unnið sé úr úrgangi utan verksmiðjunnar leysa kol af hólmi að hluta til. Gerð er krafa um að brennsla beinamjöls og kjötmjöls og annars lífræns úrgangs verði felld út úr leyfinu. Einnig um að eldsneyti í föstu formi sé flutt á staðinn í rykþéttum vögnum.

Bæjarstjórnin vill sömuleiðis að úrgangur sem nota á sem eldsneyti sé ekki forunninn á verksmiðjusvæðinu.

Þá eru gerðar kröfur um hærri hita í gjallofni og um hámarksgildi rokgjarnra lífrænna efna og díoxíns í útblásturlofti frá ofninum auk ýmissa mælinga sem fari fram tíðar en nú er gert ráð fyrir.

- gar

SEMENTSVERKSMIÐJAN Akurnesingar vilja ekki að Umhverfisstofnun samþykki nýtt starfsleyfi fyrir Sementsverksmiðjuna að óbreyttu. MYND/HÖRÐUR

Mistókst að skapa 50 störf á Ísafirði

Ísafjarðarbær íhugar að segja upp samningi við ráðgjafarfyrirtæki en markmiðið var að skapa fimmtíu ný störf. Minnihlutinn gagnrýnir bæjarstjórann fyrir ummæli um verkefnið, sem kostar tæpar 1,3 milljónir á mánuði.

SVEITARSTJÓRNARMÁL Samningur sem Ísafjarðabær gerði við ráðgjafarfyrirtækið Alsýn sem meðal annars átti að fela í sér fimmtíu ný störf í sveitarfélaginu gæti verið í uppnámi. Halldór Halldórsson bæjarstjóri hefur lýst yfir vonbrigðum sínum með framgang verkefnisins.

Atvinnumálanefnd Ísafjarðarbæjar hefur lokið endurskoðun á samningnum, sem undirritaður var í október í fyrra. Ekki verður greint frá niðurstöðum hennar fyrr en þær hafa verið kynntar bæjarráði í dag.

Samningurinn er til tveggja ára með endurskoðunarákvæði eftir níu mánuði sem nú hafa runnið sitt skeið.

„Við vorum að gera okkur ákveðnar vonir og gerðum miklar kröfur í samræmi við töluvert háar greiðslur til fyrirtækisins og það hefur ekki gengið eftir," segir Halldór. „Það er kannski engum að kenna heldur hefur verkefnið ekki heppnast." Samtals greiðir Ísafjarðarbær Alsýn tæpar 1,3 milljónir á mánuði samkvæmt samningnum. Miðað við þær greiðslur og að hann sé til tveggja ára þýðir að samtals hljóði hann upp á rúmar 31 milljón.

Guðmundur Þór Kristjánsson, fulltrúi í atvinnumálanefnd, gagnrýndi Halldór á bb.is vegna ummæla sem höfð eru eftir þeim síðarnefnda á sama fréttamiðli. Þar segir hann að verkefnið hafi engan veginn gengið eftir. Guðmundur segir að ummæli bæjarstjórans hafi breytt afstöðu fulltrúa minnihlutans í nefndinni og þau séu „freklegt inngrip í störf atvinnumálanefndar og móðgun við nefndina og formann hennar," eins og segir á bb.is.

„Auðvitað hlýtur verkefnið að hafa heppnast jafn vel eða illa án tillits til þess hvaða skoðun ég hef á því," segir Halldór. „Hins vegar tek ég þessari gagnrýni þannig að það hafi verið ótímabært af minni hálfu að tjá mig um þetta þar sem nefndin hafi verið að vinna í málinu. Það er alveg skiljanlegt sjónarmið en hugsun mín var alls ekki sú að segja nefndinni fyrir verkum."

jse@frettabladid.is

FRÁ ÍSAFIRÐI Verkefni sem miðar að því að skapa fimmtíu störf á Ísafirði hefur ekki gengið eftir og því er óvíst um framhaldið. Ísafjarðarbær greiðir ráðgjafarfyrirtæki tæpar 1,3 milljónir samkvæmt samningi.

HALLDÓR HALLDÓRSSON

Helga Kress kaupir kartöflur:

Skandall á ári kartöflunnar!

Helga Kress segir farir sínar holóttar vegna viðskipta við fiskbúðina Fiskisögu við Ægisíðu. Hún skrifar: *„Þar varð mér á að kaupa eitt kíló af nýuppteknum Hornafjarðarkartöflum. Mér fannst pokinn nokkuð dýr, kr. 420. Í Hagkaupum á Eiðistorgi blasti aðeins síðar við mér nákvæmlega sami poki á kr. 196. Ég fór aftur í Fiskisögu til að fá leiðréttingu, datt ekki annað í hug en pokinn hefði óvart verið stimplaður inn sem tveggja kílóa poki. En það var nú eitthvað annað.*

Verðið á einu kílói af þessum kartöflum kostar virkilega í Fiskisögu kr. 420. Afgreiðslumaðurinn sagðist vel vita að sami poki kostaði kr. 196 í Hagkaupum, en það væru aðrir sem réðu. Það væri gaman að fá skýringu á þessum mikla verðmun, á hvaða verði Fiskisaga kaupir kartöflurnar og hvernig megi réttlæta álagninguna.

Birgir Ásgeirsson, rekstrarstjóri Fiskisögu, svarar: *„Vegna mistaka var útsöluverðið á kartöflunum ranglega slegið inn í sölukerfi okkar. Við fengum ábendingu um þetta fyrir stuttu og var verðinu breytt um leið. Við erum að stórbæta vöruúrval í öllum verslunum okkar og því er mikill innsláttur í gangi þar sem svona mistök geta átt sér stað. Hið rétta útsöluverð okkar er 195 kr. fyrir eitt kg og 360 kr. fyrir tvö. Um leið og við biðjumst velvirðingar á þessum mistökum fagna ég öllum ábendingum sem viðskiptavinir okkar koma með."*

Fiskisaga hlýtur nú með glöðu geði að endurgreiða öllum þeim sem keyptu kartöflurnar á vitlausu verði mismuninn.

HOLLAR OG GÓÐAR En stundum á vitlausu verði.

Sendið umboðsmanni neytenda ábendingar eða sparnaðarráð á neytendur@frettabladid.is

sumarferdir.is

TENERIFE
enjoy it all

Tenerife í allan vetur

Tenerife er paradís, þekkt fyrir einstakt náttúrufar sitt, veðursæld og hreinleika -allt árið um kring. Besta verðið bókast fyrst!

frá 59.174 kr.

Verð á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn í 7 daga

JÓNSSON & LE'MACKS • jl.is

SUMAR FERÐIR

...eru betri en aðrar

VEISTU SVARIÐ?



1. *Hvað veldur bílasölum miklum erfiðleikum?*
2. *Eftir hverju eru múslimar langeygir?*
3. *Hvað á þátttaka Íslands í heimssýningunni í Sjanghæ árið 2010 að kosta?*

SVÖRIN ERU Á SÍÐU 30

Eins árs Okursíða dr. Gunna hefur slegið í gegn hjá okurpíndri þjóð:

Byrjaði með einni lítilli kók

NEYTENDUR „Þetta byrjaði með einni lítilli kók sem kostaði 350 kall," segir Gunnar Hjálmarsson, betur þekktur sem dr. Gunni sem í gær fagnaði eins árs afmæli Okursíðunnar.

Á síðunni hefur neytendum boðist að senda dr. Gunna ábendingar um okurverð á vörum og eða þjónustu. „Ég hélt að þetta myndi gufa upp á viku en þetta hitti í mark hjá okurpíndri þjóð," segir dr. Gunni en á síðunni eru nú tiltekin 1.220 okurdæmi.

Í færslu á síðunni í tilefni af afmælinu tilkynnir hann að Okursíðan fari jafnvel að færa út kvíarnar í bættu formi. „Þetta yrði meira „átómatískt" og síðan meira í stíl við gestabók en núna er þetta dálítil handavinna fyrir mig," útskýrir dr. Gunni. Hann ætlar sér þó að hafa aðgengi að síðunni svo hann geti tekið út ósiðsamlegar færslur og vonast hann til að nýja útfærslan verði tilbúin á næstunni.

Hann segir að öll athyglin, sem síðan hefur fengið hafi hjálpað helling og í kjölfar fjölmiðlaumfjöllunar komi alltaf stórir skaflar af okurtilkynningum.

Í tilefni af afmælinu birtir dr. Gunni lista yfir „topp 10 - vondu gæjana og topp 10 - góðu gæjana." Slóð á Okursíðu dr. Gunna er: eyjan.is/goto/drgunni/ - ovd

ÍSLENSKU NEYTENDAVERÐLAUNIN Dr. Gunni tekur við íslensku neytendaverðlaununum úr hendi Björgvins G. Sigurðssonar, viðskiptaráðherra 14. maí síðastliðinn. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

TOPP 10 - VONDU GÆJARNIR

1. 10/11 og aðrar „klukkubúðir".
2. Lyfja, Lyf og heilsa og fl. apótek.
3. Byko og Húsasmiðjan.
4. Icelandair.
5. Leifsstöð.
6. Apple á Íslandi.
7. Krónan.
8. Te & Kaffi / Kaffitár.
9. Sambíóin.
10. BT.

TOPP 10 - GÓÐU GÆJARNIR

1. Santa María, Laugavegi.
2. Lyfjaver.
3. Dússa-Bar, Borgarnesi.
4. Tjöruhúsið, Ísafirði.
5. Símabær.
6. Hraunberg söluturn.
7. Ikea.
8. Tölvuvirkni.
9. Fiskbúðin Hafberg.
10. Bónus.

Evra á Íslandi
Hvort - hvernig - hvenær?

23. september kl. 12:00-15:10 í Þjóðmenningarhúsinu.
Ráðstefna á vegum Háskólans í Reykjavík, Háskólans á Bifröst og Viðskiptaráðuneytisins.

Dagskrá

11:30 **Skráning og léttur hádegisverður.**

12:00 **Björgvin G. Sigurðsson** viðskiptaráðherra, setur ráðstefnuna.

12:10 **The legal possibilities for adopting the Euro under European law.**
Peter Dyrberg, Evrópuréttarstofnun HR.

12:50 **Er sjálfkrafa evruvæðing farin af stað?**
Eiríkur Bergmann Einarsson, Evrópufræðasetur, Bifröst.

13:30 **Kaffihlé**

13:50 **Evruvæðing og fjármálastöðugleiki.**
Friðrik Már Baldursson, Rannsóknarstofnun í fjármálum, HR.

14:30 **Áhrif fjölmyntarsamfélagsins á vörumarkað.**
Emil B. Karlsson, Rannsóknarsetur verslunarinnar, Bifröst.

15:10 **Ráðstefnuslit.**
Ráðstefnustjóri er Kristín Pétursdóttir, forstjóri Auðar Capital.

Tekið er við skráningum á skraning@ru.is

HÁSKÓLINN Á BIFRÖST BIFRÖST UNIVERSITY
VIÐSKIPTARÁÐUNEYTIÐ
HÁSKÓLINN Í REYKJAVÍK REYKJAVÍK UNIVERSITY

Auglýsingasími
512 50 50

– Mest lesið



HEFUR EKKI UPPLÝSINGAR „Fari barnið á milli tveggja heimila þá hefur annað heimilið ekki aðgang að upplýsingum um til dæmis heimalærdóm," segir Valgerður Halldórsdóttir félagsráðgjafi.

Forsjárlausir foreldrar fá oft lítið að vita

Forsjárforeldrar eiga rétt á upplýsingum frá skóla. Skólar veita hins vegar ekki alltaf báðum foreldrum upplýsingar. Lögin gera ráð fyrir einu heimili og taka ekki mið af margbreytileika fjölskyldugerða.

SAMFÉLAGSMÁL Báðir forsjárforeldrar eiga rétt á upplýsingum um barn sitt frá skólanum. Sumir skólar virðast fela lögheimilisforeldri vald til að ákveða hvort hitt kynforeldrið fái upplýsingar og gera hinu foreldrinu því erfitt fyrir að sinna hagsmunagæslu og skyldum sínum sem foreldri. Þetta segir Valgerður Halldórsdóttir félagsráðgjafi en hún flutti erindi um upplýsingagjöf skóla á menntaþingi fyrir skömmu.

Valgerður bendir á að eitt af markmiðum nýju grunnskólalaganna sé að auka þátttöku foreldra í skólastarfi og tryggja tengsl þeirra og samstarf við stjórnendur skóla og skólasamfélagið almennt. Samkvæmt lögum séu foreldrar þeir sem fari með forsjá barns í skilningi barnalaga. Lögin skilgreini hins vegar foreldra aðeins þá sem fara með forsjá og tala bara um eitt heimili þótt börnin eigi tvö. Oft komi þetta niður á feðrunum.

„Meðlag er greitt með 15 þúsund börnum í landinu en ekki er gert ráð fyrir samvinnu við tvö heimili. Lögin eru því lítið í takt við samtímann. Við setjum lög þar sem ekki er tekið tillit til margbreytileika fjölskyldugerða," segir hún. „Allt kerfið gengur eingöngu út á að hafa samskipti við forsjárforeldra barns. Fari barnið á milli tveggja heimila þá hefur annað heimilið ekki aðgang að upplýsingum um til dæmis heimalærdóm barnsins."

Skólar virðast fela forsjárforeldri, sem barnið hefur lögheimili hjá, vald og ábyrgð á að upplýsa hitt foreldrið, til dæmis um foreldraviðtöl og heimanám. Skólar hafa oft ekki fullnægjandi upplýsingar um það hvernig forsjá barns er háttað. Vinnureglan er oft sú að lögheimilisforeldri hafi lokaorð um hvort hitt foreldrið óháð forsjá fái aðgang að upplýsingum frá skóla. Lögheimilisforeldið er það foreldri sem setur inn upplýsingar þegar börn eru skráð í skóla og er tilviljunarkennt hvaða upplýsingar fara inn. Það foreldri sem fer með forsjá en barnið á ekki lögheimili hjá þarf að sækjast sérstaklega eftir aðgangi.

Valgerður spyr hvort verið sé að svipta börn rétti til ábyrgðar beggja foreldra þar sem forsjárlaust foreldri sé ekki foreldri samkvæmt lögum og hvort forsjárlausir foreldrar og stjúpforeldrar séu vannýtt auðlind. Hún leggur til að skólinn horfi á báða foreldrana sem jafn mikilvæga í lífi barna, tryggi báðum heimilum upplýsingar og viðurkenni að stjúpfjölskyldan sé hið hefðbundna fjölskylduform hjá mörgum nemendum. ghs@frettabladid.is

50PC51
50” Plasma sjónvarp
Upplausn 1366 x 768
Skerpa 15.000:1
Birtustig 1500 cd/m2
Svartími 0,001 ms

VERÐ 289.900
249.900
TILBOÐ

42LF75
42” Full HD LCD sjónvarp
Upplausn 1920 x 1080
Skerpa 10.000:1
Birtustig 500 cd/m2
Svartími 5 ms
Stafrænn móttakari

VERÐ 249.900
229.900
TILBOÐ

37LT75
37” LCD sjónvarp
Upplausn 1366 x 768
Skerpa 8.000:1
Birtustig 500 cd/m2
Svartími 5 ms
Stafrænn móttakari

VERÐ 229.900
189.900
TILBOÐ

RAFTÆKI Á GÓÐU VERÐI

Cambridge
Heimabíómagnarar,
stereo magnarar og
geislaspilarar

50%
AFSLÁTTUR

AF ÖLLUM HÁTÖLURUM
50%
AFSLÁTTUR

Aego M
hvítir og svartir tölvu-
og ipod hátalarar

40%
AFSLÁTTUR

VERÐ 29.900
17.900
TILBOÐ

59.900

L-1026
Edesa þvottavél
6 kg, 1000 snúninga

FRSU20DAW
Daewoo
hvítur
tvöfaldur
ísskápur
Hæð 179 cm
Breidd 90 cm
Dýpt 73,5cm

189.900

FRSU20DAI
Daewoo
silfurlitaður
tvöfaldur
ísskápur
Hæð 179 cm
Breidd 90 cm
Dýpt 73,5 cm

219.900

VERÐ 39.900
24.900
TILBOÐ

FH40GAVX
Nardi gashelluborð
Breidd 58,5 cm
Dýpt 50 cm

VERÐ 39.900
19.900
TILBOÐ

5CDC60X
Fagor vegghúfur
Breidd 60 cm
650 m3

VERÐ 15.900
12.900
TILBOÐ

KOG63NR
Daewoo
örbylgjuofn m/grilli
19 lítra, 800 wött

RAFTÆKJAVERZLUN ÍSLANDS HF
- ANNO 1929 -
Skútuvogur 1 • Sími 568 8660 • ri@ri.is www.ri.is
Opið: Virka daga kl. 9-18 • Laugardaga 11-16

LG
Lífið er gott

SIGUR Í HÖFN Spænski tennisleikarinn Rafael Nadal fagnaði sigri sínum á Bandaríkjamanninum Andy Roddick innilega í gær. Þeir áttust við í nautaatshring í Madríd.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Segir átök innan Frjálslynda flokksins snúast um megna óánægju með Kristin:

Umræðunni snúið á haus

STJÓRNMÁL „Ég vísa því algerlega á bug að þetta hafi nokkuð með árásir á formanninn að gera eða kynþáttamál," segir Þóra Guðmundsdóttir, formaður kjördæmafélags Frjálslynda flokksins í Reykjavíkurkjördæmi suður og fulltrúi í miðstjórn flokksins um átök innan flokksins.

Hún segir Kristni H. Gunnarssyni þingflokksformanni hafa tekist að snúa umræðunni á haus. Kristinn velji að segja átökin í flokknum vera aðför að formanninum, Guðjóni Arnari Kristjánssyni. „Sem þau eru ekki heldur er þetta megn óánægja með Kristinn sjálfan og hans framgöngu gagnvart flokksfélögum." Hún ételur framkomu Kristins gagnvart almennum flokksmönnum. Sjálf hafi hún ekki átt í neinum útistöðum við Kristin. „Í kjölfar stofnunar kjördæmafélaganna í Reykjavík breyttist hegðun hans gagnvart okkur í Reykjavík. Tilgangur stofnunar félaganna var að efla flokksstarf í Reykjavík en Kristinn túlkar þetta sem aðför gegn sér."

Hún segir halla á hlutföll í flokknum enda komi formaður og þingflokksformaður báðir úr sama kjördæmi. „Það er ekkert launungarmál að okkur finnst eðlilegt að Reykjavík fái meira vægi." - ovd

ÞÓRA GUÐMUNDSDÓTTIR

Sprengingar í Baskalandi:

Tíu særðir eftir bílasprengju

SPÁNN, AP Tíu manns slösuðust þegar öflug bílasprengja sprakk í bænum Ondarroa í Baskalandi á Spáni í gærmorgun.

Sprengjan var sprengd fyrir utan lögreglustöð í bænum og olli talsverðum skemmdum á byggingum. Þrír lögreglumenn og sjö almennir borgarar, þar á meðal fimmtán ára stúlka, slösuðust í sprengingunni.

Önnur sprengja var sprengd nokkrum klukkustundum fyrr í borginni Vitoriu, höfuðborg Baskalands. Þar slasaðist enginn. Lögregla hefur greint frá því að aðskilnaðarsamtökin ETA séu ábyrg fyrir tilræðunum. - þeb

Hálka og krap vegna hagléls:

Útafakstur á Reykjanesbraut

LÖGREGLUMÁL Ökumaður missti stjórn á bíl sínum á Reykjanesbrautinni aðfaranótt sunnudags með þeim afleiðingum að billinn hafnaði á ljósastaur. Nokkurt krap var á veginum þegar slysið varð vegna hagléls fyrr um nóttina.

Þá missti ökumaður stjórn á bíl sínum á Reykjanesbraut í gærmorgun með þeim afleiðingum að bíll hans hafnaði á rafmagnskassa. Engan sakaði í þessum óhöppum en bílarnir eru báðir nokkuð skemmdir auk þess sem ljósastaurinn og rafmagnskassinn eru talsvert skemmdir. - ovd

Ölvunarakstur í Borgarfirði:

Faldi sig fyrir lögreglunni

LÖGREGLUMÁL Lögreglan í Borgarnesi tók mann fyrir akstur undir áhrifum áfengis aðfaranótt sunnudags. Áður hafði lögreglan veitt aksturslagi mannsins eftirtekt þegar hún mætti honum á gatnamótum Skorradalsvegar og Borgarfjarðarbrautar.

Við eftirgrennslan fannst bíll mannsins utan vegar og leikur grunur á að maðurinn hafi ætlað að fela sig fyrir lögreglunni.

Var hann því færður á lögreglustöð til skýrslu- og sýnatöku en sleppt að því loknu. - ovd

Jarðboranir í einokunarstöðu

Forstjóri Orkuveitu harmar að einungis eitt fyrirtæki geti boðið í stór verkefni. Verðlaun voru í boði fyrir þá sem þorðu að bjóða. Ekkert tilboð frá útlöndum, þrátt fyrir auglýsingu á Evrópska efnahagssvæðinu.

IÐNAÐUR „Auðvitað væri æskilegt að það væri samkeppni á þessum markaði, en Jarðboranir eru með þessa einokunarstöðu á íslenskum markaði og ekkert annað fyrirtæki treystir sér til að bjóða í verkin," segir Hjörleifur B. Kvaran, forstjóri Orkuveitunnar (OR). Því hafi margt verið reynt til að fá önnur fyrirtæki til að bjóða í.

Hjörleifur undirritaði á þriðjudag samning við Jarðboranir upp á rúma þrettán milljarða um boranir á Hellisheiði, en þriðjungur samningsins er valkvæður þannig að OR getur kosið að láta bora eftir hentisemi. Tilboðið nam níutíu prósentum kostnaðaáætlunar.

„Það sem bjargaði okkur í þetta skiptið var að Jarðboranir héldu að það kæmi annað tilboð, því Ístak hafði sýnt þessu áhuga," segir Hjörleifur.

Til að auka líkur á samkeppni hafi OR bryddað upp á þeirri nýbreytni að bjóða peningaverðlaun þeim fyrirtækjum sem byðu í verkið, en fengju það ekki. Þetta dugði ekki til, því ekkert fyrirtæki bauð sig fram, þrátt fyrir að auglýst væri á EES-svæðinu.

„Nei, og það kom ekki heldur þegar við buðum út boranir í Djíbútí á dögunum. Ég veit ekki nákvæmlega hvað hindrar erlenda aðila í að sýna þessu áhuga, en dettur í hug að þeir hafi einfaldlega of mikið að gera," segir Hjörleifur, en jarðvarmi er eftirsóttur um þessar mundir. Annað sem komi til greina sé smæð verkanna.

En getur ekki verið að þau séu of stór, þannig að minni innlendir aðilar veigri sér við því að bjóða?

„Ég held að það sé miklu frekar að hafa þau í stærra lagi. Verkefnin þurfa að vera nógu stór til að laða erlendu fyrirtækin til landsins. Og eins ef minni innlendir aðilar þurfa að leigja bora í verkin frá útlöndum, þá er betra að hafa almennilegt verk," segir hann.

En hvað er þá til ráða í framtíðinni?

„Það er góð spurning og við munum skoða það," segir Hjörleifur. Jafnvel gæti komið til greina samstarf við Hitaveitu Suðurnesja og Landsvirkjun, til að stækka útboðin enn.

klemens@frettabladid.is

HJÖRLEIFUR B. KVARAN OG BENT S. EINARSSON FORSTJÓRI JARÐBORANA SKRIFA UNDIR Eins og fram kom í Fréttablaðinu í lok ágúst verða fimmtíu holur boraðar á Hellisheiði fyrir rúma 13 milljarða.

MYND/ORKUVEITAN

SAMSTARFSAÐILAR Í ÁRATUGI

- Jarðboranir voru stofnaðar árið 1945. Fyrirtækið var áður í eigu Reykjavíkurborgar og ríkisins þangað til Atorka keypti það árið 2006.
- Fram að þeim tíma var samstarfið mikið og Guðmundur Þóroddsson, þáverandi forstjóri Orkuveitunnar, var jafnframt stjórnarformaður Jarðborana.
- Í síðasta stóra útboði OR fengu Jarðboranir einnig samninginn, upp á átta milljarða króna. Þá voru Ístak og Íslenskir aðalverktakar með hærra tilboð. Þeir héldu sig fjarri góðu gamni í þetta sinn.
- Vegna nýs samnings um boranir á Hellisheiði þurftu Jarðboranir að gangast undir verkábyrgð sem nemur 10 prósentum af samningsupphæðinni.
- Jarðboranir fá greitt eftir því sem verkinu miðar.
- Samstarf Jarðborana og Orkuveitunnar hefur verið afar gott, að sögn forstjóra Orkuveitu.
- Geysir Green Energy er nú eigandi Jarðborana.

Kínversk stjórnvöld óttast að matvælahneykslið hafi neikvæð áhrif:

Mörg lönd stöðva innflutning

KÍNA Mörg lönd hafa stöðvað innflutning á kínverskum mjólkurvörum eftir að melamín fannst í þurrmjólk fyrir ungbörn og fleiri vörum. Bandaríkjamenn hafa stöðvað innflutning á fiski frá Kína af ótta við að melamín leynist í fiskinum. Í Japan hefur kínverskt sætabrauð verið innkallað.

Kínversk stjórnvöld óttast að hneykslið hafi neikvæð áhrif á útflutning. Yfirmaður matvælafyrirtækis hefur verið dæmdur til dauða fyrir mútur. Forseti Kína ávítaði nýlega embættismenn fyrir vanrækslu í starfi og kínverska ríkisstjórnin lofaði nægum birgðum af ómengaðri þurrmjólk. Ráðist var í aðgerðirnar í kjölfar eins versta matvælahneykslis sem komið hefur upp í landinu.

Fjögur kínversk ungbörn hafa látist, yfir 100 eru hætt komin og tæplega 13 þúsund börn eru veik eftir að hafa drukkið þurrmjólk drýgða með melamíni. Melamín hefur einnig fundist í mjólk, ís og jógúrt. Rannsókn kínverskrar lögreglu stendur yfir. Yfirvöld hafa fundið melamín í um sjötíu mjólkurvörum frá meira en tuttugu framleiðendum. Mesta melamínið hefur fundist í þurrmjólk frá Sanlu. Verslanir hafa tæmt hillur með þurrmjólk og öðrum vörum.

Tæplega 70 af 175 kínverskum þurrmjólkurframleiðendum hafa stöðvað framleiðslu sína og þrír stærstu framleiðendurnir, Yili, Mengniu og Sanlu, hafa dregið framleiðslu sína af markaði. Sænska fyrirtækið Arla, sem hefur verið í samstarfi við Mengniu, hefur ákveðið að hætta framleiðslu í Kína. Í Hong Kong hefur þurrmjólk frá Nestlé verið afturkölluð. Melamín getur leitt til nýrnasteina og þvagvandamála. Skemmdir á nýrum geta leitt til dauða. Í Kína var melamín notað til að vatnsblönduð mjólkin sýndi hærra próteininnihald.

Óskar Ísfeld Sigurðsson, deildarstjóri hjá Reykjavíkurborg, telur að engar líkur séu á melamínmengun í innfluttum vörum á Íslandi.

- ghs

Á SJÚKRAHÚSI Kínverskt foreldri með barnið sitt á sjúkrahúsi eftir að hafa gefið því melamínmengaða þurrmjólk.

MELAMÍN EKKI Á ÍSLANDI

Melamín hefur aldrei fundist í þurrmjólkurdufti á Íslandi. Fyrir meira en tuttugu árum varð hins vegar slys á fæðingardeildinni á Landspítalanum þar sem sjaldgæfur sýkill, sakasaki, fannst í þurrmjólkurdufti fyrir ungbörn. Þegar mjólkin var endurupphituð náði sýkillinn að fjölga sér mikið. Þrjú börn sýktust, eitt barn lést og tvö urðu fyrir skaða. Málið var rannsakað og skaðabætur greiddar.

Erlendir nemar hafa ekki enn fengið fríkort í strætó

Hátt í 400 manna hópur erlendra nema hefur ekki enn fengið nemakort í Strætó þó að mánuður sé liðinn frá því skóli hófst. Ekkert verður endurgreitt þótt nemarnir hafi greitt í strætó í mánuð.

SAMGÖNGUR Erlendir nemar sem eru í framhaldsskóla eða háskóla hér á landi eiga að fá frítt í strætó eins og aðrir nemendur á höfuðborgarsvæðinu nema í Garðabæ. Þeir hafa þó ekki enn fengið frítt í strætó þó að mánuður sé þegar liðinn af skólaárinu og aðrir nemendur hafi þegar fengið nemakort. Talið er að um 300-400 manna hóp sé að ræða.

Reynir Jónsson, framkvæmdastjóri Strætós bs., segir að tæknileg vandamál hafi gert það að verkum að erlendir nemar hafi ekki enn fengið ókeypis í strætó en vonast til að það fari að leysast. Álitamál hafi verið hvort þeir ættu að fá ókeypis þar sem þeir séu hér ýmist um lengri eða skemmri tíma og það hafi tekið sveitarfélögin tíma að ná niðurstöðu. Þau hafi ákveðið að erlendir nemar ættu að fá ókeypis í strætó og nú sé reynt að leysa það tæknilega.

„Allir þeir skiptinemar sem eru skráðir til náms í skólum á framhalds- og háskólastigi og eru með lögheimili eða aðsetur í þessum sveitarfélögum eiga kost á því að fá þessi kort," segir hann.

„Það sem við ekki vissum þegar við vorum að undirbúa málið er að allir útlendingar sem eru með tímabundið dvalarleyfi hér eru á sérstakri þjóðskrá, sem heitir utangarðsskrá, og það hefur því miður tekið mjög langan tíma að fá þessa skrá frá Hagstofunni eða Þjóðskránni og tengja hana því kerfi sem við notum hjá Skýrr. En mér skilst að þetta sé allt á lokasprettinum," segir Reynir.

Einar Kristjánsson, þjónustustjóri hjá Strætó, segir að Strætó hafi keypt aðgang að þjóðskránni og ekki haft hugmynd um að haldin væri sér þjóðskrá fyrir erlenda ríkisborgara, svokallaða utangarðsskrá.

„Þegar við fórum í loftið leið einhver tími þar til við fengum vitneskju um að þetta væri ekki rétt utangarðsskrá," segir hann. Strætó hafi fyrst fengið aðgang að skrá númer tvö og það hafi ekki verið rétt skrá en nú fáist fljótlega aðgangur að skrá þrjú og þá gangi þetta vonandi upp. Verið sé að laga málið. Spurður um það hvort erlendu nemarnir fái endurgreitt fyrir þann tíma sem þeir hafa greitt í strætó á skólaárinu segir Einar að ekki verði um endurgreiðslur að ræða af hálfu Strætós en sveitarfélögin geti tekið ákvörðun um slíkt hvert um sig.

ghs@frettabladid.is

EKKI RÉTTAN AÐGANG Erlendir nemendur eiga að fá frítt í strætó búi þeir á höfuðborgarsvæðinu, að Garðabæ undanskildum. Þeir hafa þó ekki enn fengið nemakort þar sem Strætó hefur ekki fengið aðgang að réttri utangarðsskrá.

EYÐILEGGING Myndbandið sýnir sprenginguna sem varð í Islamabad

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Forseti Pakistans:

Ræðst gegn hryðjuverkum

PAKISTAN, AP **Asif Ali Zardari, forseti Pakistans, ætlar að herða baráttuna gegn hryðjuverkasamtökum í kjölfar sjálfsmorðsárásarinnar sem gerð var á Marriott-hótelið í Islamabad í fyrradag. Að minnsta kosti 53 létust og 300 særðust.**

Björgunarsveitir leita enn í rústum hótelsins og óttast er að fleiri muni finnast látnir.

Innanríkisráðherra Pakistans fékk í gær myndbandsupptöku af árásinni. Þar sést hvar bílstjóri vörubíls keyrir upp að hliði hótelsins. Þar sprengir hann sig í loft upp og skömmu síðar springur bíllinn. - kh

Dagskrá fundarins

Sigurjón Þ. Árnason, bankastjóri, setur fundinn

Öfundsverðar langtímahorfur – Hagspá 2008-2012
Edda Rós Karlsdóttir, forstöðumaður Greiningardeildar,
Kristrún Tinna Gunnarsdóttir, hagfræðingur

Hver er staða íslensku bankanna?
Benedikt Stefánsson, hagfræðingur

Hagstjórn á tímum ótta og óvissu
Lúðvík Elíasson, hagfræðingur

Geta seðlabankar heims afstýrt kreppu?
Yngvi Örn Kristinsson, framkvæmdastjóri Verðbréfasviðs

Fundarstjóri: Edda Rós Karlsdóttir, forstöðumaður Greiningardeildar

Greiningardeild Landsbankans býður til morgunverðarfundar þriðjudaginn 23. september, kl. 8:00 til 10:00, á Hótel Nordica. Á fundinum verður hagspá Landsbankans 2008-2012 kynnt og leitað svara við ýmsum áleitnum spurningum.

- **Af hverju eru horfurnar öfundsverðar?**
- **Þarf ríkið að „bjarga" fjármálakerfinu?**
- **Geta seðlabankar heims afstýrt kreppu?**

Boðið verður upp á morgunverðarhlaðborð frá kl. 7:45. Vinsamlegast skráið þátttöku á **www.landsbanki.is** fyrir klukkan 16.00 í dag, 22. september.

Landsbankinn

ÍSLENSKA SÍA.IS LBI 43671 09/08

OKTÓBERFEST Stúlka í hefðbundnum bæverskum klæðnaði tók þátt í opnunarhátíð Októberfests í München í Þýskalandi á laugardag. Búist er við því að um sex milljónir manna leggi leið sína til borgarinnar á meðan hátíðin stendur yfir. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Landvernd segir farið fram af meira kappi en forsjá við jarðvarmavirkjanir:

Bregðast þarf við mengun frá jarðvarmavirkjunum

NÁTTÚRUVERND Fyrirtæki sem reka jarðvarmavirkjanir þurfa að taka á loftmengun frá virkjununum af meiri festu, segir Bergur Sigurðsson, framkvæmdastjóri Landverndar. Hann segir að hingað til hafi verið farið fram af meira kappi en forsjá.

Sérfræðingar Náttúrufræðistofnunar Íslands fundu nýverið dæmi um verulegar skemmdir á mosa í nágrenni Hellisheiðarvirkjunar og Reykjanesvirkjunar. Talið er að brennisteinsmengun frá virkjununum valdi skemmdunum, þótt það hafi ekki verið staðfest.

„Jarðvarmabransinn er ekki eins grænn og menn vilja meina," segir Bergur. Þar vísar hann til staðbundinnar loftmengunar, auk þess sem gróðurhúsalofttegundir séu losaðar frá jarðvarmavirkjunum. Slík losun er þó mun minni en frá sambærilegum orkuverum sem brenna olíu, kolum eða gasi.

Bergur bendir á að svokallað orkuver sex hafi verið tekið í notkun við Reykjanesvirkjun síðastliðið vor, og mögulega hafi aukin orkuframleiðsla haft þessi áhrif.

Bergur segir tvær lausnir á loftmengun frá jarðvarmavirkjunum. Annars vegar geti fyrirtækin fjárfest í betri mengunarvörnum. Hins vegar mætti skilgreina ákveðið þynningarsvæði í nágrenni slíkra virkjana, og sætta sig við mengun á slíkum svæðum.

- bj

DAUÐUR MOSI Á mynd sem starfsmaður Náttúrufræðistofnunar tók við Reykjanesvirkjun nýverið sést hvernig mosi hefur drepist í nágrenni virkjunarinnar. MYND/SIGURÐUR H. MAGNÚSSON

Þrír handteknir í Nýju-Delí:

Grunaðir um sprengjuárásir

INDLAND Lögreglan í Nýju-Delí hefur handtekið þrjá íslamska vígamenn sem taldir eru viðriðnir sprengjuárásir í borginni í síðustu viku sem varð 21 að bana. Mennirnir þrír voru handteknir seint á laugardagskvöld.

Mennirnir eru taldir tengjast öfgahópi sem hefur verið í tengslum við íslamska stúdentahreyfingu sem var bönnuð árið 2001.

- kh

LÖGREGLUFRÉTTIR

Ók ölvaður í Reykjanesbæ

Lögreglan á Suðurnesjum tók ökumann fyrir ölvunarakstur í Reykjanesbæ í fyrrinótt. Maðurinn var færður á lögreglustöð til skýrslutöku en sleppt að því loknu.

Mikið um ölvunarakstur

Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu tók átta ökumenn fyrir ölvunarakstur í fyrrinótt. Nokkur erill var hjá lögreglunni þá nóttina en engin alvarleg mál komu upp.

Á HEIÐARFJALLI Landeigendur telja að þúsundir tonna af úrgangi með spilliefnum og öðru mannvirkjarusli hafi verið grafnar og skildar eftir þegar ratsjárstöðinni á Heiðarfjalli var lokað árið 1970.

Leynd aflétt og enn stefnt á Heiðarfjalli

Eigendur Eiðis á Langanesi höfða nýtt dómsmál til að freista þess að knýja Bandaríkin til að hreinsa upp mengaðan úrang eftir ratsjárstöð á Heiðarfjalli. Vísa þeir í viðauka við varnarsamninginn sem leynd var yfir þar til í fyrra.

DÓMSMÁL Eigendur jarðarinnar Eiðis á Langanesi ætla aftur að stefna bandarískum stjórnvöldum vegna úrgangs sem skilinn var eftir á Heiðarfjalli þegar ratsjárstöð hersins þar var lokað.

Eigendur Eiðis hafa áður stefnt Bandaríkjunum fyrir íslenska dómstóla en málinu var vísað frá. Eigendurnir vilja að Bandaríkjamenn hreinsi margvíslegan mengaðan úrgang, meðal annars gríðarlegt magn blýrafgeyma og spenna með PCB-olíu, sem þeir segja ógna ferskvatnsbirgðum inni í fjallinu.

Bæði bandarísk og íslensk stjórnvöld hafa vísað öllum kröfum landeigendanna á bug, jafnvel þótt yfirvöld í Þistilfirði hafi tekið undir kröfurnar, nú síðast í bréfi hreppstjóra Langanesbyggðar til sendiherra Bandaríkjanna í febrúar. Í bréfi Langanesbyggðar er vísað til þess að við brottför bandaríska herliðsins frá Íslandi aflétti utanríkisráðuneytið leynd af sérstökum viðauka við varnarsamninginn frá 8. maí 1951. Þar sé skýrt ákvæði um að hernum beri hreinsa til eftir sig eins vel og hægt sé. Það hafi ekki verið gert á Heiðarfjalli og úr því verði að bæta. Bréfi Langanesbyggðar hefur enn ekki verið svarað.

Í drögum að nýrri stefnu eigenda Eiðis er einnig vísað til hins leynda viðauka.

„Með því að leyniskjal þetta hefur verið opinberað þá er orðin breyting og ljóst er orðið að í varnarsamningnum er ákvæði um að Bandaríkin hafi samningsskuldbindingar í þessu máli, sem þau hafa ekki staðið við, en þeim ber að uppfylla," segir í stefnudrögunum og vitnað til áttundu greinar viðaukans frá 1951:

„Eigi er Bandaríkjunum skylt að afhenda Íslandi samningssvæðin við lok samnings þessa í sama ástandi, sem þau voru í, er Bandaríkin fengu þau til afnota. Þó skulu Bandaríkin við brottför af samningssvæðunum, eftir því sem við verður komið, flytja burtu úrgangsefni, eyða þeim eða á annan hátt ganga frá þeim," segir í viðaukanum.

„Einföld staðreynd málsins er sú, að Bandaríkin eru með úrgangsefni í viðvarandi og áframhaldandi geymslu inn á fyrrum samningssvæði, eigninni H-2 á Heiðarfjalli á Langanesi án nokkurs samnings við eigendur og í algjöru heimildarleysi og ólöglega frá upphafi," segir í væntanlegri stefnu.

Eigendur Eiðis eru bræðurnir Björn og Hákon Erlendssynir og bræðurnir Vilhjálmur Auðun, Sigurður og Jón Ársæll Þórðarsynir.

gar@frettabladid.is

Lífeyrisþegar:

Fá hækkun með nýrri reglugerð

FÉLAGSMÁL Öryrkjar, sem hafa lága aldurstengda örorkuuppbót, njóta mests ávinnings vegna reglugerðar sem nýlega hefur verið undirrituð. Áætlað er að tekjur rúmlega 750 örorkulífeyrisþega hækki um 10 þúsund eða meira á mánuði. Hækkunin getur mest numið um 16 þúsund krónum á mánuði.

Reglugerð tryggir lífeyrisþegum ákveðna lágmarksframfærslu og miðast greiðslur við 1. september. Eftir breytinguna hafa lágmarkstekjur lífeyrisþega ekki verið hærri í þrettán ár, samkvæmt tilkynningu frá félags- og tryggingamálaráðuneyti. Samtals munu ríflega 4.000 einstaklingar fá greiðslur á grundvelli reglugerðarinnar, um 2.100 ellilífeyrisþegar og tæplega 1.900 örorkulífeyrisþegar.

- ghs

LÖGREGLUFRÉTTIR

Óku undir áhrifum áfengis

Lögreglan á Selfossi tók tvo ökumenn fyrir akstur undir áhrifum áfengis aðfaranótt sunnudags. Þeir voru færðir á lögreglustöð til skýrslu- og sýnatöku en sleppt að því loknu.

Óku undir áhrifum fíkniefna

Lögreglan á Vestfjörðum tók tvo ökumenn á Ísafirði aðfaranótt sunnudags vegna gruns um að þeir ækju undir áhrifum fíkniefna. Mennirnir voru færðir á lögreglustöð til yfirheyrslu og sýnatöku.

Bílvelta í Mjóafirði

Ökumaður bíls slapp lítið meiddur þegar hann velti bíl sínum í Mjóafirði í Ísafjarðardjúpi um hádegisbil í gær. Maðurinn komst sjálfur út úr bílnum og fékk far hjá vegfaranda til Ísafjarðar. Bíllinn er nokkuð skemmdur.

VIKA SÍMENNTUNAR
22.-28. september 2008
Styrktu stöðu þína!
STARFSMENNTARÁÐ
MENNTAMÁLARÁÐUNEYTIÐ

*Samkvæmt gildandi vaxtatöflu SPRON 21. sept. 2008. Vaxtaaukinn leggst inn á reikninginn um næstu áramót.

EGILL ÞORSTEINSSON KÍRÓPRAKTOR

Í starfi mínu legg ég megináherslu á heilbrigt stoðkerfi, stuðningur frá góðri heilsudýnu gegnir þar mikilvægu hlutverki.

Fyrst og fremst í heilsudýnum

Stillanleg rúm með okkar bestu IQ-CARE heilsuydýnu á góðu verði

Scape Wallhugger - Eitt með öllu

- þráðlaus fjarstýring
- sér stilling fyrir höfuðlag
- nudd
- sleði sem leggst upp að vegg
- afar hljóðlátt og þægilegt í notkun

Scape	Verð
120x200	309.900
160x200	479.900
180x200	499.900
KING SIZE	519.900

IQ-CARE ein allra besta heilsudýna í heimi.

Proflex er mest selda stillanlega rúmið hjá okkkur, enda á góðu verði

Proflex	Verð
160x200	279.900
180x200	299.900

6 mánaða
vaxtalausar greiðslur

Stærstu kírópraktorasamtök heims mæla með
Chiropractic®
Amerísku heilsudýnurnar



Ný sending af vinsælu sængurverasettunum.
Ný teppasett.

SVEFN & HEILSA GEGNIR MIKILVÆGU HLUTVERKI

AKUREYRI

Svefn & heilsa
★★★★★

REYKJAVÍK

Listhúsinu Laugardal, 581 2233 • Óseyri 2, Akureyri, 461 1150
Opið virka daga 10:00 - 18:00 - laugardaga 11:00 - 16:00

www.svefn.is

skoðun

greinar@frettabladid.is

Markið sett á að gera Ísland óháð olíu:

Rafbílar boðnir velkomnir

STEINUNN STEFÁNSDÓTTIR SKRIFAR

Samgöngur í sátt við umhverfið, meðal annars rafvæddar samgöngur, voru til umfjöllunar á ráðstefnu í Reykjavík í liðinni viku, Driving Sustainability 08.

Ráðstefnan, sem nú er haldin annað árið í röð, er til marks um vaxandi áhuga, og einnig grósku, sem er í þróuninni í átt til umhverfisvænni samgangna.

Meðal helstu tíðinda á ráðstefnunni var undirritun iðnaðarráðherra, Össurar Skarphéðinssonar, og forsvarsmanna japanska bílaframleiðandans Mitsubishi á tveimur viljayfirlýsingum. Markmið þeirra er að sögn ráðherrans að stuðla að því að gera Íslendingum kleift að nýta sem mest innlenda orkugjafa í samgöngum og segir hann þær áfanga að því marki að Ísland verði óháð olíu og bensíni.

Yfirlýsingarnar snúast annars vegar um prófanir hérlendis á rafbílum og hins vegar um þróun þjónustunets fyrir rafbíla og fleira sem styður langtímaáform um að íslenskt samfélag verði í framtíðinni óháð jarðefnaeldsneyti.

Í samtali við Fréttablaðið á laugardag sagði Össur að ríkisstjórnin þyrfti að tryggja breytingar á skattareglum og lögum til að ýta undir komu rafbíla á íslenskan markað. Það er mat hans að með samstilltu átaki ráðuneyta, ekki síst fjármálaráðuneytis ætti að takast hratt að draga úr losun gróðurhúsaáhrifa með það að lokamarkmiði að gera Ísland algerlega óháð olíu og bensíni.

Allt útlit er fyrir að á allra næstu árum muni framboð á fjölskyldubílum sem ganga fyrir rafmagni aukast verulega. Það getur því skipt sköpum um það hvort þessi farartæki teljast raunhæfur valkostur að ytra umhverfið greiði fremur fyrir notkun þeirra en hitt. Hér er þá átt við hvort tveggja að þjónusta við rafknúna bíla sé aðgengileg og skattaumhverfið aðlaðandi.

Ljóst er að vaxandi áhugi er meðal almennings á að ferðast á umhverfisvænni hátt en tíðkast hefur. Til marks um það er aukinn áhugi neytenda á sparneytnum bílum og sístækkandi hópur hjólreiðamanna sem farnir eru að láta í sér heyra og gera kröfur um að komið sé til móts við þarfir þeirra. Einnig má nefna Vespuæðið sem gripið hefur þjóðina.

Orð eru til alls fyrst og viljayfirlýsingar til marks um góðan hug. Það sem telur eru þó raunverulegar aðgerðir. Það verður því forvitnilegt að fylgjast með þróuninni næstu mánuði, ekki síst hvernig iðnaðarráðherra gengur að virkja ríkisstjórn Íslands í því verkefni að greiða fyrir notkun umhverfisvænni farartækja.

Ekki má heldur gleyma því að almenningur getur lagt sitt af mörkum með því að nota almenningssamgöngur, sameinast í bíla, hjóla og ganga. Það er mikilvægt að vera meðvitaður um að það er ekki sjálfsagður hlutur að nota orkufrekt farartæki nánast eins og yfirhöfn.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365

RITSTJÓRAR: Jón Kaldal *jk@frettabladid.is* og Þorsteinn Pálsson *thorsteinn@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is*. Fréttablaðið kemur út í 103.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. Issn 1670-3871

FRÁ DEGI TIL DAGS

Heilræði

Á forsíðu Morgunblaðsins á sunnudaginn var sagt frá því að fundist hefðu áður óþekktar heilræðavísur eftir Halldór Laxness og að þar væri fundinn elsti varðveitti kveðskapur Halldórs. Haft er eftir Halldóri Guðmundssyni rithöfundi að um heilræðavísur í þjóðkvæðastíl sé að ræða en sá svipur sé einmitt á þekktustu vísu Laxness frá æskuárunum, sem finna má í bókinni Barn náttúrunnar. Þá segir að blaðið hafi haft samband við fjölmarga sérfræðinga í kveðskap og þjóðháttum en enginn þeirra hafi heyrt vísurnar. Því bendi allt til þess að Halldór Laxness sé höfundurinn. Á bloggsíðu sinni bendir Guðmundur Magnússon hins vegar á að hann hafi fundið hluta vísunnar á vef Skjalasafns Skagafjarðar þar sem hún sé eignuð Þorleifi Jónssyni á Hjallalandi í Vatnsdal. Guðmundur skaut þar fjölmörgum sérfræðingum í kveðskap og þjóðháttum ref fyrir rass með einföldu gúgli.

Meirihlutinn

Bjarni Harðarson alþingismaður gerir á heimasíðu sinni athugasemd við að talað sé um að aldrei fyrr hafi fleiri Íslendingar verið hlynntir aðild að Evrópusambandinu. Segist hann hafa séð á heimasíðu Samtaka iðnaðarins sannanir fyrir því að árið 2002 hafi 67 prósent landsmanna verið hlynnt aðild en nú vilji aðeins sextíu prósent landsmanna að Ísland sæki um aðild að ESB.

Skjótt skipast veður í lofti

Björgvin G. Sigurðsson viðskiptaráðherra veitti í gær Fjármálaeftirlitinu heimild til að banna skortsölu ef slíkt ógnaði fjármálastöðuleikanum. Hins vegar minnir Andrés Jónsson á það á bloggsíðu sinni að fáeinar vikur séu frá því að forstjóri Kauphallar Íslands sagði í blaðaviðtali það standa Íslendingum fyrir þrifum að íslenskir lífeyrissjóðir mættu ekki lána bréf til skortsölu. „Hann kallaði eftir breytingu á þessum reglum, því það myndi dýpka markaðinn," segir Andrés og spyr hvað forstjórinn segi nú.

olav@frettabladid.is

Á ári Steinsins

Á þessu ári, þann 13. október, hefði Steinn Steinarr orðið hundrað ára en þann 25. maí síðastliðinn voru fimmtíu ár liðin frá dauða hans. Borgaryfirvöld ætla að minnast þessara tímamóta með því að láta reisa enn eina styttuna af Tómasi Guðmundssyni.

Þannig halda þeir áfram að þvælast hvor fyrir öðrum, Steinn og Tómas. Sagan segir að Steinn hafi sent Tómasi fyrstu bókina sína með áletruninni: með þökk fyrir lánið, svo mjög gæti áhrifa frá Tómasi á ljóð Steins. Sjálfur hef ég ekki komið auga á þau að öðru leyti en að ljóðin gerast mestan part á götum Reykjavíkur eins og eldri ljóð Tómasar gerðu sum, hafa langar ljóðlínur og einhvern svolítið hátíðlegan og íronískan samræðutón – og þar eru stundum ungar stúlkur sem vindurinn leikur sér hlæjandi í hárinu á....

Sagan segir líka að í einhverju stórafmæli Tómasar hafi Steinn látið ganga til hans miða gegnum hendur allra gesta svo að allir gátu lesið: „Hér situr Tómas skáld með bros á brá, / bjartur á svip sem fyrsta morgunsárið. / Ó hve mig vinur tekur sárt að sjá / að sálin skyldi grána fyrr en hárið."

Og ólíkir voru þeir. Glettni Tómasar var græskulaus en húmor Steins svo beittur að naumast er hægt að kalla hann glettni; Tómas var andvígur háttleysu ungur skáldanna en Steinn fagnaði nýjungunum og gaf meira að segja út dánarvottorð hins hefðbundna ljóðforms – tók þátt í hræringum tímans. Þótt hann væri í rauninni síðasta skáld gamla tímans var hann líka fyrsta skáld nýja tímans. Tómas var skáld stúdentshúfunnar, hinna rallhálfu lögfræðinga sem tóku bóhemískar rispur frá landstjórninni en fundu kannski ekki eldinn á ný. Steinn var skáld

GUÐMUNDUR ANDRI THORSSON

Í DAG | Steinn Steinarr

þess fólks sem enga stúdentshúfu átti og þeirra sem ekkert áttu nema eldinn; lesendahópur hans voru „tvö fátæk börn" sem sátu í garðinum; hann var skáld þeirra umkomulausu, blönku, ungu, svöngu – og næmu. Hann sagðist í ljóði sínu vera „réttur og sléttur ræfill" en hljómaði í stoltu allsleysi sínu eins og aristókrat. Ljóð hans voru „söngur hins þjáða, / hins sjúka, hins vitfirrta lífs / í sótthita dagsins" eins og segir í Ljóði án lags.

Þar klykkir hann út með línunni: „En þið heyrðuð það ekki". Og samt varð hann vinsælasta skáld aldarinnar, þótt valdaöflin í menningarlífi landsmanna séu enn í hálfgerðu basli með hann ef marka má hina opinberu þögn um hann.

„Inn um bakdyr eilífðarinnar"

Í mínu ungdæmi og lengi fram eftir virtust allir fá Kvæðasafn og greinar í fermingargjöf og gátu þar með byrjað sjálfan fermingardaginn á þessu guðspjalli hins guðlausa exístensíalisma.

Furðu margir fóru að blaða bókinni á á gráum rigningardögum fyrir tölvuöld, sumir gutlandi á gítar um leið (ekkert skáld hefur fengið við ljóð sín fleiri vond lög). Glottandi tómhyggjan og absúrdhúmorinn var svar við gluggaveðri og gráma viðreisnaráranna, súldinni og soðnu ýsunni. Þversagnirnar nærðu hugann eins og heilabrot; óvænt tilfinningasemin og töffaraleg viðkvæmnin ýfði geðið, og hnífsbragð hinnar hárbeittu lokalínu gat breytt gjörvallri sýn manns á heiminn – og náttúrlega allar þessar „bláfextu hugsanir" sem hverfa „inn um bakdyr eilífðarinnar" „eins og blóðjárnaðir hestar"...

Í þessum ljóðum var einhver æska. Einhver kraftmikil uppreisnargirni sem rímaði vel við vaknandi rokkmúsík þessara ára – eitthvert sambland af kæruleysi og heift sem lýsir sér í línunni „En við heyrðuð það ekki" og minnir á attitúdið sem við sáum í myndum á borð við Rebel Without a Cause og heyrðum í bítlagarginu.

Auðvitað fullmikið sagt að Steinn Steinarr hafi verið fyrsti rokkarinn – en er ekki viss skyldleiki?

„Ekkert ekkert..."

Steinn var hvað sem öðru líður skáldið sem færði okkur tilgangsleysið á tímum þegar hugmyndafræði hins gamla var á hverfanda hveli. Hann tókst á við guðlausa veröld af æðruleysi, húmor og fullkomnu vonleysi. Ljóð eftir ljóð endar á dimmum hlátri eða holum rómi sem drynur í: ekkert, ekkert. Skáldið berst um á hæl og hnakka en bíður ósigur.

Og hann kvaðst á við fjandann. Og smám saman skynjar maður að til einhvers er ort. Eða öllu heldur – hann sleppur um síðir undan holum rómi Einskis og inn í ljóð sitt þar sem er Allt. Tíminn og vatnið er ballett gerður úr orðum þar sem hversdagmerking er leyst upp og orðin dansa: gildi ljóðanna felst í þeim sjálfum og fegurð þeirra. Og þar með axlar skáldið ábyrgð sína í guðlausum heimi – að nýta frelsið og skapa heim.

Meðhjálpari fær klapp á kollinn

UMRÆÐAN

Ögmundur Jónasson skrifar um heilbrigðismál

ÖGMUNDUR JÓNASSON

Ágætur þingmaður Samfylkingarinnar sagði í laugardagsþætti Hallgríms Thorsteinssonar fyrir viku að flokkur sinn hefði verið stofnaður um velferðarþjónustuna. Ég saknaði þess að viðkomandi var ekki spurður hvers vegna Samfylkingin kæmi þá ekki velferðarkerfinu til varnar þegar að því væri sótt. Geir H. Haarde, forsætisráðherra og formaður Sjálfstæðisflokksins, messaði yfir félögum sínum í Valhöll um helgina. Hann lofaði og prísaði Samfylkinguna, sagði að án hennar hefði ekki verið hægt að koma á lögum um nýja sjúkratryggingastofnun, sem væri forsenda þess að koma mætti á markaði með heilbrigðiskerfið. Hann lýsti þeim gleðilega áfanga að samskiptin innan heilbrigðisþjónustunnar yrðu hér eftir viðskiptalegs eðlis, það er á milli kaupenda og seljenda. Síðan var það látið fylgja með sögunni að ríkissjóður eigi að borga brúsann hvort sem um opinberan „seljanda þjónustu" væri að ræða eða einkarekinn. Jafnan yrði hins vegar leitað að hagstæðasta tilboði.

En hvers vegna hefur það þá ekki verið gert? Hvers vegna hafa ríkisstjórnir og bæjarstjórnir þar sem flokkur Geirs H. Haarde hefur ráðið ítrekað gert samninga við fyrirtæki sem eru dýrari fyrir skattborgarann en buðust af hálfu opinberra aðila? Aulagangur? Varla. Einkavinavæðing? Líklegra.

Ef það er stefna Sjálfstæðisflokks og Samfylkingar að heilbrigðisþjónustan sé borguð með skattfé, eins og klifað er á meðan verið er að koma kerfisbreytingum í gegn, hvers vegna er heilbrigðisþjónustan þá ekki gerð gjaldfrjáls? Hvers vegna þetta ósamræmi á milli orða og athafna? Hvers vegna hefur verið bætt í gjaldtöku í heilbrigðiskerfinu? Hvers vegna vinnur nú nefnd undir verkstjórn Péturs H. Blöndals að því að dreifa kostnaði á milli sjúklinga í kerfinu en ekki draga úr honum gagnvart sjúklingum sem heild?

Fyrir kjósendur Samfylkingarinnar hlýtur það að vera umhugsunarefni þegar flokksforystu þeirra er klappað á kollinn á þeim forsendum sem nú er gert. Getur verið að Samfylkingarforystan vilji raunverulega markaðsvæða heilbrigðiskerfið eða er löngunin til að fá að halda sig innan veggja Stjórnarráðsins svo rík að öllu sé fórnandi; jafnvel að gerast þjónn og meðhjálpari við einkavæðingu heilbrigðiskerfisins á Íslandi.

Höfundur er alþingismaður.

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál) *hdm@frettabladid.is* **MENNING:** Páll Baldvin Baldvinsson fulltrúi ritstjóra *pbb@frettabladid.is* **VIÐSKIPTARITSTJÓRAR:** Björn Ingi Hrafnsson *bih@markadurinn.is* og Óli Kr. Ármannsson *olikr@markadurinn.is* **HELGAREFNI:** Anna Margrét Björnsson *amb@frettabladid.is* og Sigríður Björg Tómasdóttir *sigridur@frettabladid.is* **ALLT OG SÉRBLÖÐ:** Emilía Örlygsdóttir *emilia@frettabladid.is* og Roald Eyvindsson *roald@frettabladid.is* **ÍÞRÓTTIR:** Henry Birgir Gunnarsson *henry@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*

Þykir afar þunnt fyrir peninginn...

Hvers vegna að borga fyrir hluti sem taka mikið pláss miðað við notagildi. JVC hefur í þessu nýja LCD sjónvarpi sniðið niður jafnt þykkt, vigt og orkunotkun svo um munar.

Þetta ofurþunna LCD tæki er með stafrænum móttakara, þynnstu umgjörð sem þekkist og vegur undir 20kg.

Orkunotkun hefur verið minnkuð um 20% miðað við LCD tæki í sama stærðarflokki og með nýrri orkusparnaðar tækni frá JVC má spara 30% til viðbótar.

Í kaupbæti eru gríðarleg mynd- og hljómgæði tækisins sem njóta sín vel í þessari nútímalegu hágæða hönnun.

OFURÞUNNT
LCD SJÓNVARP

EISA AWARD Best Product 2008-2009
GREEN-TV
JVC-LT42DS9

Hlaut EISA verðlaunin sem umhverfisvænsta LCD tækið 2008-2009.

JVC LCD LT-42/46DS9 fást bæði í 42" og 46"

Full HD 1920x1080

JVC

Alltaf gæði og góð kaup! 1971 - 2008

Sjónvarpsmiðstöðin

RAFTÆKJAVERSLUN • SÍÐUMÚLA 2 • SÍMI 568 9090 • www.sm.is

SanDisk MINNISKORT ALLAR GERÐIR

UMBOÐSMENN UM LAND ALLT ► REYKJAVÍKURSVÆÐIÐ: Hagkaup, Smáralind. VESTURLAND: Hljómsýn, Akranesi. Hagkaup, Borgarnesi. Samkaup, Borgarnesi. Blómsturvellir, Hellissandi. Skipavík, Stykkishólmi. VESTFIRÐIR: Kaupfélag Steingrímsfjar›ar, Drangsnesi. Samkaup, Ísafirði. NORÐURLAND: KF Steingrímsfjarðar, Hólmavík. KF V-Húnvetninga, Hvammstanga. Krákur, Blönduósi. Skagfirðingabúð, Sauðárkróki. Hagkaup, Akureyri. Heimilistæki, Akureyri. Öryggi, Húsavík. AUSTURLAND: Samkaup, Egilsstöðum. Kauptún, Vopnafirði. KF Héraðsbúa, Seyðisfirði. Sparkaup, Fáskrúðsfirði. Martölvan, Höfn Hornafirði. SUÐURLAND: Mosfell, Hellu. Fossraf, Selfossi. Rás, Þorlákshöfn. Geisli, Vestmannaeyjum. REYKJANES: Tækniráð, Grindavík. Hagkaup, Njarðvík.

FAY WELDON RITHÖFUNDUR FÆDDIST ÞENNAN DAG ÁRIÐ 1931.

„Fegurð er í senn fyrsta gjöfin sem náttúran gefur konum og sú fyrsta sem hún tekur frá þeim.“

Fay Weldon er einna þekktust fyrir skáldsögu sína „Kvendjöfullinn“ þar sem aðalpersónan hefnir sín grimmilega á svikulum eiginmanni sínum.

tímamót

timamot@frettabladid.is

ÞETTA GERÐIST: FYRSTU ÓLYMPÍULEIKUM ÞROSKAHEFTRA LOKIÐ

Sigrún Huld stjarna leikanna

Sundkonan Sigrún Huld Hrafnsdóttir hreppti flest verðlaun allra keppenda á Ólympíuleikum þroskaheftra sem haldnir voru í Madrid á Spáni og lauk þennan dag fyrir sextán árum. Hún hlaut níu gullverðlaun og tvenn silfurverðlaun. Auk þess setti hún fjögur heimsmet í einstaklingsgreinum og var í boðsundssveitinni sem setti fjögur heimsmet. Þetta var einstætt afrek í íþróttasögunni.

Um 2.500 þátttakendur frá 72 þjóðum voru á þessum fyrstu Ólympíuleikum þroskaheftra. Íslendingar áttu þar átta fulltrúa og voru þeir almennt sigursælir. Íslenskt sundfólk hlaut alls 21 verðlaun, tíu gull, sex silfurverðlaun og fimm brons. Íslendingarnir urðu í öðru sæti í sundi á eftir Áströlum og fengu að vonum hlýjar móttökur þegar þeir komu heim.

Sigrún Huld var kjörin maður ársins á Bylgjunni og Rás 2 árið 1992 og einnig íþróttamaður Reykjavíkur, en var í 7. sæti í kjöri íþróttafréttamanna um íþróttamann ársins 1992.

MERKISATBURÐIR

1908 Sjálfstæði Búlgaríu er viðurkennt.

1930 Ferðafélag Íslands tekur fyrsta sæluhús sitt í notkun. Það er í Hvítárnesi.

1944 Rauði herinn ræðst inn í Tallin í seinni heimsstyrjöldinni.

1957 Árbæjarsafn er opnað almenningi með viðhöfn.

1973 Menntaskólinn í Kópavogi er settur í fyrsta sinn.

1975 Sara Jane Moore reynir að myrða Gerald Ford Bandaríkjaforseta, en hermaðurinn Oliver Sipple kemur í veg fyrir það.

1980 Írak ræðst inn í Íran.

2003 David Hempleman-Adams er fyrstur til að fara yfir Atlantshafið í opnum tágaloftbelg.

†

Hjartkær eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

Gisela Halldórsdóttir
Gunnarsbraut 11b, Búðardal,

fyrrum húsfreyja á Hríshóli í Reykhólasveit, lést á sjúkrahúsinu á Akranesi 17. september. Jarðarförin fer fram frá Reykhólakirkju miðvikudaginn 24. september kl. 15.00.

Reynir Halldórsson
Reinhard Reynisson **María Kristjánsdóttir**
Ingibjörg Reynisdóttir
barnabörn og barnabarnabörn.

†

Innilegt þakklæti til þeirra fjölmörgu sem sýndu okkur samúð, hluttekningu og hlýhug við andlát og útför ástkærs eiginmanns míns, föður okkar, tengdaföður, afa og langafa,

Ara Benjamínssonar
bifreiðarstjóra, Hringbraut 2a, Hafnarfirði.

Sérstakar þakkir til starfsfólks St. Jósepsspítala fyrir góða umönnun og ljúft viðmót. Guð blessi ykkur öll.

Sigríður Ólafsdóttir
Sóldís Aradóttir **Jóhannes Harðarson**
Ólafur Arason **Agnes Arthúrsdóttir**
Ingibjörg Þ. Aradóttir **Guðmundur Sigurjónsson**
Draumey Aradóttir **Lars Nyström**
barnabörn og barnabarnabörn.

†

Elskuleg eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir, amma, langamma og langalangamma,

Sigríður Helga Stefánsdóttir
Kópavogsbraut 83, Kópavogi,

sem lést á líknardeild Landakotsspítala miðvikudaginn 10. september, verður jarðsungin frá Kópavogskirkju miðvikudaginn 24. september kl. 13.00. Þeim sem vilja minnast hennar er bent á Barnaspítala Hringsins.

Árni Jóhannesson
Svava Aðalsteinsdóttir
Lovísa Aðalsteinsdóttir **Einar L. Benediktsson**
Guðlaug Jónína Aðalsteinsdóttir **Sigurður Geirsson**
Vernharður Aðalsteinsson **Anna R. Jónatansdóttir**
Alda Aðalsteinsdóttir **Ólafur G. Þórólfsson**
Aðalbjörg Lúthersdóttir **Einar Jón Ólafsson**
Halldóra Lúthersdóttir **Valþór Söring Jónsson**
Kristín S. Lúthersdóttir **Bekkevold Alf Bekkevold**
Þorleif Lúthersdóttir
barnabörn, barnabarnabörn og barnabarnabarnabörn.

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@frettabladid.is.**

Auglýsingar á að senda á **auglysingar@frettabladid.is** eða hringja í síma **512 5000.**

SKÁKSVEIT RIMASKÓLA Davíð Kjartansson þjálfari, Jón Trausti Harðarson, Sigríður Björg Helgadóttir, Dagur Ragnarsson, Hörður Aron Hauksson, Hjörvar Steinn Grétarsson og Helgi Árnason skólastjóri.

SKÁKSVEIT RIMASKÓLA: NORÐURLANDAMEISTARAR GRUNNSKÓLA 2008

Ekki bara nördar með bólur

„Við stefndum á gullið og hrepptum það,“ segir Sigríður Björg Helgadóttir kampakát yfir árangri skáksveitar Rimaskóla á Norðurlandameistaramóti grunnskóla. Það var haldið í Noregi, á farfuglaheimilinu Haraldsheim, sem er rétt utan við Ósló. Sveitin vann mótið örugglega og kórónaði frammistöðuna með því að leggja dönsku meistarana 4-0 í síðustu umferð.

Spurð hvort sveitin hafi verið búin að halda sér í æfingu í allt sumar svarar Sigríður Björg: „Já, við fórum líka á tveggja vikna Evrópumót til Búlgaríu um miðjan júní og vikuna áður vorum við í ströngum æfingum og tókum alls konar verkefni fyrir. Á mótinu var teflt í fjóra til fimm tíma á dag og fyrir hverja skák var tveggja til þriggja tíma undirbúningur svo þetta var hálfgert maraþon. Við urðum í 5. sæti og bestum árangri náði Hjörvar Steinn Grétarsson sem hlaut sex og hálfan vinning í sjö skákum. Hann var líka fremstur í flokki í Noregi.“

Sigríður Björg er nýlega sest á skólabekk Menntaskólans í Reykjavík og er þar á náttúrufræðibraut. Ekki er heiglum hent að ná í hana í síma því hún er ýmist í skólanum, að æfa tónlist eða tefla. „Ég hef æft á fiðlu frá því ég var fimm ára í Tónlistarskóla Grafarvogs og er að læra á píanó. Svo tekur skákin mjög mikinn tíma,“ viðurkennir hún. „Ég er í skákskóla Helga Ólafssonar og verð líka í einkatímum.“ Auk alls sem þessi stúlka hefur á sinni könnu kveðst hún ætla að kenna skák í Rimaskóla á vegum Skákakademíu Reykjavíkur. En hvaða tíma hefur hún til þess? „Ég rými bara til,“ segir hún ákveðin.

TAFLSTELPA Sigríður Björg stefnir á að efla skák meðal stelpna.

Skákáhuginn hefur fylgt Sigríði Björgu frá unga aldri að hennar sögn. „Alveg frá því pabbi kenndi mér manngangin þegar ég var sex ára.“ Hún hlær þegar hún er spurð hvort þau tefli oft heima. „Það hefur nú minnkað eftir að ég fór að rústa pabba. Hann er ekki eins áfjáður í að tefla síðan. Að minnsta kosti stingur hann sjaldnar upp á því en áður. Jónas bróðir er líka ágætur skákmaður en hann hefur aldrei æft.“

Sigríður Björg var eina stúlkan í sveit Rimaskóla á Norðurlandamótinu og önnur tveggja á mótinu öllu en strákarnir voru 24. Hana dreymir um að gera góða hluti í framtíðinni og ekki síst að efla skák meðal kvenna. „Ég vil eindregið hvetja stelpur til að tefla. Þær eiga ekkert síðri möguleika en strákar og eru alveg jafngóðar ef þær taka þátt en skortir bara sjálfstraust. Það þarf að koma því inn hjá krökkum að það eru ekki bara nördar með bólur sem tefla.“

gun@frettabladid.is

Legsteinar
í **miklu** úrvali
REIN
Steinsmiðja
• Viðarhöfða 1
• 110 Reykjavík
• ☎ 566 7878
• Netfang: rein@rein.is

AFMÆLI

ANDREA BOCELLI SÖNGVARI er 50 ára.

RAGNAR BJARNASON SÖNGVARI er 74 ára.

BLÓM setja fallegan svip á heimilið og geta einnig stuðlað að jafnvægi í réttu samhengi. Það er í það minnsta eitt af þeim atriðum sem talað er um í feng shui-fræðunum en námskeiðið Feng shui fyrir heimili er í boði hjá Mími símenntun 7.-14. október. Nánari upplýsingar er að finna á www.mimir.is.

Sölufulltrúar Jóna María Hafsteinsdóttir jmh@365.is 512 5473 **Hugi Garðarsson** hugi@365.is 512 5447

Rýmingarsala á hitaveituskeljum

Arctic Spas • Kleppsvegur 152 • 104 Reykjavík • Sími 554 7755
www.heitirpottar.is

VINNUVÉLA-NÁMSKEIÐ

Næsta námskeið hefst 26. sept. n.k.

Öku- og vinnuvélaskólinn ehf.
Eco Driving

UPPLÝSINGAR OG INNRITUN Í SÍMA 588-1414

Davíð segir það verða að koma í ljós hvort litadýrð og munsturgerð standist tímans tönn og kannski verði hógvær dúkur kominn yfir handmálaðan borðdúkinn á jólum 2012. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Ekkert fullkomnara en guð

Í gamla hluta Reykjavíkur situr listamaður með pensla og liti við gamalt borðstofuborð. Í hjarta hans hrærist söknuður og fæð á mublu sem í framtíð mun færa öllum gleði en kostar nú streð, krafta og tíma.

„Sá innanstokksmunur sem ég tengist mest þessa dagana er borðstofuborð sem ég á í ástarhaturs-sambandi við," segir Davíð Örn Halldórsson myndlistarmaður þar sem hann situr og handmálar á það borðdúk í tyrkneskum stíl.

„Ég hef verið að mála litríkar mottur beint á gólf og húsgögn meðfram því að mála myndir, og fékk þetta borð til mín í fóstur fyrir nokkrum mánuðum síðan, til að leiðbeina eigendum þess við að mála á það munstur. En vopnin hafa snúist í höndum mér og nú er ég í kapphlaupi við tímann að ljúka við borðdúkinn því borðinu ætlum við að stilla fram á sýningunni Trommusóló í Kling og Bang-gallerí 4. október," segir Davíð Örn, viss um að sakna borðsins sárt þegar það fer aftur til sinna gömlu eigenda að sýningu lokinni.

„Mér er farið að þykja vænt um borðið en það er dálítið pirrandi ástand að grúfa sig ofan í það daglangt þegar frekar ætti að vera á því gómsætur matur. Ég er þó með loforð upp á vasann um að mega koma hvenær sem er og snæða við borðið. Það verða launin mín," segir Davíð Örn sem heillast af munstrum sem rata inn og út úr málverkum hans og húsmunum.

„Heimili mitt og vinnustofa eru eitt og skreytt Ikea-húsgögnum um allt. Mér hefur þótt gaman að flikka upp á afkáraleg húsgögn og hafa nokkrar kommóður og litlir skápar sem ég hef fengist við ratað heim til annarra, sem allir virðast sáttir," segir Davíð Örn sem ljúka mun verkinu með glæru lakki svo slitþolið verði eins og á fínasta Formica-borði.

„Þetta verður gróft í speglun og munstri, rétt eins og hefð er fyrir á Tyrklandi þar sem að minnsta kosti einn galli verður að sjást í teppum því ekkert er fullkomið nema guð."

thordis@frettabladid.is

SPORT KLÚBBURINN

Kaupauki að verðmæti 59.000.-
fyrir aðeins 4.990.- á mánuði!

- frítt í allar ÍTR sundlaugarnar
- frír mánuður fyrir vin
- tækjakennsla
- bolur
- brúsi
- 5 tímar í skvass
- 5 tímar í Golf
- máltíð á BK Kjúkling
- 5 tímar í ljós

EFTIR HVERJU ERTU AÐ BÍÐA?

SPORTHÚSIÐ
heilsurækt fyrir alla
www.sporthusid.is | Dalsmára 9-11 | Kópavogi | Sími: 564 4050 | sporthusid@sporthusid.is

;ALLT NÁM

Alla þriðjudaga

HEIMILI

PENSILL er nauðsynlegur þegar málað er, en málningarvinna getur verið vafningasöm. Það fer eftir því hvað á að mála. Ýmis ráð og leiðbeiningar við málningarvinnu má nálgast á vefsíðu Slippfélagsins, www.slippfelagid.is

Kjarni málsins
Ekkert viðhald

REHAU

Gluggar, hurðir, svalahurðir og sólstofur úr viðurkenndu PVC-U hágæða plastefni hafa einstakt einangrunargildi. Íslensk framleiðsla og áratuga reynsla. Sparaðu tíma, leitaðu tilboða.
gluggar@kjarnagluggar.is

Kjarnagluggar
Selhellu 13, Hafnarfirði • sími 554 2800
kjarnagluggar.is

AUGLÝSINGASTOFA E. BACKMAN

Geir segir áríðandi að hreinsa lauf og drullu reglulega úr rennum til að hindra að vatnsflóð verðif.
FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Regluleg umhirða

Mikilvægt er að hreinsa úr rennum til að hindra vatnsflóð.

„Fólk skilur oft ekki þegar vatn fer að flæða úr rennunum. Vandamálið er kannski að húseigendur hafa ekki fjarlægt laufblöð og drullu sem safnast fyrir í rennunum," segir Geir Garðarsson, sölumaður hjá fyrirtækinu Hagblikk, sem selur innfluttar álrennur frá Grövik Verk í Noregi. „Góð regla er að hreinsa reglulega lauf úr rennum. Nú fást líka laufsíur sem eiga að hindra að laufin setjist í beygjurnar í rörunum, það er í niðurfallsbeygjurnar."

Spurður um hverslags rennur henti best, segir Geir það háð aðstæðum. „Þakrennur úr áli ryðga hvorki né brotna og eru viðhaldsfríar. Þær þykja frekar einfaldar í uppsetningu, en kítta þarf vel upp í endabotnana til að hindra hugsanlegan leka. Svo verður að passa að sumir málmar, svo sem kopar og ál, passa ekki saman," bendir hann á. „Plastrennur standa þó alltaf fyrir sínu og hafa leyst mörg vandamál, enda ryðga þær hvorki né tærast. Plastið getur legið utan í hvaða málmi sem er, en hefur tilhneigingu til að brotna þegar mjög kalt er úti á veturna."

Hann bætir við að algengur misskilningur sé að þakrennur úr áli séu mun dýrari kostur en þakrennur úr plasti. „Svo þarf ekki alltaf að vera. Verðið á álþakrennunum ræðst bara oft af því hvaða fylgihlutir eru notaðir með þeim."

vala@hi.is

Nýju og gömlu má blanda saman með góðri útkomu.

Gamalt og nýtt í bland

Gömul húsgögn og gamlar innréttingar geta verið smart auk þess sem notkun þeirra í lengstu lög er auðvitað umhverfisvæn.

Í ríkjandi efnahags- og umhverfisástandi eru margir sem dusta rykið af gömlum húsgögnum og blanda þeim við ný eða leyfa gömlu innréttingunum að vera. Útkoman er alls ekki svo galin og skilar sér oft í notalegri heimkynnum.

Þó er ekkert sem segir að hverfa þurfi alfarið til fortíðar og getur til dæmis komið mjög vel út að blanda nýlegum vaski eða stáleldavél við gamla og sjarmerandi eldhúsinnréttingu.

Býrðu í eitruðu umhverfi?

Íshúsið býður lofthreinsitæki og þurrktæki til að verjast
myglusvepp
ís-húsið
Smiðjuvegi 70 - 200 Kópavogi
Loftkæling - Loftbæting - Viftur

ALLT TÍSKA
Alla fimmtudaga

SÓFASETT
Mikið úrval

NÝFORM
HÚSGAGNAVERSLUN
REYKJAVÍKURVEGI 66 HAFNARFIRÐI SÍMI 565 4100

AUGLÝSINGASTOFA GUÐRÚNAR ÖNNU EHF.

Telma Róbertsdóttir
Löggiltur fasteignasali

ÞARFT ÞÚ AÐ SELJA?

Það kostar þig EKKERT að skrá eignina þína hjá okkur.

Löggiltir fasteignasalar með þér alla leið.

Sími 511 5005

HÚSIN Í BORGINNI
FASTEIGNASALA

... það borgar sig!

Frum

HÚSIN Í BORGINNI • Klapparstíg 5 • 101 Reykjavík • Sími 511 5005 • www.husin.is

fasteignir

22. SEPTEMBER 2008

Ertu í söluhugleiðingum ?

Við erum sérfræðingar í
sölu á íbúðarhúsnæði.
Áratuga löng, farsæl reynsla.

Stakfell | Grunnur að góðu lífi

Lágmúla 7 • Sími 590 7600
www.stakfell.is

Parketlögð stofan er björt og rúmgóð og þaðan er útgengt á verönd.

Ertu í söluhugleiðingum ?

Við erum með kaupendur
að atvinnufasteignum.

Stóreign | Fremstir í atvinnufasteignum

Lágmúla 7 • Sími 590 7600
www.storeign.is

Endaraðhús með fallegum garði

Heimili fasteignasala hefur til sölu endaraðhús á einni hæð í Garðabæ.

Húsið, sem er í Reynilundi í Garðabæ, er teiknað af Albínu Thordarson arkitekt og skiptist niður með eftirfarandi hætti: Flísalagt anddyri með fataskáp, parketlagt hol og forstofuherbergi. Því næst endurnýjað baðherbergi með flísum á gólfi og veggjum að hluta til, innréttingu og sturtu. Parketlögð borðstofa opin inn í stofu með arni. Þaðan er gengið út á stóra suðurverönd. Eldhús, sem er opið við borðstofu, með upprunalegri innréttingu og góðu skápaplássi.

Í húsinu er parketlagt hjónaherbergi með fataskápum. Þaðan er gengið út á sólpallinn í suður. Við hjónaberbergið er sér baðherbergi með baðkari. Tvö barnaherbergi með parketi og skápum. Þvottahús með gólfflísum og innréttingu. Þá er innfeld lýsing víða í lofti og þakgluggar setja sérlega skemmtilegan svip á húsið.

Við má bæta að húsinu fylgir tvöfaldur bílskúr. Hiti er í stéttum við húsið og í bílaplani. Garðurinn er sérlega vel hirtur og aflokaður.

Söluverð hússins er 59.000.000 krónur.

Nánari upplýsingar veita Einar Guðmundsson, Finnbogi Hilmarsson og Bogi Pétursson hjá Heimili fasteignasölu í síma 5306500.

Á ils.is getur þú:
- Gengið frá greiðslumati
- Sótt um íbúðalán
- Sótt um lengingu og styttingu á lánstíma

Önnur þjónusta á ils.is:
- Bráðabirgðamat
- Ýmsar reiknivélar
- Netsamtal við ráðgjafa
- Umsókn um rafrænar afborganir lána

Kynntu þér lánakjörin á ils.is

Greiðslumat
Þú getur sjálfur gert greiðslumat á netinu. Ef þú þarft á aðstoð að halda geturðu hringt í okkur, komið á staðinn og hitt ráðgjafa okkar eða haft samband á netinu.

Lánsumsókn
Þegar þú hefur fundið draumaíbúðina sækir þú um lánið á www.ils.is. Lánið er afgreitt á fjórum virkum dögum.

Íbúðalánasjóður fyrir alla

www.ils.is
Borgartúni 21, 105 Reykjavík
Sími: 569 6900, 800 6969

Íbúðalánasjóður

Bóas
Sölufulltrúi
699 6165
boas@remax.is

Þórarinn Jónsson
Löggiltur fasteignasali, Hdl

RE/MAX Lind

Verið velkomin á sölusýningu í dag

Hörðukór 3

90% LÁN - EKKERT UPPGREIÐSLUGJALD

- Glæsilegt útsýni
- Stutt í alla þjónustu
- Parket í "Gulllínunni" frá Harðviðarval fylgir öllum íbúðum
- Innréttingar frá HTH

Sjá nánari upplýsingar á www.hordukor.is

BRB REMAX DESIGN CENTER - www.remax-cde.com

RE/MAX Lind - Bæjarlind 14-16 • 201 Kópavogur • Sími: 520 9500

HÚSAVÍK FASTEIGNASALA

Borgartún 29
Sími 510 3800
Fax 510 3801
www.husavik.net
Reynir Björnsson
Elías Haraldsson
Lögg. fasteignasalar

Opið hús í dag frá kl. 18-20
Mosgerði 13 Rvk. - Bílskúr.

Falleg og vel staðsett 117,4 fm hæð og ris ásamt 23,4 fm bílskúr. Grunnflötur er stærri þar sem hluti efri hæðar er undir súð. Eignin er vel skipulögð m. forstofu, hol, 5 herb. stofu, borðstofu, eldhús, þvottahús og baðherbergi. Sér afnot af verönd á lóð. Búið er að endurnýja skólplögn. **Verð 39,9 millj.**
Axel og Margrét taka vel á móti gestum í kvöld frá kl. 18-20. Teikningar á staðnum.

HÚSAVÍK - GOTT ORÐSPOR - TRAUST VIÐSKIPTI

Frum

ÁS FASTEIGNASALA

Hafnarfirði, Fjarðargötu 17
Sími 520 2600, Fax 520 2601
Netfang as@as.is
Heimasíða www.as.is
Opið virka daga kl. 9–18
Kári Halldórsson, löggiltur fasteignasali

OPIÐ HÚS Í DAG MILLI KL. 17-18

SKIPALÓN 4-8 HAFNARFJÖRÐUR

Stórglæsilegar 2ja-4ra herb. íbúðir 70-167 fm í lyftuhúsi fyrir 50 ára og eldri á góðum útsýnisstað á Hvaleyrarholti.

- ✔ Stæði í bílageymslu
- ✔ Hágæðainnréttingar frá Agli Árnasyni
- ✔ Uppþvottavél og ísskápur fylgir
- ✔ Granít á borðum og sólbekkjum
- ✔ Bílageymsla
- ✔ Tvö baðherb. í stærri íbúðum
- ✔ Tvennar svalir á flestum íbúðum
- ✔ Afnotaréttur af 55 fm samkomusal
- ✔ Golfvöllur í göngufæri
- ✔ Afhending við kaups.

Verð frá 21,5 - 44,0 millj. 7133

220 Hafnarfjörður: Friðsæll staður

Brunnstígur 4: Endurnýjað hús í upprunalegum stíl

Hraunhamar fasteignasala hefur til sölu vandað og mikið endurnýjað einbýlishús, sem hefur fengið að halda sínum upprunalega stíl, við Brunnstíg 4 í Hafnarfirði.

Lýsing: Húsið er 207,4 fermetrar og skiptist í jarð-, mið- og rishæð. Hæðirnar skiptast með eftirfarandi hætti: Jarðhæð í hol, tvö svefnherbergi, inn af öðru er fataherbergi, baðherbergi með baðkari og innréttingu, góða geymslu með hillum og þvottahús. Útgengt er af jarðhæðinni. Miðhæð þar sem aðalinngangur hússins er. Hæðin deilist niður í forstofu með fataskáp, hol þaðan sem gengið er í öll rými hússins, þrjár samliggjandi stofur, eldhús með vönduðum eldunartækjum og innréttingum, borðstofu þaðan sem útgengt er í garðinn og baðherbergi með sturtu. Rishæð skiptist í þrjú svefnherbergi, þar af eitt rúmgott hjónaherbergi með fataskáp, og hol en þaðan er gengið út á svalir. Húsinu fylgir garður sem býður upp á ýmsa möguleika en lóðateikningar eru eftir Stanislav.

Söluverð eignar er 59.000.000 krónur. Húsið verður til sýnis í dag milli klukkan 17 og 18.30. Eignaskipti koma til greina.

www.volundarhus.is

VINSÆLU GESTAHÚSIN OG GARÐHÚSIN ERU AÐ SELJAST UPP

Því fer hver að verða síðastur að eignast hús frá okkur á gamla genginu. Næsta sending gæti hækkað um 20%.

Völundarhús.is hafa til sölu glæsileg ný gesta- og garðhús sem eru enn sterkbyggðari en áður. Nýju húsin eru bjálkahús frá 34 mm að þykkt og koma með tvöfaldri vatnslæsingu. Húsin eru tilvalin geymsla fyrir grillið og garðhúsgögnin.

34 mm bjálki - Tvöföld vatnslæsing/nótun.

Tilboð 39.900,-

Verð: 49.900,- HUNDAKOFI 1,6 m²

Verð: 99.500,- BARNAHÚS 2,1 m²

Verð: 180.000,- GARÐHÚS 4,7 m²

Verð: 210.000,- GARÐHÚS 6,0 m²

Verð: 230.000,- GARÐHÚS 7,2 m²

Verð: 245.000,- GARÐHÚS 8,5 m²

Verð: 260.000,- GARÐHÚS 9,7 m²

Tilboð 350.000,- MEÐ VERÖND

Verð: 448.000,- GESTAHÚS 10 m²

Verð: 549.000,- GESTAHÚS 15 m²

Verð: 849.000,- GESTAHÚS 21 m²

Verð: 1.199.000,- GESTAHÚS 25 m²

Staðgreiðslu VISA Lán

völundarhús.is

Vel valið fyrir húsið þitt

Sími 864-2400

VH ehf · Heiðarbraut 3 · 250 Garður

080141 Hönnun hönnun - * Verð miðast við september 2008 og er birt með fyrirvara um prentvillur.

Stakfell | Grunnur að góðu lífi

Fasteignasala • Íbúðarhúsnæði • Lágmúli 7 • 108 Rvk

:: 535_1000

Þorlákur Ó. Einarsson
lögg. fasteignasali

Þórhildur Sandholt
lögfr. og lögg. fast.sali

stakfell.is

Fax 535 1009

Fáfnisnes 5 - Parhús

Höfum til sölu þetta glæsilega og nánast algjörlega endurnýjaða 87,5 m2 parhús á tveimur hæðum á mjög eftirsóttum stað í Skerjafirðinum. Á neðri hæð eru herbergi með góðu skápaplássi og rúmgott flísalagt baðherbergi. Hægt er að ganga út í garð með hellulagðri verönd með heitum potti. Á efri hæðinni eru samliggjandi stofur þar sem er hátt til lofts og parket á gólfi og þaðan útgengt á vestur svalir með stiga niður í garðinn. Eldhús með hvítri háglans innréttingu, granít borðplötum og vönduðum tækjum. Verð 34 millj.

Öldugata 10 – Virðulegt einbýli

245,4 m2 einbýlishús í vesturbæ Reykjavíkur. Eignin skiptist í þrjár hæðir auk bílskúrs. Á efstu hæð er baðherbergi, þrjú góð svefnherbergi og um 15 fm svalir. Á miðhæðinni er anddyri, gestasalerni, hol, tvær stofur og rúmgott eldhús. Í kjallara er 3ja herbergja íbúð með sérinngangi, geymsla og þvottahús. Gólfefni eru aðallega náttúrusteinn og parket, nema í kjallara er að mestu dúkur. Það er búið að taka allt rafmagn í gegn og gler er nýlegt, nýtt eldhús, öll gólfefni nýleg og skolplagnir nýlegar. Óskað er eftir verðtilboðum

Leitum að góðri eign í Þingholtum fyrir fjársterkan aðila

Leitum að raðhúsi á einni hæð með bílskúr í 112, 110, 201 og 202.

Erum með kaupanda að einbýlishúsi við Skerjafjörðinn.

Leitum að stórri sérhæð, par- eða raðhúsi á svæði 107 og 170. Verð allt að 60 millj.

Hrafnhólar – 3ja herb
79 m2 þriggja herbergja íbúð við Hrafnhóla í Reykjavík. Eignin skiptist í forstofugang, eldhús með borðkrók, stofu, tvö svefnherbergi og baðherbergi baðkari og opnanlegum glugga. Verð 17.9 millj

Hjallabraut - 4ra herb.
108,1 m² á 3. hæð við Hjallabraut, Hafnafirði. Íbúðin skiptist í forstofu, borðstofu, stofu, eldhús, baðherbergi, svefnherbergi og hjónaherbergi.
Verð 22.5 millj

Álakvísl - 4ra herb. Sérinngangur
115,1 fm. endaíbúð með sérinngangi í þríbýli ásamt 30 fm. stæði í bílgeymslu, alls 145,1 fm. Uppgerð fyrir þremur árum. S.V. svalir. Laus við kaups.
Verð 34,9 millj.

Lautasmári - 4ra herb m/bílskýli.
115.8 fm íbúð mjög vel staðsett í Kópavogi. Þvottah. í íbúð. 16,7 fm stæði í bílskýli. Parket og flísar. Beyki innrétting í eldhúsi. Verð 28.5 millj.

Laufengi - 4ra herb.
106.4 fm íbúð sem skiptist í stofu með SA- svölum, eldhús, 3 svefnh., miðjuhol, forstofu og bað með baðkeri, sturtu og þvottahúsi innaf. Verð 25.9 millj

GRENIMELUR- 88 fm NEÐRI SÉRHÆÐ
Eignin skiptist í forstofu, hol, eldhús, 2 svefnh., saml. stofur og bað. Eignin hefur verið fallega endurnýjuð á síðustu 4 árum. Verð 32.5 millj.

Kirkjuvegur - Nýtt einbýlishús
Nýtt 200 fm hús nálægt miðbæ Hafnarfjarðar. Innb. bílskúr. Húsið er fullbúið að utan múrað hvítlituðum múr og tilbúið til innréttingar. Hiti í gólfum. Tilboð óskast.

Bollagarðar - Seltjarnarnesi - Útsýni.
200 fm. tvílyft einbýlishús m/bílskúr á Seltjarnarnesi. Nýtýskulegar innréttingar. S-verönd með timbur skjólveggjum. Frábært útsýni til Esjunnar og út á Flóann. Verðtilboð.

Skeggjagata - hús með 2. íbúðum
Þú átt það skilið. Kynningarverð. Nýr Stíll Langarima 21, 112 Reykjavík. S. 557 9009 nuddstolar.is

Whole body massage Telepone 841 8529.

Nudd nudd nudd heilnudd. Tilboð í dag. Uppl. í s. 616 6469.

Snyrting

SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

Námskeið

ALVÖRU HANDVERKSNÁMSKEIÐ
Silfurleir 27.-28. sept. Brýnsla 29.-30. sept. Útskurður 4.-5. okt. Tálgun 1.,4.og 8. okt. HANDVERKSHÚSIÐ BÓLHOLTI 4, Pantanir og uppl s:555-1212

Ökukennsla

Ökukennsla, aðstoð við endurtökupróf og akstursmat. Kenni á BMW 520D. S. 893 1560 og 587 0102, Páll Andrésson.

www.aksturinn.is S. 694 9515
Öku og bifhjólakennsla. Tek einnig að mér akstursmat. Uppl. í s. 694 9515 Haukur Vigfússon.

HEIMILIÐ

Gefins

Stórt gamalt skrifborð fæst gefins gegn því að verða sótt. Uppl. í s: 849-8412

Dýrahald

Hundapúðar.
Vönduð flott stór bæli á virkilega góðu verði. Hundaheimur - Háholt 13 Mosfellsbæ - www.hundaheimur.is

AFLBINDING ehf.
JÁRNABINDINGAFÉLAG
Pantað í dag – *afgreitt á morgun*
Klippum og beygjum kambstál.
Framleiðum bita, körfur og súlur eftir teikningum
Sími: 772 -3200 • aflbinding@skrifstofa.is

TÓMSTUNDIR & FERÐIR

Gisting

Ferðamannaíbúð í Vesturbæ Reykjavíkur til leigu. Rúmar fjóra. Leiga á dag 10 þús. Uppl. á reykjavikwest.com & í s. 820 3640.

Fyrir veiðimenn

Sjóstöng- Sjóstöng!
Fyrirtæki,starfsmannafélög nú er tíminn að skella sér í veiði. Ísafold er eitt besta skipið fyrir stærri hópa í sjóstöng. Leitið tilboða og skoðið einnig síðuna okkar www.sjavarferdir.is Frábær skemmtun fyrir alla konur sem karla. Sjávarferðir - Ísafold s. 861 6062 & 861 5828.

Stórgóðir laxa- og silungamaðkar. Uppl. í s. 695 9774.

HÚSNÆÐI

Húsnæði í boði

Þarftu að leigja?
Hringdu í sima 440 6100 eða skoðaðu rentus.is
Rentus LEIGUMIÐLUN

Leigusali auglýstu FRÍTT
Leigjandi leitaðu FRÍTT
Leiga.is
Löggild leigumiðlun
Kynntu þér þjónustu Leiga.is
Sími 534 4488

husaleiga.is
Viltu leigja íbúðar- eða atvinnuhúsnæði. www.husaleiga.is. Sími 471 1000.

Leigjendur, takið eftir!
Þið eruð skrefi á undan í leit að réttu íbúðinni með hjálp Leigulistans. Kíktu inn á www.leigulistinn.is eða hafðu samb. við okkur í s. 511 1600.

Free rent in September
Grand opening special. Long term rent guesthouse. Tel. 824 4530.

Opnunartilboð
Frítt í september. Langtímaleiga á gistiheimili. Uppl. í s. 824 4530.

Rooms for rent. Long term from 25th august. Tel: 588 5588 or lobby@hotelvik.is

Til leigu 1300 fm. skrifstofuhúsnæði í Reykjavík. Næg bílastæði og greiðar samgöngur að húsnæðinu. Möguleiki á því að leigu í minni einingum. Hagstætt leiguverð. Upplýsingar í síma 824 0220.

ÍBÚÐIR TIL LEIGU Í KAUPMANNAHÖFN
Lúxus íbúðir í göngufæri frá miðbænum, skammtímaleiga. Nánari uppl. í s. 822-7303, 891-8612, +45 27111038 eða annalilja@stracta.com.

Íbúð í 105
57 fm 2-3 herb. íb. í 105. Hentar einstakl./par. Sérinng. Laus 1.10. Leiga 110þ. mán. S. 847 2277.

3 herb. íbúð í Hlíðunum til leigu. Uppl. í s. 770 6090.

Góð 2ja herb. íbúð í Þingholtunum til leigu. M. eða án húsg. Trygginga víxill skilyrði. V. 110 þús. á mán. Uppl. í s. 896 0990 & 693 7406.

3 Herbergja íbúð í 101 með sérinngangi. Nýleg. Leiga 120.000 Með húsg. ef vill. S:8993034

70fm ný uppgerð íbúð í vesturbænum til leigu. Verð 125þús á mán. Uppl í síma 6168863

Virkilega flott og vel skipulögð ný 4ra herb íbúð í Kórahverfi í Kóp. 125 fm + bílgeymsla og yfirbyggðar stórar svalir. 190 þ.kr. Laus 1. okt. Upplýsingar og myndir: ibudarleiga@visir.is

3herb. íbúð í suðurhlíðum kóp. Laus strax. Leiga 110þ+Trygg. S. 8677519/6631685

Studíó í Vesturbæ
Góð lítið íbúð, sérinng. Eldhús m. íssk. WC m. sturtu & tengi f. þvottav. Stutt frá HÍ. Leigst 1 einstaklingi. V. 75þ. raf/hita. Trygging 150þ. stgr. S. 695 3269.

Atvinnuhúsnæði

Stálgrindarhús. Flytjum inn stálgrindarhús frá Kína. Upplýsingar í s. 897 9161 -blikkgylfa@internet.is - Blikksmiðja Gylfa ehf.

Snyrtileg skrifstofuherb. til leigu við Ármúlann & Suðurlandsbraut. Uppl. í s. 899 3760.

Ýmsar gerðir stálgrindarhúsa Frá Kína. Þú kemur með hugmynd eða teikningu og við gerum verðtilboð. SENSON ehf. senson@senson.is www.senson.is

Ca. 200 fm. verslunarhúsnæði laust á miðjum Laugaveginum. Hægt er að leigja út árið 2008 - mögleiki á að framlengja. Upplýsingsr í síma 699 0013

Verslunar/skrifstofuhúsnæði til leigu
Um 90fm verslunar/skrifstofuhúsnæði við Kleppsmýrarveg. Gott verð. Nánari uppl. í s. 581 4000.

ATH Til leigu 70m2 nýl Iðnaðarbil í Garðabæ m Góðri hurð 95000 per mán S892-7858

Geymsluhúsnæði

Til leigu sér geymslubil 7, 10 og 17 m2, og bretti á 2900.- kr stk. Búslóðir, fyrirtæki, iðnaðarmenn. Upphitað og vaktað. S. 564 6500. www.geymslaeitt.is

geymslur.com
Geymslur frá 3990.- kr á mán.Í Garðabæ (hjá Ikea) og Reykjavík (Fiskislóð) Upphitað, vaktað & öryggismyndavélar. S. 555 3464

HÚSVAGNAGEYMSLA
Nýstandsett og upphitað hús á Eyrarbakka. Stærstu: 11.875 Stórir: 9.875 Fellih: 7.375 á mánuði í 8 mánuði S. 564 6500.

Fellihýsi-Hjólhýsi-bátar-bílar-o.fl. Upphitað á Höfuðborgarsvæði. Uppl S. 661 3131 og 897 2000.

Fellhýsi - tjaldvagnar.
Til leigu upphitað geymsluhúsnæði á Suðurnesjunum. Tek í geymslu fellihýsi og tjaldvagna. Uppl. í s. 867 1282.

Geymsluhúsnæði stutt frá Borgarnesi með laus pláss fyrir veturinn. uppl. s.895 2065 og 861 3966 eða ingadisa@gmail.com

Gisting

Rooms for rent. Long term from 25th august. Tel: 588 5588 or lobby@hotelvik.is

• STEYPUSÖGUN
• KJARNABORUN
• MÚRBROT
LÍNUBORUN EHF
820 0070 577 5177

ATVINNA

Atvinna í boði

Bakarameistarinn

Villtu ganga til liðs við okkur?
Bakarameistarinn Smáratorgi, Mjóddinni, Húsgagnahöllinni, Suðurveri, Austurveri og Glæsibæ leitar eftir hressum og skemmtilegum einstaklingum til starfa. Í boði eru bæði hlutastörf og fullt starf. Skemmtilegur vinnustaður og góð laun í boði fyrir rétt fólk. Íslenskukunnátta skilyrði.
Upplýsingar 897 5470 milli kl. 9-16 Umsóknareyðublöð á netinu www.bakarameistarinn.is

Jói Fel

Hjá Jóa Fel Holtagarðar
Óskum eftir að ráða hressar og duglegar manneskjur í afgreiðslu í bakaríð hjá Jóa Fel Holtagörðum.
Upplýsingar veitir Unnur í síma 893 0076 eða Dóra í síma 861 2417, einnig umsóknir á unnur@joifel.is

Óska eftir einstakling til að þýða úr ensku yfir í íslensku. Uppl. í s. 697 3832.

THE ENGLISH PUB

Enski barinn
Ert þú hress og skemmtilegur ? Þá vantar okkur barþjóna og fólk í sal í kvöld og helgarvinnu. Uppl. á staðnum Austurstræti 12, eftir kl. 15:00 alla daga.

Öryggisgæslan ehf.
Óskar eftir starfsfólki í vaktavinnu, alla daga. Umsóknir liggja frammi á skrifstofu okkar í Auðbrekku 6 - Kópavogi.
Skilyrði: Lágmarksaldur 20 ár - hreint sakavottorð - góð Íslensku kunnátta

domo

Veitingastaðurinn Domo
Leitar af metnaðarfullum matreiðslu manni í sitt lið. Sanngjörn laun í boði fyrir réttan aðila.
Upplýsingar gefur Viktor í síma 697 9069 eða á viktoro@simnet.is

domo

Veitingastaðurinn Domo
Óskar eftir starfsfólki í sal í kvöld og helgarvinnu. Reynsla af þjónuststörfum og góð íslenskukunnáta skilyrði
Upplýsingar gefur Magnús í síma 869 7846 eða maggi@domo.is

HENDUR.IS
Tugir starfa í boði á vefsíðu okkar.

Söluturninn Jolli Hafnarfirði.
Söluturninn Jolli óskar eftir áreiðanlegu og stundvísu fólki í vinnu. Um er að ræða bæði fullt starf og hlutastarf. Ef þig langar til að vinna á skemmtilegum og líflegum vinnustað þá gæti þetta verið rétta vinnan fyrir þig. Góð laun í boði fyrir rétta aðila. Umsóknareyðublöð á staðnum og á umsokn.foodco.is

Sölustörf, frjáls vinnutími. Árangurstengdar tekjur. Hentar fólki um allt land sem auka eða aðalstarf. S. 565 1045, 865 4052 & 898 7725.

RIZZO PIZZERIA óskar eftir stúlkum 17 ára og eldri til starfa sem fyrst, kvöld og helgarvinna, einnig í fullt starf. Nánari upplýs gefur Diddi í s 840-6670

Veitingahúsið Hornið
Óskar eftir að ráða þjóna í kvöld og helgarvinnu, ýmsar vaktir í boði. Uppl. gefur Magna í s. 866 0270 eða á staðnum milli kl. 14-16. Hafnarstræti 15.

Verkamenn
Verktaka fyrirtæki á höfuðborgarsvæðinu óskar eftir að ráða vana verkamenn til jarðvinnuframkvæmda. Næg vinna í boði. Uppl. í s. 892 0989.

Atvinna óskast

Vantar þig Smiði, múrara eða járnabindingamenn?
Höfum á skrá menn sem að óska eftir mikilli vinnu. Geta hafið störf nú þegar.
Proventus starfsmannaþjónusta s. 661 7000.

HENDUR.IS
Auglýstu FRÍTT eftir starfskrafti á vefsíðu okkar.

Starfsfólk frá Lettlandi: smiðir, verkamenn, meiraprófsbílstjórar, vélamenn, suðumenn, fiskvinnslufólk o.fl. S. 845 7158.

Getum bætt við okkur verkefnum í okt. Vanir mótauppslætti. Áhugasamir hafi samb. í s. 820 3265 Grandverk ehf.

TILKYNNINGAR

Tilkynningar

Hljómsveitin Silfur. Vantar þig hljómsveit á dansleik, árshátíð eða skólaball? Umboðssími 8970858

Einkamál

SÍMAÞJÓNUSTUR

Stefnumót
905-2000 (símatorg)
535-9920 (kreditkort)
535-9923 (fritt, karlar)
555-4321 (fritt, konur)
Spjall
904-5454 (símatorg, karlar)
535-9940 (kreditkort, karlar)
555-4321 (fritt, konur)
Gay spjall
535-9988 (kreditkort)
Sögur
905-2002 (símatorg)
535-9930 (kreditkort)
Spjalldömur
908-6000 (símatorg)
535-9999 (kreditkort)

908 6666
Tvær nýjar byrjaðar og eru í góðum gír. Hver verður kærastan þín í kvöld ? Opið allan sólarhringinn, engin bið.

Stefnumót.is
Ertu í makaleit? Viltu eignast nýja vini? Vantar þig dansfélaga, ferðafélaga, göngufélága, spjallfélága? Stefnumót.is er nýr samskiptavefur fyrir fólk sem gerir kröfur. Vertu æfinlega velkomin/n.

Glæsilegt sumartilboð á Dong Fang Salon:
Gel á táneglur með french:
Verð 4.500.-
SNYRTISTOFAN DONG FANG SALON HÓTEL LOFTLEIÐIR
Verður opin mánud - föstud frá kl. 9.00 til 21.00 og á laugard frá kl. 10.00 til 18.00
Sími 444-4085 / 662-0485
massage@dongfang.is
www.dongfang.is
東方 DONG FANG SALON HÓTEL LOFTLEIÐIR
SNYRTISTOFAN DONG FANG SALON HÓTEL LOFTLEIÐIR
Verður opin mánud - föstud frá kl. 9.00 til 21.00 og á laugard frá kl. 10.00 til 18.00
Sími 444-4085 / 662-0485
massage@dongfang.is
www.dongfang.is
IH ICELANDAIRHOTELS LOFTLEIÐIR

GÍS
GÍTARSKÓLI ÍSLANDS

Gítarnámskeið
Einkatímar

Skráning hafin

Sími 581-1281
gitarskóli@gitarskoli.is
www.gitarskoli.is

Zúúber snýr aftur!
Þrjár góðar ástæður til að vakna kl. 7 á morgnanna!



Niðurlæging og persónuleiki

NOKKUR ORÐ
Vigdís Þormóðsdóttir

Hver sá sem hefur gengið í gengum barnaskóla hefur kynnst boltaíþróttum og þeirri ógn og skelfingu sem óhjákvæmilega fylgir þátttöku í þeim. Það er að segja, niðurlægingin sem fylgir þátttöku ef maður er lélegur í boltaíþróttum; ef maður er framúrskarandi íþróttamaður fylgir því ekkert annað en upphefð að leika sér með bolta. Á móti kemur að fólk sem ekki ber ör á sálinni eftir íþróttaástundun æskuáranna missti klárlega af afar mótandi reynslu og hefur í dag einhvers konar lina amöbu í stað persónuleika.

En aftur að niðurlægingunni. Í augum flestra barna eru liðleiki, styrkur og hraði eftirsóknarverðari eiginleikar en gott minni og skilningsgáfa. Það er því óendanlega mikið meira niðurlægjandi að vera lélegur í leikfimi en lélegur í stærðfræði eða lestri.

Vikulegur leikfimitíminn verður í hugum horrengla og fitubolla líkastur heimsókn til Víetnam á sjöunda áratugnum; bara stanslausar árásir, grimmd og engin miskunn. En mannapinn er fljótur að koma sér upp varnarviðbrögðum sem og flótta-áætlunum; þannig eru ótrúlega ung börn snögg upp á lagið með að barma sér yfir ýmsum kvillum sem leysa þau, tímabundið eða til frambúðar, undan því að þurfa að stunda líkamsrækt með bekkjarfélögum sínum. Eftir því sem börnin eldast gera þau sér svo betur og betur grein fyrir því að fólki er illa við að væna annað fólk um lygi, meira að segja þó að lygarinn sé barn og sá sem logið er að fullorðinn valdhafi. Því verða þau óragari við að beita ótrúlegustu brögðum til að skorast undan leikfimi þar til hryllingnum lýkur loks við útskrift úr menntaskóla. Þá hafa þau lina vöðva en stálslegna getu til að víkja sér undan.

myndasögur

Pondus

Eftir Frode Øverli

Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman

Handan við hornið

Eftir Tony Lopes



Kjölturakkar

Eftir Patrick McDonnell

Barnalán

Eftir Kirkman/Scott

Óperuhús á hausnum

Fjórðungur helstu óperuhúsa Ítalíu er á hausnum. Arena di Verona, sem hefur á undanförnum áratugum verið eitt helsta óperuhús heimsins undir beru lofti og sviðsetur stórar óperusýningar, er síðasta óperuhúsið sem lendir á svörtum lista stjórnvalda á Ítalíu. Þau verða samkvæmt lögum að taka rekstur slíkra stofnana yfir fari skuldir yfir 30 prósent af eigin fé. Veróna, óperan í Napólí og Genúa eru í vandræðum. Samkvæmt fréttaritara Guardian í Róm kenna menn um sundurlyndi og deilum, lágum kostunarsamningum og lélegri fjármálastjórn. Ítalska blaðið Stampa segir óskiljanlegt að Veróna með 16.000 gesti í sumar, ríkisstyrk og kostun sé rekin með tapi. Kristján Jóhannsson var lengi áberandi söngvari á sviðinu í Veróna en þaðan voru gjarnan beinar útsendingar á stærri óperuverkum.

- pbb

TÓNLIST Kristján Jóhannsson var lengi ein af stjörnum Óperunnar í Veróna sem nú er á hausnum.

Norrænir tónar á haustjafndægrum

Kammerhópurinn Camerarctica kemur fram á tónleikum í Norræna húsinu í kvöld kl. 20, á haustjafndægrum, og leikur norræna tónlist.

Á efnisskrá tónleikanna má meðal annars finna einleiks- og kammerverk frá barokktímanum, klassíska tímanum og nútímanum eftir tónskáld á borð við Jörgen Bentzon, Johann Romann, Áskel Másson, Hafliða Hallgrímsson og Bernhard Crusell.

Flytjendur eru þau Ármann Helgason klarinettuleikari, Hildigunnur Halldórsdóttir fiðluleikari, Svava Bernharðsdóttir víóluleikari og Sigurður Halldórsson sellóleikari.

Camerarctica hefur starfað frá árinu 1992. Hópurinn hefur meðal annars leikið á Myrkum músíkdögum, Listahátíð í Reykjavík, Norrænum músíkdögum, Salisbury hátíðinni í Bretlandi og gefið út geisladisk með verkum eftir W. A. Mozart. Camerarctica var Tónlistarhópur Reykjavíkurborgar árið 2005.

Enginn aðgangseyrir er að tónleikunum en þeir eru unnir í samstarfi við Norræna húsið og Tónlistarsjóð.

-vþ

CAMMERARCTICA Kemur fram á tónleikum í Norræna húsinu í kvöld.

NÝJAR BÆKUR

Nýtt hefti Þjóðmála er komið út og hefur vakið nokkra athygli sökum greinar Óla Björns Kárasonar um Sjálfstæðisflokkinn. Margt annað efni er í heftinu: Gunnar Rögnvaldsson skrifar um frelsi Evrópubandalagsins, Vilhjálmur Eyþórsson skilgreinir flathyggjuna, Júlíus Sigurþórsson skannar veldi Rússa um þessar mundir, Þórdís Bachmann fjallar um Ólympíuleikana í Kína. Ritstjórinn, Jakob F. Ásgeirsson rekur sögu Varins lands. Fleiri greinar eru í heftinu auk ritdóma eftir, meðal annarra, Björn Bjarnason ráðherra um gamlar greinar Einar Más Jónssonar frá París 1968 sem nú eru komnar á bók. Þjóðlíf fæst hjá öllum betri bóksölum.

Ritið, tímarit Hugvísindastofnunar Háskóla Íslands, er komið út. Þetta fyrsta hefti ársins 2008 er helgað sögu og sjálfsmyndum. Anna Björg Þorgrímsdóttir skoðar hagnýtingu klisjunnar í ríkisstyrktu sýningarhaldi í landinu, Sigríður Matthíasdóttir rekur þróun í orðræðu um kvenleika og eðli kvenna og Svanur Kristjánsson skoðar ótta karla við að missa völd. Sverrir Jakobsson skoðar sagnfræði í kenningastíu og Guðmundur Jónsson kannar átök hefðar og nýjunga í fræðigreininni. Fleira er að finna í Ritinu en ritstjórar eru Björn Þorsteinsson og Gauti Kristmundsson.

Tímarit Máls og menningar, 3. hefti ársins er komið út í ritstjórn Silju Aðalsteinsdóttur. Efnið skiptist sem fyrr í umræður um menningafurðir og viðburði og greinar og ljóð. Jón Sen segir frá ferð sinni með Björk, Sigurbjörg Þrastardóttir segir frá Valbjörgu Kristmundsdóttur, systur Steins Steinarr, Ástráður Eysteinsson skrifar um þýðingar Sigurðar A. Magnússonar á verkum Joyce, Jón Karl Helgason rekur sambýli Jónasar Hallgrímssonar og Torfhildar Hólm. Þá er birt í heftinu bréf Gylfa Gíslasonar myndlistarmanns til föður síns sem lýsir sýningarferð hans til Þýskalands 1975. Ragnheiður Gestsdóttir birtir smásögu. Þá eru í heftinu ljóð eftir ýmsa, Lindu Vilhjálmsdóttur, Ófeig Sigurðsson, Sölva Björn Sigurðsson og fleiri.



visir.is
...ég sá það á visir.is

TM Software

Hagræðing
í upplýsingatækni

Ráðstefna TM Software 26. september

Dagskrá

Á ráðstefnunni verður farið yfir lausnir og reynslu TM Software sem leiða til hagræðingar fyrir fyrirtæki í rekstri tölvukerfa. Þrír gestafyrirlesarar segja frá sinni reynslu.

13:00 – Opnun

13:10 – Fyrri hluti
- Notendaþjónusta og kerfisrekstur
- Óskar J. Sandholt – framkvæmdastj. fræðslu- og menningarsviðs Seltjarnarnesbæjar
- Ráðgjöf – úttektir, innleiðingar, lausnir sem henta
- Microsoft Small og Essential Business Servers
- SharePoint lausnir – skjalastýring og ferli
- Citrix – fjarvinnslulausnir
- Netkerfi – rekstur og lausnir

15:00 – Hlé og léttar veitingar

15:15 – Seinni hluti
- Kristján Þór Hallbjörnsson – forstöðumaður upplýsingatæknisviðs Eimskips
- IP símkerfi
- Innkaupaþjónusta – val á búnaði og leyfum
- Upplýsingaöryggi – öruggir notendur
- Hjörtur Þorgilsson – upplýsingatæknistjóri Icelandair
- Pallborðsumræður

16:30 – Léttar veitingar

Þátttaka er ókeypis.

Dagsetning: 26. september
Tímasetning: 13 - 17
Staðsetning: TM Software Urðarhvarfi 6 í Kópavogi
Skráning: Skráning er nauðsynleg og fer fram á: www.tmsoftware.is eða í síma 545 3000 fyrir kl. 17 fimmtudaginn 25. september.



Hjá TM Software starfa um 230 starfsmenn sem hafa áralanga reynslu af hagræðingu í rekstri tölvukerfa og leita sífellt leiða til að nota upplýsingatækni við að lækka rekstrarkostnað fyrirtækja.

www.tmsoftware.is

Urðarhvarf 6
203 Kópavogur
Sími 545 3000

Skipagata 18
600 Akureyri
Sími 545 3500

info@tmsoftware.is

> ENGIN FRAMHALDSMYND

Sarah Jessica Parker fullyrðir að ekki verði gert framhald af kvikmyndinni Sex and the City. Kvikmyndin, sem gerð var í kjölfar gríðarlegra vinsælda þáttaraðanna, fékk góðar viðtökur um allan heim. „Það hefur tekið mig tvo síðastliðna áratugi að ná þessum árangri, og að biðja um eitthvað meira fyndist mér einfaldlega vera græðgi," svaraði leikkonan er hún var spurð um framhaldsmyndina.

fólk

folk@frettabladid.is

Miðasala á tónleika

MENNING Miðasala á sérstakatónleikahljómsveitarinnar Hjaltalín í Bæjarbíói hefst í dag. Tónleikarnir eru um leið kvikmyndasýning, því hljómsveitin mun flytja eigin tónlist við dönsku myndina Sögu Borgarættarinnar.

Tónleikarnir eru hluti af tónlistardagskrá Alþjóðlegrar kvikmyndahátíðar í Reykjavík og verða í Bæjarbíói hinn 3. október. Áður en þeir hefjast mun Jón Yngvi Jóhannsson segja frá kvikmyndinni, sem var fyrsta kvikmyndin sem tekin var upp á Íslandi.

- þeb

HLJÓMSVEITIN HJALTALÍN

VIKA SÍMENNTUNAR
22.-28. september 2008

Hver á að þreskja hveitið, hnoða deigið og baka brauðið ef allir eru á námskeiði?

Morgunfundur 24. september kl. 8.30 – 10.15. í Skeifunni 8

Hver er hagnaður fyrirtækis af því að starfsmenn með stutta formlega skólagöngu sæki sér þekkingu? Kunna þeir ekki allt sem starfið krefst?
Verður námið ekki til þess að þeir gera auknar kröfur, sækja frekara nám eða finni sér aðra vinnu? Er símenntun aðeins fyrir starfsmenn með framhaldsnám?

Frummælendur:

Jón Sigurðsson sérfræðingur, Viðskiptadeild Háskólans í Reykjavík
Pálmar Sigurðsson skrifstofu- og starfsmannastjóri Hópbíla
Rakel Steinvör Hallgrímsdóttir náms- og starfsráðgjafi hjá Mími-símenntun
Andrés Magnússon starfsmannastjóri Póstsins

Fyrirkomulag: Fjórar framsögur og pallborð
Stýring pallborðsumræðna: Aðalheiður Jónsdóttir verkefnastjóri viku símenntunar

Skráning: haukur@mimir.is
Hvar: Mímir-símenntun, Skeifunni 8, 2. hæð

Þátttaka er ókeypis og boðið er upp á léttan morgunverð. Húsið opnar klukkan 8.10.
Að fundinum loknum gefst gestum kostur á að kynna sér starfsemi Mímis-símenntunar.

Í viku símenntunar 2008 er áhersla á kynningu á staðbundnu námi fyrir einstaklinga með stutta formlega skólagöngu sem starfa hjá fyrirtækjum á almennum markaði. Vika símenntunar er haldin að frumkvæði menntamálaráðuneytisins en Mímir-símenntun er einn af framkvæmdaraðilum vikunnar fyrir hönd ráðuneytisins.

Mímir-símenntun leggur áherslu á að vera brú milli starfs og náms, þannig að allir finni tækifæri til að efla starfsmöguleika sína og lífsgæði.

EINN, TVEIR OG PRÍR 4.244

STARFSMENNTARÁÐ
MÍMIR símenntun
MENNTAMÁLARÁÐUNEYTIÐ

Skeifunni 8 • 108 Reykjavík • Sími 580 1800 • www.mimir.is

Hjónabandsglæpir

Sviðsetning Íslensku óperunnar á tveimur vinsælum og sígildum óperum, rétt aldargömlum, markar á vissan hátt tímamót í íslenskri óperusögu. Sveinn Einarsson leikstýrir þeim báðum kominn að miðjum áttræðisaldri og Kristján Jóhannsson kemur heim til að syngja hlutverk, sem skópu honum frægð í Evrópu, líka kominn að endalokum síns ferils. Þeir áttu saman upphaf í óperuflutningi í Þjóðleikhúsinu fyrir aldarfjórðungi.

Líftími leikstjóra getur verið langur, tenórar eiga stuttan starfsferil. Báðir starfa þeir í Íslensku óperunni í fyrsta sinn sem er enn ein sönnun þess að forráðamenn í íslensku leikhúsi kunna flest betur en að fara vel með þá krafta sem við eigum. Og sú staðreynd er nöturlegur vitnisburður um Íslensku óperuna og stjórnendur hennar. Varla er það persónulegt – ekki er það faglegt – og hvað liggur þá að baki? Heimskulegt er það alla vega. Og aftur er spurt hversvegna óperuflutningur í Þjóðleikhúsinu lagðist niður – í tíð núverandi óperustjóra, Stefáns Baldurssonar.

Eftirvænting var talsverð fyrir þennan flutning, virðing blandin ótta um að báðir þessir heiðursmenn – komnir af léttasta skeiði – eigi ekki erindi á pallinn. Léttirinn gerir enda strax vart við sig: Sveinsleg gamansemi umlykur sýninguna, býr til forleik á forleik ofan, en Tómas Tómasson flytur hinn sígilda prólóg og gerir það vel, eins og allt sem hann leggur til sýningarinnar bæði í hlutverkum Alfio og Tonio.

Þá er Eyjólfur Eyjólfsson hreint afbragð, bæði í sínum hlutverkum Í Cavalleria og svo hlutverki Peppe í Pagliacci. Hann getur hreyft sig og var næstur því að ná mímunni sem verður atriði í Trúðunum (Il Pagliacci).

Hljómsveitin hljómar vel, kórinn stendur sig afbragðsvel en hefði óneitanlega mátt fá meiri athygli, einkum í atriðum Trúðanna þar sem farandleikararnir leika fyrir þorpsbúa, eitt þessara erfiðu atriða í sviðsetningu þar sem leikrit er í leiknum og stór hluti þeirra sem á sviðinu situr er að fylgjast með. Sem fyrr er engin möguleiki fyrir hann að hreyfa sig, en stöðugleiki er hér sem oft áður einkenni á sýningunni. Sem er miður.

Bæði Sveinn og Kristján hafa lagt nokkra áherslu á leikinn í sýningunum, enda er uppstilltur og hreyfingarlítill leikstíll horfinn af sviðum heimsins. Áhorfendur vilja hreyfingarmikinn leik, samtvinnun hreyfingar og söngflutnings – svo vilja þeir líka stjörnur sem hafa til að bera sterka persónuleika – og grannar að auki. Það þarf að segja það en margir sólóistar í þessari sviðsetningu Óperunnar hefðu mátt tína af sér nokkur kíló. Hún er líkamleg að því leyti, þó að Sveinn forðist líkamlega snertingu söngvaranna, sem ég skil ekki til dæmis milli Santuzzu og Turiddo.

Sviðsetningin er elskuleg og brosmild en veik í stöðum, ekki styrkt með átökum í návígi einkum í fyrri hlutanum. Nú ber Kristján af í túlkun í leik sínum í Pagliacci. Þekkir út í æsar stefnumiðin í hverju orði. Hann á í talsverðum erfiðleikum í söngnum á köflum, víbrató slær gegnum lengri hljóma, og mæðist nokkuð í leiknum. En öryggið er heilt í tökum hans.

Jóhann Friðgeir syngur hlutverk Turiddo af öryggi og prýði, túlkun hans er nokkuð grunn og hann hefði mátt fá miklu nákvæmari leikstjórn.

Eins og oft er með Cavalleria finnst mér grunnkjarni sögunnar ekki skýr: hvers vegna segist Santuzza glötuð – hvaða synd hefur hún framið svo stóra að hún er útskúfuð í þorpinu? Er hún eldri en hermaðurinn ungi sem kemur heim og hefur misst kærustuna sína í hendur ekilsins, tekur hann saman við þorpshóruna – er það þess vegna sem hún er fordæmd? Hvers vegna stendur hún utan kirkjunnar í hinum mikla lofsöng en er ekki í miðjum bænahópnum? Er hún barnshafandi í rauninni? Elín Ósk mun syngja Santuzzu á móti Auði Gunnarsdóttur sem maður verður eiginlega að sjá, rétt eins og nauðsynlegt er að sjá Jóhann Friðgeir í Trúðunum.

Oft hef ég heyrt innilegri fögnuð í Gamla bíói. Hér var samt áferðarfalleg sýning, kór og hljómsveit í fínu standi, söngvarar standa sig allir í góðu meðallagi, en samleikur hefði mátt vera meiri, návígi í harkalegum tilfinningalegum átökum er illa nýtt – sem er stíll á sýningunni – en greinarbetri samleikur hefði að öllum líkindum skilað áhrifameiri sýningu því nálægð er óvenjumikil í þessu húsi og verkin bæði bjóða upp á sterkan persónuleik án þess að söngurinn verði í öðru sæti.

Þórunn Sigríður gerir leikmynd með tvöföldum ramma, sem dreginn er sterkum lit. Söm við sín höfundareinkenni, heitan lit á móti köldum. Henni tekst ekki frekar en mörgum fyrirrennurum sínum að leysa þrautina miklu: það kemst ekkert fyrir á þessu sviði nema með sviðsrænum harmkvælum. Helga er að vanda skrautgjörn í búningasmíð, samhæfð lausn hennar er einföld, en fellur ekki að mínum smekk, og dálítið á skjön við fagurfræði Þórunnar. Gervi á hár og fés eru ærið hefðbundin og sviplítil.

Það er innskotsbrandari snemma í sýningunni um nýtt óperuhús. Við verðum að sjá miklu betri sýningar almennt á vegum Íslensku óperunnar til að réttlæta þá fjárfestingu. Raunar má ætla að það færi betur á að halda tvær sviðsetningar í nýju tónlistarhúsi, reka skemmu fyrir leikmyndir sem tryggði endurupptöku sviðsetninga, kosta lengri æfingartíma, jafnvel hærri laun til söngvara sem þurfa að deila ferli sínum milli útlanda og heimamarkaðar.

Margt bendir til að við séum á einhverjum skilum um stefnuna í opinberum styrkjum til húsreksturs, leikflokkareksturs og stakra verkefna. Íslensku óperuna vantar brýnt samkeppni ef hún er tekin að líta á það sem stefnumið að setja upp söngleiki með coverlögum af söngvaskrá Janis Joplin.

Bæði Sinfónían og Þjóðleikhúsið verða að taka stefnu sína gagnvart óperusviðsetningu til endurskoðunar. Þessi sýning er minnisvarði. Það er gott að staldra við hana, mikilvægt að sjá hana, en við verðum að halda áfram og komast lengra í óperulistinni hér á landi.

Páll Baldvin Baldvinsson

LEIKLIST

Cavalleria Rusticana og Il Pagliacci

Leikstjóri: Sveinn Einarsson
Hljómsveitarstjóri: Kurt Kopecky
Leikmynd: Þórunn S. Þorgrímsdóttir
Búningar: Helga Björnsson
Lýsing: Páll Ragnarsson

Áferðarfalleg en nokkuð stíf sviðsetning.

★★★

LAGERHREINSUN



Síðustu dagar útsölunnar

Allt að
80%
afsláttur

Smávara

Kertastjakar

Ljós og lampar

Stakir stólar

Borðstofuhúsgögn

Hillur og skápar

Barnahúsgögn frá Cilek

Útlitsgallaðar dýnur

og skiptidýnur frá

Svefn & heilsa
★★★★★

Takmarkað magn af öllu

Kletthálsi 13
mán.-fös. 10-18, lau. 12-15
Sími 660 0035

HÚSGÖGNIN
HEIM

SAMBÍÓIN

SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA		
CHARLIE BARTLETT	kl. 8:10 - 10:30	12
JOURNEY 3D DIGITAL-3D	kl. 5:50 - 8 - 10:10	L
DEATH RACE	kl. 8:20 - 10:30	16
TROPIC THUNDER	kl. 8:10 - 10:30	16
SVEITABRÚÐKAUP	kl. 5:50 - 8	L
DARK KNIGHT	kl. 5:30 - 10:10	12
DARK KNIGHT	kl. 5:50 - 8:40	VIP
STAR WARS	kl. 5:50	L
WALL-E m/ísl. tali	kl. 5:50	L

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI		
CHARLIE BARTLETT	kl. 5:50 - 8 - 10:10	12
JOURNEY 3D	kl. 6 - 8:10 - 10:20	L
SMART PEOPLE DIGITAL-3D	kl. 8 - 10:10	12
GET SMART	kl. 5:50	L

SAMBÍÓIN SELFOSS		
TROPIC THUNDER	kl. 8	16
DEATH RACE	kl. 10:20	16
SVEITA BRÚÐKAUP	kl. 8	L
THE STRANGERS	kl. 10:20	16
MAMMA MÍA	Sýnd næst 27. og 28. sept.	L

SAMBÍÓIN AKUREYRI		
MIRRORS	kl. 8	16
SVEITABRÚÐKAUP	kl. 8	L

SAMBÍÓIN KEFLAVÍK		
STEP BROTHERS	kl. 8 - 10:10	12
MAMMA MÍA	kl. 8	L
DEATH RACE	kl. 10:10	16

NÝTT Í BÍÓ!

SMÁRA BÍÓ SÍMI 564 0000		
PINAPPLE EXPRESS D	kl. 5.30 - 8 - 10.30	16
PINAPPLE EXPRESS LÚXUS - D	kl. 5.30 - 8 - 10.30	16
MIRRORS	kl. 8 - 10.30	16
STEP BROTHERS	kl. 5.45 - 8 - 10.15	12
MAKE IT HAPPEN	kl. 4 - 6	L
MAMMA MIA	kl. 5.30 - 8 - 10.30	L
GRÍSIRNIR 3	kl. 4	L
	5%	

REGNBOGINN SÍMI 551 9000 650 kr. ÓDÝRT Í BÍÓ!		
STEP BROTHERS	kl. 5.45- 8 - 10.30	12
TROPIC THUNDER	kl. 5.30- 8 - 10.30	16
MAKE IT HAPPEN	kl. 8 - 10.20	L
SKRAPP ÚT	kl. 6 - 8 - 10	12
GRÍSIRNIR 3	kl. 6	L

allar myndir - allar sýningar - alla daga

HÁSKÓLABÍÓ SÍMI 530 1919		
PINAPPLE EXPRESS	kl. 5.30 - 8 - 10.30	16
BRIDESHEAD REVISITED	kl. 6 - 9	12
MIRRORS	kl. 10.30	16
SVEITABRÚÐKAUP	kl. 5.45 - 8 - 10.15	L
MAMMA MIA	kl. 5.30 - 8	L
	5%	

BORGARBÍÓ SÍMI 462 3500		
PINEAPPLE EXPRESS	kl. 8 - 10	16
JOURNEY TO THE CENTER ENGI Í 3D	kl. 6 -8	12
STEP BROTHERS	kl. 10	L
MAMMA MIA	kl. 6	L
	5%	

50 KR. AFSLÁTTUR EF ÞÚ KAUPIR BÍÓMIÐANN Á midi.is

FÆRÐ 5% ENDURGREITT EF ÞÚ BORGAR BÍÓMIÐANN MEÐ KREDITKORTI AUKAKRÓNUR

Nýtt í bíó

LAUGARÁSBÍÓ Sími: 553 2075 - bara lúxus

LAUGARÁSBÍÓ SÝNINGARTÍMAR		
PINEAPPLE EXPRESS	kl. 5.45, 8 og 10.15	16
JOURNEY 3D - DIGITAL 3D	kl. 4, 6 og 8	L
GRÍSIRNIR ÞRÍR - ÍSL. TAL	kl. 4	L
MAMMA MIA	kl. 4, 6.30, 9 og 10.15	L

AUKAKRÓNUR FÆRÐ 5% ENDURGREITT EF ÞÚ BORGAR BÍÓMIÐANN MEÐ KREDITKORTI! TENGDU AUKAKRÓNUR!

Semja sjálf með Víkingi

Stúdentaleikhúsið hefur hafið starfsemi haustannar. Leikstjóri að þessu sinni er Víkingur Kristjánsson. „Við ætlum að semja leikritið sjálf, við erum sem sagt ekki með handrit til að vinna eftir, þótt við séum með mjög grófa grind. Við stefnum á að frumsýna í nóvember," segir Sigríður Eir Zophaníasardóttir einn stjórnarmeðlima Stúdentaleikhússins.

Stúdentaleikhúsið á 80 ára afmæli í ár og stefnt er á fögnuð í tilefni af því.

Sýnt verður í Norræna húsinu, sem hélt einmitt upp á fertugsafmæli sitt í lok sumars. Eftir áramót verður svo litið til listamanna í yngri kantinum.

„Við ætlum að reyna að fá ungt leikritaskáld til að semja fyrir okkur verk. Okkur finnst að Stúdentaleikhúsið eigi að gefa ungum og upprennandi listamönnum tækifæri til að láta ljós sitt skína, bæði leikritaskáldum og leikstjórum, en við ætlum einmitt að yngja upp í leikstjóravali eftir áramót. Við erum í viðræðum við einn nýútskrifaðan."

„Það er líka gaman að segja frá því að við erum með lærðan búninga- og sviðsmyndahönnuð með okkur fyrir áramót. Hún heitir Eva Signý, þannig að allir sem hafa áhuga á svoleiðis einhverju geta aldeilis bætt í reynslubankann með því að koma og vinna með henni," segir Sigríður. **-kbs**

VIÐ STJÓRNVÖLINN. Víkingur leiðir sköpunina í haust.

UNG OG FERSK Sigríður segir Stúdentaleikhúsið vettvang ungra listamanna.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Reaper bestu þættirnir

Fjöldi nýrra erlendra sjónvarpsþátta verður sýndur á Stöð 2, Skjá einum og í Ríkissjónvarpinu í vetur. Fréttablaðið tók saman þær einkunnir sem hluti þeirra hefur fengið hjá bandarískum gagnrýnendum.

Einkunnirnar eru fengnar af heimasíðunni Metacritic.com sem tekur saman meðaltal einkunna sem gagnrýnendur gefa sjónvarpsþáttum sem eru sýndir vestanhafs. Hæst eru gefin hundrað stig. Samkvæmt síðunni eru bestu þættirnir Reaper sem Ríkissjónvarpið sýnir eftir áramót. Fjalla þeir um ungan mann sem kemst að því að foreldrar hans seldu kölska sál hans áður en hann fæddist. Þar af leiðandi er hann neyddur til að koma fólki fyrir kattarnef það sem eftir er ævinnar.

Versti þátturinn verður einnig sýndur á RÚV eftir áramót. Nefnist hann Carpoolers og fjallar um hóp náunga úr bandarísku úthverfi sem ákveða að keyra saman í bíl í vinnuna.

Ljóst er að sjónvarpsáhorfendur munu hafa úr nógu að moða í vetur hvað erlenda þætti varðar, því fyrir utan þá sem hér er minnst á eiga fleiri nýir þættir eftir að bætast við síðar meir. Má þar nefna Little Britain USA sem margir bíða eftir með mikilli eftirvæntingu. Einnig halda vinsælir þættir áfram frá síðasta vetri, þar á meðal House, Heroes, Lost, Ugly Betty, American Idol og 24.

REAPER Þættirnir Reaper, sem verða sýndir í Ríkissjónvarpinu eftir áramót, þykja mjög góðir.

MAD MEN Sjónvarpsþátturinn Mad Men fær bestu einkunnina af þeim þáttum sem eru væntanlegir á Stöð 2.

90210 Sjónvarpsþátturinn 90210 fær slaka einkunn hjá Metacritic.com, eða 46 stig af 100 mögulegum.

RÍKISSJÓNVARPIÐ

Reaper - 81
Eli Stone - 62
Greek - 62
Carpoolers - 37

SKJÁR EINN

Kitchen Nightmares - 66
In Plain Sight - 56
Swingtown - 49
90210 - 46

STÖÐ 2

Mad Men - 77
Chuck - 74
Terminator: Sarah Connor Chronicles - 74
Burn Notice - 69
Fringe - 67
Breaking Pad 74
The Big Bang Theory 57

Brautryðjandinn snýr aftur

Of gott er þriðja plata Sesars A. Áður komu Stormurinn á undan logninu (2001) og Gerðuþaðsjálfur (2002). Sesar A er listamannsnafn Eyjólfs Eyvindarsonar en hann er einn af brautryðjendum íslenska rappsins og hefur sérstaka og flotta rödd. Of gott var nokkur ár í vinnslu, en Sesar hefur dvalið töluvert í Evrópu undanfarið, mest í Barcelona þar sem hann nam kvikmyndaleikstjórn og var meðlimur í fjölþjóðlegu rappsveitinni IFS. Platan ber þess merki, en á henni er rappað á a.m.k. sjö tungumálum. Í laginu Worldwide sem er eitt af flottari lögum plötunnar rappa átta meðlimir úr IFS.

Það eru nokkur mjög flott lög á Of gott, meðal þeirra fyrrnefnt Worldwide sem Sesar semur ásamt Gísla Galdri, Á sama stað sem Diva de la Rosa syngur í, lokalagið Takk fyrir og Hosur grænar sem Sesar rappar ásamt Kúbverjanum Mel Seme og Japananum Shinya. Sérstaklega flottur taktur og viðlag í því. Tónlistin er yfir það heila vel heppnuð. Fönkí taktar og sándið flott. Textarnir eru hins vegar svolítið misjafnir. Það vill loða við svona alþjóðleg rappverkefni að menn eru í svaka góðum fjölþjóðlegum fíling en útkoman verður oft efnisrýr. Það eru samt ágætir textar hér líka, t.d. Efnisleg gæði. Ástin virðist vera Sesari efst í huga og þaðan kemur kannski titillinn Of gott. Gott fyrir hann auðvitað, en óeftirminnilegt fyrir hlustendur plötunnar.

Á heildina litið er þetta þokkalegasta plata hjá Sesari. Unnendur íslenskrar rapptónlistar ættu að leita hana uppi.

Trausti Júlíusson

TÓNLIST

Of gott

Sesar A

★★★

Þó að textarnir á Of gott séu ekki eftirminnilegir þá er tónlistin flott og nokkur frábær lög, t.d. Worldwide og Hosur grænar.

Fimm leikir í einum frábærum leik

Spore er hugarfóstur Wills Wright og er hann maðurinn á bak við SimCity og The Sims-leikina. Wright er einn af virtustu mönnum í leikjabransanum og er vanalega settur á sama stall og Sid Meier og Shigeru Myamoto. Allir þessir menn hafa mikil áhrif á iðnaðinn og leikir þeirra seljast vanalega í milljónum eintaka.

Hvað er Spore? Ein leið er að kalla leikinn „Sim Everything“, sem sagt allt Sim-tengt. Leikurinn líkir eftir þróun lífsins frá frumlífinu í hafinu allt til tuga milljóna ára síðar þegar lífið hefur sig á loft til stjarnanna. Eini munurinn er að áhrif spilarans móta þróun lífsins í Spore. Það er erfitt að fyllast ekki pínu stolti við að þróa líf frá frumu allt til þess að það teygir sig í átt til stjarnanna og vita að maður átti hlut í þróun þess lífs.

Það er hlutverk spilarans að þróa lífveru frá upphafi lífsins og leiða hana áleiðis í þróun sinni og til þess hefur hann ýmis tól og leiðir til að fara. Viltu að Sporedýrin þín verði kjötætur, grænmetisætur eða kannski hvort tveggja? Viltu að þau verði með tvær eða fjórar eða jafnvel sex hendur! Hvað ætli Charles Darwin myndi segja yfir furðuverum Spore?



TÖLVULEIKIR

Spore

Kominn út fyrir PC/Mac.

PEGI Merkingar: 12+ Leikurinn inniheldur atriði sem geta valdið óhug. Upplýsingar um PEGI merkingar má finna á www.saft.is.

★★★★

Frá frumu til stjarnanna í einum leik.

Forritin til að búa til dýr og farartæki eru eitthvað sem hægt er að eyða miklum tíma í. Það er virkilega einfalt að nota þau og að mörgu leyti er þetta eins og að leika sér með leir eins og maður gerði sem krakki og tekur ekki nema andartak að búa til.

Viltu ná árangri með hernaði eða sameina ættflokkana og að lokum alla plánetuna undir þínum fána? Allt eru þetta möguleikar sem standa til boða þegar Spore er spilaður og allan tímann er hægt að velja hvaða leið er farin.

Að flokka leikinn er erfitt, hann er í raun fimm leikir í einu, sem skiptast í frumu-, dýra-, ættbálka-, siðmenningar- og að lokum geimpart sem er langstærstur hluti leiksins og er hægt að vera tímunum saman bara í honum að kanna himingeiminn og nema nýjar plánetur og breyta þeim eftir eigin þörfum. Hvern hefur ekki langað að hanna plánetu sem er með gulan himin, blátt land og bleikan sjó? Möguleikarnir eru miklir.

Maxis-hönnuðir Spore sáu sér leik á borði og gáfu út í byrjun sumarsins forrit sem býr til dýrin í Spore og er hluti af lokaleiknum. Með þessu gat fólk byrjað að búa til dýr strax sem síðan var hlaðið upp á Sporepedia-kerfið sem er kjölfesta leiksins. Áður en leikurinn kom út höfðu notendurnir búið til fleiri dýr en finnast á allri jörðinni! Þessi tala heldur áfram að stækka og að auki munu bætast við ýmis farartæki og hús. Fólk getur gerst áskrifendur að því sem aðrir búa til í gegnum leikinn og það gerir að verkum að hver nýr leikur sem er spilaður í Spore, svo lengi sem að þú ert nettengdur, mun tryggja fjölbreyttan leik og þú hreinlega veist aldrei hverju þá átt von á.

Hægt er, innan leiksins, að taka upp myndskeið og senda það beint inn á YouTube til að sýna vinum sköpunargáfu þína.

Svona flókinn leikur er ekki án vankanta. Að vera hálfpartinn fimm leikir í einu gerir það að verkum að það þarf að horfa á leikinn sem eina heildarmynd og hvað hann býður upp á en ekki dæma hann fyrir ákveðna hluta hans. Þetta er frumlegur og fjölbreyttur leikur sem býður upp á skemmtilega spilun og höfðar til margbreytilegs hóps.

Sveinn A. Gunnarsson

EKKERT SAFN Í BILI Abba-aðdáendur gráta.

Abbasafni frestað

Abba-aðdáendur sem voru búnir að panta sér pakkaferð til Stokkhólms næsta sumar þurfa nú að endurskoða ferðalagið sitt því opnun Abbasafnsins í Stokkhólmi hefur verið frestað um óákveðinn tíma.

Safnið átti að opna fjórða júní en það varð mun flóknara og erfiðara að breyta gamla tollhúsinu í Stokkhólmi í Abbasafn en menn sáu fram á í fyrstu. Þeirri hugmynd var því slaufað og nú er leitað að öðru húsnæði. Undirbúningur safnsins var langt á veg kominn og umsjónarmennirnir biðja aðdáendur að örvænta ekki. Abbasafnið verði opnað fyrr eða síðar á nýjum stað. Miðað við gríðarlegar vinsældir Abba í gegnum tíðina er ljóst að safnið á eftir að njóta mikilla vinsælda.

FÆRÐ ÞÚ HAUSTUPPBÓT?

Drögum út tuttugu milljónamæringa í september.

– Vertu með og fáðu þér miða á hhi.is eða hjá umboðsmanni.

Næsti útdráttur verður 24.09.2008

GOTT FÓLK

HAPPDRÆTTI HÁSKÓLA ÍSLANDS
vænlegast til vinnings

> Sverrir stýrir Fylki ekki áfram

Sverrir Sverrisson, þjálfari Fylkis, útilokar að hann haldi áfram með liðið á næsta ári, jafnvel þó að honum hafi tekist ætlunarverk sitt og tryggt sæti liðsins í Landsbankadeildinni. „Ég er mikill Fylkismaður og geng stoltur frá borði. Ég mun klára tímabilið en held ekki áfram eftir það. Ég hef nóg að gera í vinnu og hef einfaldlega ekki tíma. Að vera þjálfari er lífsstíll sem ég get ekki tileinkað mér núna og því er útilokað að ég haldi áfram," sagði Sverrir staðfastur eftir leikinn í gær.

sport
sport@frettabl

LANDSBANKADEILD KARLA: BLIKARNIR VORU TÖLUVERT FRÁ SÍNU BESTA Á KÓPAVOGSVELLI Í GÆR

Fylkir tryggði sæti sitt í efstu deild með stæl

„Þetta var einstaklega ljúfur sigur í dag og við vorum staðráðnir í að tryggja okkur sætið sjálfir með því að vinna þennan leik og vera ekki að treysta á að einhverjir aðrir myndu tapa. Og ég held að það hafi sést í leiknum, við vorum grimmari og einfaldlega betri en andstæðingurinn," sagði sigurreifur Haukur Ingi Guðnason, leikmaður Fylkis, eftir frækinn sigur liðsins á Blikum í Kópavoginum í gær. Lokatölur urðu 3-2, Árbæingum í vil, og lýgur Haukur Ingi engu í fullyrðingu sinni um að sigurinn hafi verið verðskuldaður. Leikmenn Fylkis voru gríðarlega ákveðnir, börðust fyrir hverjum einasta bolta og fórnuðu sér algjörlega fyrir málstaðinn. Og ætlunarverkið tókst, tímabundna þjálfaranum Sverri Sverrissyni til mikillar gleði. „Tilfinningin getur ekki verið mikið betri eftir sigurleik. Þetta var frábær frammistaða hjá strákunum í dag og þeir sýndu það og sönnuðu að þetta lið á heima í efstu deild," sagði Sverrir.

Jóhann Berg Guðmundsson kom heimamönnum yfir á 5. mínútu með marki úr vítaspyrnu og voru Blikar talsvert sterkari í upphafi leiks. Frábært mark Kristjáns Valdimarssonar á 35. mínútu hleypti miklu lífi í gestina og átta mínútum síðar kom Haukur Ingi þeim yfir með fallegu marki beint úr aukaspyrnu. Bæði lið fengu sín færi í síðari hálfleik en varamaðurinn Kjartan Andri Baldvinsson gulltryggði sigurinn á síðustu mínútu venjulegs leiktíma. Engu skipti þótt Marel Baldvinsson klóraði í bakkann á síðustu andartökum leiksins.

Blikar voru ekki upp á sitt besta í leiknum í gær og komst aldrei almennilegt flæði á þann skapandi og fjölbreytta sóknarleik sem Blikar eru vanir að spila. Arnars Grétarssonar var sárt saknað, en Ólafur Kristjánsson þjálfari ákvað að hvíla fyrirliða sinn í þessum leik. „Arnar er búinn að spila marga leiki á stuttum tíma og það verður að gefa gömlum manni eins og honum frí öðru hvoru. Hann var einfaldlega ekki tilbúinn í þennan leik. Við söknuðum hans vissulega en ef við þykjumst eiga breiðan hóp verðum við að geta leyft okkur að hvíla hann," sagði Ólafur en með tapinu misstu Blikar alla von um að hreppa hið eftirsótta 3. sæti deildarinnar, sem gefur sæti í Evrópukeppni að ári. - vig

BREIÐABLIK 2-3 FYLKIR

1-0 Jóhann Berg, víti (5.), 1-1 Kristján Valdimarsson (35.), 1-2 Haukur Ingi Guðnason (43.), 1-3 Kjartan Andri (90.), 2-3 Marel Baldvinsson (90.+2)

Kópavogsvöllur, áhorf.: 603
Valgeir Valgeirsson (4)

TÖLFRÆÐIN

Skot (á mark)	11–13 (4–4)
Varin skot	Vignir 1 – Fjalar 2
Horn	6–3
Aukaspyrnur fengnar	6–16
Rangstöður	4–5

Breiðablik 4–4–2 Casper Jacobsen 6 (36. Vignir Jóhannesson 4) - Arnór Aðalsteinsson 7, Finnur Orri Margeirsson 6, Srdjan Gasic 6, Hörður Bjarnason 5 - Alfreð Finnbogason 5 (72. Nenad Zivanovic -), Nenad Petrovic 6, Guðm. Kristjánsson 5, Jóhann Berg Guðmundsson 5, Prince Rajcomar 3 (63. Marel Baldvinsson 6), Magnús Páll Gunnarsson 4.

Fylkir 4–5–1 Fjalar Þorgeirsson 6 - Andrés Már Jóhannesson 7, ***Valur Fannar Gíslason 8**, Ólafur Stígsson 7, Kjartan Breiðdal 6 - Ingimundur Níels Óskarsson 7, Kristján Valdimarsson 7, Ian Jeffs 6, Halldór Hilmisson 6 (60. Peter Gravesen 5), Björn Orri Hermannsson 6 (90. Þórir Hannesson -), Haukur Ingi Guðnason 7 (73. Kjartan Andri Baldvinsson -)

Grindvíkingum tókst enn ekki að vinna á heimavelli:

Árni tryggði ÍA stig

FÓTBOLTI „Undirbúningurinn fyrir næsta tímabil hefst bara núna og menn verða að sýna að þeir séu þess verðugir að spila fyrir klúbbinn. Menn lögðu sig vel fram í dag og þetta var ágætis fótbolti oft á tíðum," sagði Arnar Gunnlaugsson, annar af þjálfurum Skagamanna, eftir 1-1 jafntefli þeirra gegn heimamönnum í Grindavík í gær.

Grindvíkingar náðu forystunni snemma leiks þegar Gilles Ondo skoraði. Árni Ingi Pjetursson jafnaði í seinni hálfleik og voru Skagamenn sterkari aðilinn eftir það, þó svo að skyndisóknir Grindvíkinga hafi verið hættulegar.

Hvað varðar næsta tímabil sagði Arnar:

„Okkur langar að halda áfram með liðið. Við erum að skoða okkar mál í Englandi og Skotlandi hvort það sé eitthvað hægt að flýta fyrir því að klára þjálfararéttindin. Við höfum trú á því að það sé hægt að klára það mál."

Scott Ramsay var bestur Grindvíkinga í leiknum.

„Okkur langaði auðvitað að vinna, enda ekki gengið vel á heimavelli, en það var ekki mikið í gangi í dag. Við spiluðum ekki sérstaklega vel. Árangurinn á heimavelli á að vera betri og það er eitthvað til að laga á næsta tímabili," sagði þessi geðþekki Skoti. - sjj

GRINDAVÍK 1-1 ÍA

1-0 Gilles Mbang Ondo (14.)
1-1 Árni Ingi Pjetursson ((51.)

Grindavíkurvöllur, áhorf.: 463
Magnús Þórisson (6)

TÖLFRÆÐIN

Skot (á mark)	11–15 (6–7)
Varin skot	Óskar 4 – Trausti 5
Horn	7–12
Aukaspyrnur fengnar	10–11
Rangstöður	2–1

Grindavík 3–5–2 Óskar Pétursson 5 - Bogi Rafn Einarsson 5 (75. Emil Daði Símonarson -), Zoran Stamenic 5, Eysteinn Hauksson 6, Marinko Skaricic 6, Jósef Jósefsson 5 - Alojsa Gluhovic 4, Orri Freyr Hjaltalín 5, Jóhann Helgason 6 (90. Alexander Veigar -) - Scott Ramsay 7, Gilles Ondo 4 (65. Tomasz Stolpa 5)

ÍA 4–3–3 Trausti Sigurbjörnsson 5 - Árni Thor Guðmundsson 6, ***Helgi Pétur Magnússon 7**, Heimir Einarsson 7, Guðjón H. Sveinsson 5 - Bjarki Gunnlaugsson 6, Guðmundur Böðvar Guðjónsson 5 (65. Ragnar Leósson 6), Þórður Guðjónsson 6 (65. Pálmi Haraldsson 5) - Jón Vilhelm Ákason 7, Björn Bergmann Sigurðarson 4 (46. Árni Ingi Pjetursson 6), Stefán Þór Þórðarson 5.

HK-ingar fallnir í 1. deild

HK féll úr Landsbankadeild í gær eftir 3-1 tap gegn Fjölni. Taphrina Kópavogsliðsins í upphafi móts reyndist því erfiður baggi að bera og því fór sem fór.

FÓTBOLTI HK-ingar þurftu nauðsynlega á þremur stigum að halda gegn Fjölni til þess að eygja von um áframhaldandi veru í efstu deild, en niðurstaðan var 3-1 tap. Og þar sem Fylkismenn fóru með sigur af hólmi í sínum leik hefði HK hvort sem er ekki nægt sigur til þess að breyta þeirri staðreynd að liðið mun leika í 1. deild næsta sumar.

„Það er grátlegt að HK sé fallið um deild og þetta er ömurleg stund," segir Rúnar Páll Sigmundsson, þjálfari HK.

„Við reyndum hvað við gátum að sækja til sigurs en það gekk ekki eftir í þetta skiptið. Í stöðunni 2-1 fannst mér vera smá möguleiki fyrir okkur en Fjölnir fær svo dæmda mjög ódýra vítaspyrnu og það gerði út um leikinn að mínu mati," segir Rúnar Páll.

Spurður út í framtíð sína hjá HK kvaðst þjálfarinn vera óviss um stöðu mála.

„Ég ætla bara að vona að það verði tekið á málum hjá HK og það er mikilvægt að halda í þá ungu og efnilegu stráka sem eru hjá liðinu. Ég hef áhuga á því að starfa áfram í kringum þetta hjá HK og við sjáum til hvað gerist þegar tímabilið klárast," segir Rúnar Páll að lokum.

Vítavert einbeitingarleysi HK-inga í upphafi leiks varð til þess að Fjölnismenn tóku forystu strax á 2. mínútu.

Boltinn barst þá til Péturs Georgs Markan í vítateignum og hann gerði sér lítið fyrir og lyfti boltanum snyrtilega yfir bjargarlausan Gunnleif Gunnleifsson í marki HK og staðan orðin 1-0.

Fjölnismenn bættu við öðru marki eftir rúman stundarfjórðung þegar Davíð Þór Rúnarsson þrumaði að marki rétt utan vítateigs og boltinn fór efst í markhornið. Mark af dýrari gerðinni og HK-ingar í vondum málum en staðan var enn 2-0 þegar flautað var til hálfleiks.

HK-ingar minnkuðu muninn með marki Sinisa Kekic úr vítaspyrnu á 63. mínútu en stuttu síðar fengu Fjölnismenn einnig víti, þegar Tómas Leifsson féll í teignum við litla snertingu. Gunnar Már Guðmundsson tók vítið og skoraði og það reyndist síðasta mark leiksins.

„Það var búið að dæma okkur niður fyrir löngu en við börðumst áfram og gáfum okkur smá von. Við vorum ömurlegir fyrri hluta tímabils og þó svo að við höfum náð að rétta aðeins úr kútnum á lokasprettinum dugði það ekki til. En menn eiga samt að fá hrós fyrir það að hafa gefið sig alla í þetta," segir Gunnleifur, markmaður HK.

omar@frettabladid.is

VONBRIGÐI Látbragð markvarðarins Gunnleifs Gunnleifssonar, fyrirliða HK, segir allt sem segja þarf. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

FJÖLNIR 3-1 HK

1-0 Pétur Georg Markan (2.)
2-0 Davíð Þór Rúnarsson (16.)
2-1 Sinisa Kekic, víti (64.)
3-1 Gunnar Már Guðmundsson (68.)

Fjölnisvöllur, áhorf.:375
Einar Örn Daníelsson (4)

TÖLFRÆÐIN

Skot (á mark)	11–15 (6-5)
Varin skot	Þórður 2 – Gunnleifur 3
Horn	8–7
Aukaspyrnur fengnar	9–17
Rangstöður	9–1

Fjölnir 4–3–3 Þórður Ingason 6 - Magnús Ingi Einarsson 7, Óli Stefán Flóventsson 4 (70. Ásgeir Aron Ásgeirsson 6), Kristján Hauksson 6, Gunnar Valur Gunnarsson 6 - Heimir Snær Guðmundsson 6, ***Ágúst Þór Gylfason 7**, Pétur Georg Markan 6 (90. Guðmundur Karl Guðmundss. -) - Tómas Leifsson 6, Gunnar Már Guðmundsson 7, Davíð Þór Rúnarsson 6 (83. Andri Valur Ívarsson -).

HK 4–4–2 Gunnleifur Gunnleifsson 6 - Damir Muminovic 5, Ásgrímur Albertsson 4, Finnbogi Llorens 3, Hörður Árnason 5 - Stefán Eggertsson 3 (46. Hörður Már Magnússon 7), Finnur Ólafsson 6, Rúnar Már Sigurjónsson 5 (75. Almir Cosic -), Aaron Palomares 5 (46. Iddi Alkhag 6) - Hörður Magnússon 7, Sinisa Kekic 7.

Mótorsport

Race of the Champions
13.–15. desember

Hver er fljótastur? Hver er bestur? Á hverju ári mæta bestu aksturs-íþróttamenn heims og taka heldur betur á því.

Verð á mann í tvíbýli:
69.900 kr.

Innifalið: Flug með sköttum og öðrum greiðslum, gisting í 2 nætur með morgunverði og aðgangsmiði á Race of the Champions.



Nánar á **expressferdir.is** eða í síma **5 900 100**

Express ferðir
Ferðaskrifstofa í eigu Iceland Express

Fimm leikir fóru fram í ensku úrvalsdeildinni en Arsenal heldur toppsætinu:

City niðurlægði Portsmouth

FÓTBOLTI Chelsea mistókst að ná toppsætinu af Arsenal þegar liðið gerði 1-1 jafntefli gegn Manchester United. Það voru hins vegar nágrannar Englandsmeistaranna sem stálu senunni í gær með 6-0 sigri gegn Portsmouth.

„Þetta var langbesta framistaða hjá liði sem ég hef stýrt. Og ef það var einhvern tíman dagur til þess að heilla, þá var það þessi dagur," segir Mark Hughes, knattspyrnustjóri City, en eigendur City voru á meðal áhorfenda á Borgarleikvanginum í Manchester.

Harry Redknapp, knattspyrnustjóri Portsmouth, fór ekki leynt með vonbrigði sín í leikslok í gær.

„Ég er gríðarlega ósáttur og ég átti alls ekki von á úrslitum sem þessum," segir Redknapp.

Manchester United var nálægt því að binda enda á met Chelsea á heimavelli sínum en liðið hafði ekki tapað í 84 leikjum á Brúnni í ensku úrvalsdeildinni.

Ji-Sung Park kom United í fyrri hálfleik en varamaðurinn Salomon Kalou jafnaði leikinn þegar um tíu mínútur lifðu leiks og þar við sat.

Luiz Felipe Scolari, knattspyrnustjóri Chelsea, lætur sér hins vegar fátt um finnast með met Chelsea.

„Metið sem slíkt hefur litla merkingu fyrir mér. Fyrir mér er aðalatriðið að vinna deildina," segir Scolari. - óþ

GLATAÐ TÆKIFÆRI United skaut Chelsea skelk í bringu á Brúnni. NORDIC PHOTOS/GETTY

ÚRSLIT

Enska úrvalsdeildin

Chelsea-Man. Utd	1-1
Kalou (80.) - Park (18.)	
WBA-Aston Villa	1-2
Morrison (34.) - Carew (27.), Agbonlahor (29.)	
Hull-Everton	2-2
Turner (18.), sm. (50.) - Cahill (73.), Osman (78.)	
Man. City-Portsmouth	6-0
Jo (13.), Dunne (20.), Robinho (57.) , Wright-Phillips (68.), Evans (78.), Fernandes (83.).	
Tottenham-Wigan	0-0

NÝR SINGSTAR
LENDIR 24. SEPTEMBER
12.
HVER VINNUR!
Vinningar verða afhendir hjá BT Smáralind, Kópavogi. Með því að taka þátt ertu kominn í SMS klúbb, 149 kr/skeytið.
30 sjóðheit popplög í glænýjum Singstar leik
singstar
hottest hits
SENDU BTC SHH
Á NÚMERIÐ 1900
OG ÞÚ GÆTIR UNNIÐ EINTAK!
VINNINGAR ERU SINGSTAR HOTTEST HITS
OG AÐRIR SINGSTARLEIKIR, DVD, PEPSI OG MARGT FLEIRA
PlayStation 2
singstar hottest hits
12+
Sony Ericsson
SMS
EIKUR
singstar LEGENDS
singstar Rocks!
PlayStation 2

Fram 2-1 Valur

Laugardalsvöllur, áhorf.: 612 — Eyjólfur Kristinsson (6)

1-0 Ívar Björnsson (8.), 2-0 Joseph Tillen (46.), 2-1 Baldur Aðalst. (62.)

TÖLFRÆÐIN

Skot (á mark)	6–11 (4–7)
Varin skot	Hannes Þór 5 – Kjartan 1
Horn	5–4
Aukaspyrnur fengnar	14–12
Rangstöður	9–4

FRAM 4–5–1		VALUR 4–4–2	
Hannes Þór Halldórs.	8	Kjartan Sturluson	5
Daði Guðmundsson	6	Steinþór Gíslason	6
Auðun Helgason	8	Atli Sveinn Þorarinss.	7
Reynir Leósson	6	Barry Smith	5
Sam Tillen	7	Bjarni Ólafur Eiríkss.	4
***Ívar Björnsson**	**8**	Baldur Aðalsteinsson	7
Ingvar Þór Ólason	5	Baldur Bett	4
Halldór Hermann	7	Sigurbjörn Hreiðarss.	4
Paul McShane	7	(80. Albert Ingason	-)
(88. Örn Kató Haukss	-)	Guðmundur Steinn	5
Joseph Tillen	6	(36. Hafþór Ægir	3)
(70. Heiðar Geir	-)	Guðm. Benediktsson	4
Hjálmar Þórarinsson	7	(65. Henrik Eggerts	4)
		Helgi Sigurðsson	3

FH 3-2 Keflavík

Kaplakrikavöllur, áhorf.: 2118 — Kristinn Jakobsson (8)

1-0 Ásgeir Gunnar (57.), 2-0 Atli Viðar (67.), 2-1 Magnús Þorsteinss. (77.), 2-2 Magnús Þorsteinsson (81.), 3-2 Atli Viðar (90.)

TÖLFRÆÐIN

Skot (á mark)	22–15 (7–4)
Varin skot	Gunnar 2 – Ómar 2
Horn	12–4
Aukaspyrnur fengnar	9–12
Rangstöður	1–4

FH 4–4–2		KEFLAVÍK 4–4–2	
Gunnar Sigurðsson	5	Ómar Jóhannsson	7
Guðm. Sævarsson	7	Guðjón Árni Ant.	3
Dennis Siim	6	Kenneth Gustafsson	6
Tommy Nielsen	7	Hallgrímur Jónasson	7
Freyr Bjarnason	6	Brynjar Guðmunds.	6
(85. Hjörtur Logi	-)	Símun Samuelsen	3
Matthías Guðm.	5	Hans Mathiesen	4
(85. Matthías Vilhj.	-)	(72. Magnús Þorst.	-)
Ásgeir Gunnar Ásg.	7	Hólmar Örn Rúnars.	4
***Davið Þór Viðarss.**	**8**	Jóhann Birnir Guðm.	3
Tryggvi Guðmunds.	7	(72. Jón Gunnar	-)
Atli Guðnason	4	Guðm. Steinarsson	6
Atli Viðar Björnsson	8	Patrik Redo	6
(90. Björn Daníel	-)	(78. Þórarinn Krist.	-)
		*Maður leiksins	

KR 5-2 Þróttur

KR-völlur, áhorf.: 1023 — Þorvaldur Árnason (8)

1-0 Bjarni Guðjóns. (7.), 2-0 Viktor Bjarki Arnarss. (31.), 2-1 Hjörtur Hjartars. (34.), 3-1 Björgólfur Takefusa (45.), 4-1 Guðjón Baldvinsson (46.), 5-1 Gunnar Örn Jónsson (70.), 5-2 Adolf Sveinsson (90.)

TÖLFRÆÐIN

Skot (á mark)	23–7 (11–5)
Varin skot	Stefán Logi 3 – Daníel 7
Horn	6–4
Aukaspyrnur fengnar	11–9
Rangstöður	2–0

KR 4–4–2		ÞRÓTTUR 4–4–2	
Stefán Logi Magnús.	5	Daníel Karlsson	3
Skúli Jón Friðgeirss.	6	Eysteinn Lárusson	3
Gunnlaugur Jónsson	5	Þórður Hreiðarsson	4
Grétar Sigurðarson	6	Michael Jacksson	3
Guðm. Reynir Gunn.	7	Kristján Ómar Björns.	3
***Gunnar Örn Jónsson**	**8**	Rafn Andri Haraldss.	6
(75. Óskar Örn Hauks.	-)	Hallur Hallsson	4
Jónas Guðni Sævarss.	6	Magnús Már Lúðviks.	3
Bjarni Guðjónsson	7	(60. Andrés Vilhjálm.	5)
(75. Atli Jóhannsson	-)	Sigmundur Kristjáns.	6
Viktor Bjarki Arnarss.	8	Jesper Sneholm	4
Björgólfur Takefusa	7	(68. Adolf Sveinsson	6)
(85. Davið Birgisson	-)	Hjörtur Hjartarson	6
Guðjón Baldvinsson	8	*Maður leiksins	

STAÐAN

LANDSBANKADEILD KARLA

1. Keflavík	**21**	**14**	**4**	**3**	**53-29**	**46**
2. FH	20	13	2	5	45-25	41
3. Fram	**21**	**12**	**1**	**8**	**29-20**	**37**
4. KR	21	11	3	7	37-23	36
5. Valur	**21**	**11**	**2**	**8**	**34-27**	**35**
6. Breiðablik	20	8	6	6	40-31	30
7. Fjölnir	**21**	**9**	**1**	**11**	**36-33**	**28**
8. Grindavík	21	8	4	9	28-36	28
9. Fylkir	**21**	**6**	**4**	**11**	**24-38**	**22**
10. Þróttur	21	5	7	9	28-45	22
11. HK	**21**	**4**	**3**	**14**	**24-46**	**15**
12. ÍA	21	2	7	12	18-43	13

Framarar eru komnir í bílstjórasætið í baráttunni um þriðja sæti Landsbankadeildarinnar eftir sigur á Val:

Framarar höfðu sætaskipti við Valsmenn

FÓTBOLTI „Við erum betri allan tímann á móti hörkugóðu Valsliði. Við erum með þetta í hendi okkar. Allt liðið á hrós skilið. Þetta var ógeðslega gott í dag. Við vildum þetta bara meira," sagði Auðun Helgason eftir sigur Fram á Val, 2-1, á Laugardalsvelli í gær.

„Við vildum fylgja eftir leiknum á móti FH og við gerðum það í dag. Við fengum á okkur eitt mark. Við gerum í raun bara ein mistök og þeir nýta sér það. Það fór enginn á taugum og það var ekkert stress. Við erum djöfull góðir ef við vinnum sem eitt lið og við vorum það í gær. Það er komið hjarta í þetta lið og við þurfum að halda því sláandi," sagði Auðun.

SKRAUTLEGT FAGN Framarinn Ívar Björnsson átti góðan leik í gær og hér fagnar hann marki sínu. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

„Það er sérstaklega erfitt að spila við Framara ef þú gefur þeim mark í byrjun eins og við gerðum. Við vorum ekki nægjanlega einbeittir og þeir labba bara í gegnum okkur snemma leiks. Þá er mjög erfitt að eiga við Framara vegna þess að þeirra leikstíll er að liggja til baka og leika hratt og þeir gera það mjög vel, sérstaklega þegar þeir eru komnir marki yfir," sagði Willum Þór Þórsson, þjálfari Vals, í leikslok.

„Í upphafi síðari hálfleiks látum við slá okkur kalda nánast við upphafsflaut. Ef ég get tekið eitthvað jákvætt út úr þessu þá lögðumst við ekki í völlinn. Við reyndum að klóra í bakkann allan tímann," sagði Willum, sem hefur ekki gefið upp alla von á að ná Evrópusæti.

„Á meðan það er von þá berjumst við." **- gmi**

FH-ingar neita að gefast upp

FH-ingar héldu lífi í titilvonum sínum með dramatískum sigri, 3-2, á Keflvíkingum. Atli Viðar Björnsson skoraði sigurmarkið í uppbótartíma eftir að varamaðurinn Magnús Þorsteinsson hafði jafnað leikinn.

FÓTBOLTI FH-ingar sýndu mikinn karakter á heimavelli sínum í gær er þeir lögðu Keflvíkinga, 3-2, í bráðskemmtilegum og dramatískum knattspyrnuleik. FH komst 2-0 yfir í leiknum en varamaðurinn Magnús Sverrir Þorsteinsson jafnaði með tveimur góðum mörkum.

Keflavík hefði tryggt sér Íslandsmeistaratitilinn með jafntefli en Atli Viðar Björnsson sló hátíðarhöldum í Keflavík á frest með því að skora þegar nákvæmlega 90 mínútur voru búnar af leiknum. Fjórum mínútum var bætt við leikinn og Keflvíkingar því aðeins fjórum mínútum frá titlinum.

„Ég er mjög ánægður með þennan sigur. Mér fannst við vera miklu betra liðið í leiknum og áttum sigurinn fyllilega skilið," sagði Heimir Guðjónsson, þjálfari FH, en hann viðurkenndi þó að hafa ekki litist á blikuna undir lok leiksins er FH sótti stíft en virtist fyrirmunað að skora. Til að mynda fór boltinn tvisvar í markstangir Keflavíkurmarksins.

„Ég var orðinn frekar efins um að þetta kæmi enda höfðum við líka fengið færi áður sem við nýttum ekki. Við sýndum aftur á móti karakter og kláruðum þetta."

Það má vel taka undir með Heimi að sigurinn hafi verið verðskuldaður. FH-ingar mættu gríðarlega grimmir til leiks og ætluðu augljóslega að selja sig dýrt. Heimir hafði breytt liðinu nokkuð og sett eldri og reyndari menn inn á kostnað yngri leikmanna og það skilaði sér.

FH stýrði umferðinni í fyrri hálfleik en Keflvíkingar fengu betri færi og voru í raun klaufar að komast ekki yfir. Keflvíkingar voru óvenju hægir í aðgerðum sínum og ekki sama grimmd í leik

EKKERT GEFIÐ EFTIR Atli Viðar Björnsson, framherji FH, er hér í harðri baráttu við Hans Mathiesen, miðjumann Keflavíkur, og hvorugur gefur tommu eftir. Dalvíkingurinn Atli Viðar reyndist FH drjúgur en hann skoraði sigurmarkið í uppbótartíma. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

þeirra og í síðustu leikjum. Lægddist að manni sá grunur að þeir hafi farið inn í leikinn með það að markmiði að halda stiginu í stað þess að keyra á það og vinna leikinn. Sú leikaðferð gekk engan veginn upp.

Síðari hálfleikur var frábærlega leikinn lengstum hjá FH-ingum. Ásgeir Gunnar kom þeim yfir á 57. mínútu með frábæru skoti utan teigs og Atli Viðar bætti öðru marki við tíu mínútum síðar.

FH fékk nokkur færi til þess að ganga endanlega frá leiknum en nýtti þau ekki. Það var nákvæmlega ekkert að gerast í leik Keflvíkinga þegar varamaðurinn Magnús Sverrir Þorsteinsson tók leikinn í sínar hendur og jafnaði með tveim góðum mörkum.

Lokamínúturnar voru æsilegar, FH pressaði stíft, skaut í tréverkið og markið virtist ekki ætla að koma er Atli Viðar skoraði af stuttu færi í uppbótartíma eftir að FH hafði unnið boltann af Keflvíkingum. 3-2 og verðskuldaður sigur í höfn.

Grátlega nálægt titlinum

„Ég er ekkert gríðarlega svekktur. Við náðum að jafna en vorum ekki nógu einbeittir undir lokin. Við áttum að hreinsa boltann fram í staðinn fyrir að hlaupa með hann fyrir utan vítateiginn," sagði Kristján Guðmundsson, þjálfari Keflavíkur, sem segist ekki hafa verið farinn að fagna inni í sér þegar Atli Viðar skoraði sigurmarkið. „Við vorum of hikandi í þessum leik og gáfum þeim allt of mikinn tíma á boltanum."

Til að spenna verði um næstu helgi þarf FH að vinna Breiðablik á miðvikudag. Takist það ekki er Keflavíkurliðið orðið meistari.

henry@frettabladid.is

Þróttarar máttu þola enn einn skellinn og fengu fimm mörk á sig á KR-vellinum:

KR ógnandi úr öllum áttum

FÓTBOLTI KR vann virkilega sannfærandi sigur á Þrótti 5-2 í síðasta heimaleik sínum í sumar. Sigurinn var aldrei í hættu.

Heimamenn buðu upp á blússandi sóknarbolta og áttu Þróttarar fá svör gegn sóknartilburðum þeirra. „Það var ógn hjá fremstu mönnum og kantmönnunum og þá eru bakverðirnir okkar friskir í sóknarleiknum. Við vorum með aragrúa af skotum á markið og þegar liðið nær að skora fimm mörk er ekki hægt að vera ósáttur," sagði Logi Ólafsson, þjálfari KR, eftir leikinn.

Bjarni Guðjónsson braut ísinn snemma leiks með sínu fyrsta marki í búningi KR og Viktor Bjarki Arnarsson bætti við marki eftir að hafa farið illa með vörn Þróttar. Gestirnir minnkuðu muninn en þá settu KR-ingar aftur í gírinn og innigluðu sigurinn með því að skora í blálok fyrri hálfleiks og svo strax í upphafi þess síðari. Sóknarlega var leikur KR-inga hreint frábær og Þróttarar áttu í stökustu vandræðum með líflega mótherjana.

„Þróttarar hafa í sumar leikið þéttan varnarleik en fyrir þennan leik höfðu þeir gefið það út að markmiðum þeirra væri náð. Það var því kannski engin ástæða fyrir þá að liggja eitthvað aftarlega. Við nýttum okkur það og hefðum getað skorað fleiri mörk," sagði Logi.

Það var deyfð yfir liði Þróttar og virtist sem þeir séu saddir eftir að hafa tryggt sæti sitt í deildinni. Það var hins vegar meira í húfi fyrir KR-inga sem nutu þess greinilega í botn að spila leikinn í gær en þeir eru í harðri baráttu um þriðja sæti deildarinnar. **- egm**

MARKAVEISLA Viktor Bjarki Arnarsson fagnar marki sínu á KR-vellinum í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

Sænski bikarinn í fótbolta:

Hjálmar og Ragnar unnu

FÓTBOLTI Hjálmar Jónsson og Ragnar Sigurðsson urðu í gær sænskir bikarmeistarar með liði sínu Gautaborg eftir spennandi úrslitaleik gegn Kalmar.

Gautarborgarmenn höfðu sigur eftir framlengingu og vítaspyrnukeppni en Hjálmar og Ragnar skoruðu úr sínum spyrnum. **- óþ**

Meistarakeppni Evrópu:

Ciudad sigraði

HANDBOLTI Ólafur Stefánsson og félagar í Ciudad Real unnu í gær Vesprém 32-28 í úrslitaleik Meistarakeppni Evrópu í handbolta. Alfreð Gíslason og lærisveinar hans í Kiel unnu Nordhorn 36-31 í baráttu þýsku liðanna um þriðja sætið.

Ólafur Stefánsson átti góðan leik í gær og skoraði fimm mörk fyrir Ciudad Real. **- óþ**

100% FJÁRMÖGNUN
50% ERLENT LÁN / 50% ÍSLENSKT LÁN

Hyundai gullegg
fæst einnig silfurlitað

Komdu í heimsókn og tryggðu þér eintak.

Nokkur stk. á sértilboði

Hyundai Santa Fe
5 dyra, 2.2l. dísel og sjálfskiptur.
Verð áður: 5.990.000
5.390.000
600.000 afsláttur

200.000 kr.
fyrir þann gamla.

Færir sá gamli þér gullegg?
Við bjóðum þér uppítökutryggingu að upphæð **200.000 kr.** Það þýðir að bíllinn þinn, sama hversu gamall og reyttur hann er, verður aldrei minna en **200.000 kr.** virði (þarf að vera gangfær og skoðaður ´08). Láttu sérfræðinga okkar meta bílinn.

i10

Getz

i30

Tucson

Gríptu gæsina í dag og fáðu þér nýjan Hyundai á kostakjörum.

HYUNDAI eru hagkvæmir og sparneytnir bílar með lága bilanatíðni. Æ fleiri minnast á hversu snotrir þeir eru orðnir og skemmtilegir í akstri. Hyundai kemur ávallt vel út, þegar borin eru saman gæði og verð.

Við köllum þennan takmarkaða fjölda lagerbíla, gulleggin okkar. Þetta eru nokkur vel búin eintök sem við bjóðum nú á mun lægra verði en áður. Nýttu tækifærið og fáðu þér ódýran og hagkvæman bíl. **Komdu við á Grjóthálsi í dag og reynsluaktu Hyundai. Þú tapar engu á því.**

Aukabúnaður á mynd: álfelgur og vindskeið. B&L áskilur sér rétt til verð- og búnaðarbreytinga án fyrirvara.

Gríptu gæsina í dag
og gerðu (g)eggjað góð kaup

B&L | Með bílinn handa þér
Grjótháls 1 | 110 Reykjavík | S 575 1200 | www.bl.is | bl@bl.is
Opið: 10-18 virka daga, 12-16 laugardag.

dagskrá

> Helen Mirren

„Það er sérkennilegt að fólk skuli halda að það þurfi góðan leikara til þess eins að líta illa út fyrir framan myndavél." Mirren leikur í myndinni The Queen sem sýnd er á Stöð 2 bíó í kvöld.

VIÐ TÆKIÐ SVAVAR HÁVARÐSSON FÓR HÚSAVILLT

Flatlúsarveltu frá því að vera kaþólskur prestur

„Miðað við þetta er ég flatlúsarveltu frá því að vera kaþólskur prestur", sagði bróðir minn í gærkvöldi í kjölfar safaríkrar sögu um þáttaröð nokkra sem fjallar um hugmyndaauðgi manneskjunnar við að fullnægja frumhvötum sínum. Áður en þú lesandi góður tekur upp á því að fletta sjónvarpsvísinum þá verð ég að valda þér vonbrigðum: Bróðir minn býr í hinu frjálslynda gósenlandi Noregi, þar sem allt er leyfilegt, og ekki von til að finna slíkt eðalefni á íslenskum sjónvarpsstöðvum.

Einhverju sinni klæddi ég mig í níðþröngan svartan leðurgalla með opnanlegu fagi á bakhluta og sjálfvirkum sleppibúnaði að framan; klæddi mig í skó sem voru með 50 sentimetra háum hælum og málaði mig eins og vændiskona sem á afsláttarkort í snyrtivöruverslun.

Klæddur þessum búningi labbaði ég mér inn á klúbb þar sem saman voru komnir jafn skrautlega búnir einstaklingar (af öllum kynjum langar mig að segja) sem áttu það sameiginlegt að vera í félagi sem ber langa skammstöfun. Ég ætla að hlífa viðkvæmum lesendum við því fyrir hvað hún stóð og ætla ykkur hinum að nota ímyndunaraflið.

Út af klúbbnum flúði ég öskrandi því ég var á leiðinni á grímuball á vegum Hellarannsóknafélags Íslands í sömu götu. Þema kvöldsins var „öryggi í hellaferðum." Ætlaði ég að túlka hversu mikilvægt það er að klæða sig rétt þegar átt er við náttúruna sjálfa og láta ekki blekkjast þó leið virðist greið að náttúruperlum sem ókannaðir hellar geta óneitanlega verið. Það tókst ekki.

Ég fer ekki lengur í hellaferðir með þessum ágæta hópi sem var á grímuballinu en eftir reynslu þessa kvölds vaknaði áhugi á mannlegu eðli og hversu ótrúlega ólík við öll erum. Okkur vantar dæmisögur um það í íslenskt sjónvarp.

EKKI MISSA AF

▶ **20.00 Batman Begins STÖÐ 2 BÍÓ**

▶ **20.10 Saga Indlands SJÓNVARPIÐ**

▶ **20.20 So You Think You Can Dance STÖÐ 2**

▶ **20.25 E.R. STÖÐ 2 EXTRA**

▶ **21.50 C.S.I New York SKJÁREINN**

SJÓNVARPIÐ

15.55 Sunnudagskvöld með Evu Maríu (e)
16.35 Leiðarljós (Guiding Light)
17.20 Táknmálsfréttir
17.30 Hanna Montana (3:26) (e)
18.00 Kóalabræðurnir (59:78)
18.12 Herramenn (21:52)
18.25 Út og suður (1:17) (e)
19.00 Fréttir
19.30 Veður
19.35 Kastljós
▶**20.10 Saga Indlands** (The Story of India) (2:6) Sagnfræðingurinn Michael Wood fer í mikla reisu um landið og leitar uppi sögulegar minjar þess og skoðar sögurna í leit að vísbendingum um hver framtíð þessa fjölmennasta lýðræðisríkis og elsta menningarsamfélags í heimi verður.
21.10 Anna Pihl (9:10) Dönsk þáttaröð um erilsamt starf lögreglukonunnar Önnu Pihl á Bellahoj-stöðinni í Kaupmannahöfn.
22.00 Tíufréttir
22.20 Sportið
22.45 Leyninefndin í Listasafninu (AK3: Akademiens Kommitté för Kontroll av Kultur) (2:4) Sænsk þáttaröð byggð á skáldsögu eftir Ernst Billgren sem einnig leikstýrir þáttunum. Í listheiminum er leynileg nefnd sem ákveður hvaða listamenn verða frægir og hverjir ekki.
23.30 Kastljós (e)
00.00 Dagskrárlok

BÍÓ

06.10 Batman Begins
08.25 Guess Who
10.10 Eight Below
12.10 The Queen
14.00 Guess Who
16.00 Eight Below
18.00 The Queen Hér sem segir frá sambandi milli Elísabetar Englandsdrottningar og forsætisráðherra Bretlands, Tony Blair. **20.00** ▶**Batman Begins** Sagan um uppvaxtarár Bruce Waynes og hvernig það bar að að hann varð Leðurblökumaðurinn.
22.15 No Good Deed
00.00 Die Hard
02.10 Point Blank
04.00 No Good Deed
06.00 In Good Company

STÖÐ 2

07.00 Barnatími Stöðvar 2 Sylvester og Tweety, Kalli kanína og félagar og Ben 10.
08.15 Oprah
08.55 Í fínu formi
09.10 Bold and the Beautiful
09.30 La Fea Más Bella (153:300)
10.15 Missing (17:19)
11.10 60 minutes
12.00 Hádegisfréttir
12.35 Neighbours
13.00 In Her Shoes
15.05 Friends (10:24)
15.30 Friends (14:23)
15.55 Háheimar
16.20 Leðurblökumaðurinn
16.40 Tracey McBean
16.53 Louie
17.03 Skjaldbökurnar
17.28 Bold and the Beautiful
17.53 Neighbours
18.18 Markaðurinn og veður
18.30 Fréttir
18.47 Íþróttir
18.54 Ísland í dag
19.05 Veður
19.20 Kompás
19.55 The Simpsons Níunda þáttaröðin um Simpson-fjölskylduna óborganlegu og hversdagsleika þeirra.
▶**20.20 So You Think You Can Dance** (22:23) Frá framleiðendum American Idol kemur fjórða þáttaröðin af So You Think You Can Dance og hefur hún aldrei verið vinsælli. Keppendur vinna með bestu og þekktustu danshöfundum Bandaríkjanna til að ná tökum á nýrri danstækni í hverri viku þar til að lokum stendur einn eftir sem sigurvegari.
21.50 So You Think You Can Dance
23.15 Peep Show (2:12) Sprenghlægilegir gamanþættir um Mark og Jez, sérvitringa á þrítugsaldri sem deila íbúð saman en eiga ekkert sameiginlegt nema það að líf þeirra einkennist af endalausum flækjum og óreiðu.
23.40 Buffalo Dreams
01.10 In Her Shoes
03.15 Missing (17:19)
04.00 Friends (16:24)
04.25 Friends (14:23)
04.50 Peep Show (2:12)
05.15 The Simpsons
05.40 Fréttir og Ísland í dag

SPORT *besta sætið*

07.00 Landsbankadeildin 2008
17.45 Landsbankadeildin 2008
19.35 Landsbankamörkin 2008 Allir leikirnir, öll mörkin og bestu tilþrifin í umferðinni skoðuð í þessum magnaða þætti.
20.35 F1: Við endamarkið Fjallað verður um atburði helgarinnar og gestir í myndveri ræða málin. Farið verður yfir helstu mál líðandi keppni og þau krufin til mergjar.
21.15 10 Bestu Sjötti þátturinn af tíu í þessari mögnuðu þáttaröð um tíu bestu knattspyrnumenn Íslandssögunnar. Í þessum þætti verður fjallað um Ríkharð Jónsson og hans feril.
22.00 Spænsku mörkin Allir leikirnir og öll mörkin úr spænska boltanum skoðuð. Sérfræðingar Stöðvar 2 Sport kryfja alla leiki helgarinnar ásamt Heimi Guðjónssyni.
22.45 Þýski handboltinn - Hápunktar Hver umferð gerð upp í þessum flotta þætti um þýska handboltann. Handknattleikur á heimsmælikvarða.
23.25 World Series of Poker 2008 Sýnt frá World Series of Poker þar sem mæta til leiks allir bestu og snjöllustu pókerspilarar í heiminum.

SPORT 2 *enski boltinn*

07.00 Enska úrvalsdeildin Útsending frá leik Chelsea og Man. Utd í ensku úrvalsdeildinni.
16.45 English Premier League
17.40 Enska úrvalsdeildin Útsending frá leik Man. City og Portsmouth í ensku úrvalsdeildinni.
19.20 Enska úrvalsdeildin Útsending frá leik Blackburn og Fulham í ensku úrvalsdeildinni.
21.00 English Premier League
22.00 Coca Cola mörkin Allir leikirnir, öll mörkin og allt það umdeildasta skoðað í þessu magnaða markaþætti.
22.30 Enska úrvalsdeildin Útsending frá leik Bolton og Arsenal í ensku úrvalsdeildinni.

SKJÁREINN

07.15 Rachael Ray (e)
08.00 Dr. Phil (e)
08.45 Vörutorg
09.45 Óstöðvandi tónlist
16.15 Vörutorg
17.15 Game tíví (e)
17.45 Dr. Phil
18.30 Rachael Ray
19.20 Kitchen Nightmares (e)
20.10 Friday Night Lights (2:15) Dramatísk þáttaröð um unglinga í smábæ í Texas. Þar snýst allt lífið um árangur fótboltaliðs skólans og það er mikið álag á ungum herðum. Fyrsti skóladagurinn og það hefur ýmislegt breyst. Tami á erfitt að venjast því að hugsa ein um ungabarn og ungling á meðan eiginmaðurinn er fjarverandi. Landry er að fara á taugum eftir atburðinn sem setti líf hans úr skorðum á meðan Smash er í essinu sínu.
21.00 Eureka (7:13) Bandarísk þáttaröð sem gerist í litlum bæ með stórt leyndarmál. Þar hefur helstu snillingum heims verið safnað saman og allt getur gerst. Afi Fargos, sem var virtur vísindamaður, vaknar til lífsins eftir að hafa verið frosinn í 50 ár en fljótlega kemur í ljós að það var eitthvað undarlegt á seiði þegar hann var frystur.
▶**21.50 C.S.I. New York** (5:21) Bandarísk sakamálasería um Mac Taylor og félaga hans í rannsóknardeild lögreglunnar í New York. Kona er myrt og Mac kemst að því að málið tengist tölvuleik á netinu. Hann tekur þátt í leiknum til þess að freista þess að góma morðingjann.
22.40 Jay Leno
23.30 Swingtown (e)
00.20 Criss Angel Mindfreak (e)
00.45 Family Guy (e)
01.10 Nokia Trends (e)
01.35 Vörutorg
02.35 Óstöðvandi tónlist

N4 SJÓNVARP NORÐURLANDS

18.15 Fréttir og **Að norðan** Endurtekið á klukkutíma fresti til kl. 12.15 daginn eftir.
20.30 Gönguleiðir Þáttur um áhugaverðar gönguleiðir á Íslandi. Endurtekið kl. 21.30 og 22.30.

OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

Í KVÖLD

STÖÐ 2 KL. 19.20

Kompás - ný þáttarröð

Kompás hefur göngu sína á ný í kvöld á Stöð 2. Þetta er fjórða árið sem þátturinn er sýningu en í vetur verða allir þættirnir í opinni dagskrá.
Jóhannes Kr. Kristjánsson ritstjóri og samstarfsfólk hans halda áfram að fjalla á beinskeittan, upplýsandi og aðgengilegan hátt um viðkvæm og vandmeðfarin málefni sem aðrir fréttamiðlar veigra sér við að nálgast. Í þættinum í kvöld verða atvinnumenn í ofbeldi afhjúpaðir. Handrukkarar eru hópur manna sem hafa atvinnu af því að leysa ágreining með vöðvaafli. Kompás verður m.a. vitni að því þegar umdeildur athafnamaður er laminn fyrir framan myndavélina.

▶ VIÐ MÆLUM MEÐ

Dagvaktin - 1. þáttur
Stöð 2 extra kl. 22.00

Þeir sem misstu af Dagvaktinni í gær þurfa ekki að örvænta því þátturinn er endursýndur í kvöld á Stöð 2 extra. Í Dagvaktinni liggja leiðir þremenninganna aftur saman á ný fyrir einskæra tilviljun og svakalegt uppgjör þeirra á milli verður óhjákvæmilegt. Fylgist með frá byrjun.

RÁS 1 FM 92,4/93,5

06.05 Morgunvaktin
06.40 Veðurfregnir
06.50 Bæn
07.30 Fréttayfirlit
08.00 Morgunfréttir
08.30 Fréttayfirlit
09.05 Okkar á milli
09.45 Morgunleikfimi
10.03 Veðurfregnir
10.13 Stefnumót
11.03 Samfélagið í nærmynd
12.00 Fréttayfirlit
12.02 Hádegisútvarp
12.20 Hádegisfréttir
12.45 Veðurfregnir
12.50 Dánarfregnir og auglýsingar
13.00 Vítt og breitt
14.03 Bak við stjörnurnar
15.03 Útvarpssagan: Dyr standa opnar
15.30 Heimsauga
16.00 Síðdegisfréttir
16.10 Veðurfregnir
16.13 Hlaupanótan
17.03 Víðsjá
18.00 Kvöldfréttir
18.25 Spegillinn
18.50 Dánarfregnir og auglýsingar
19.00 Endurómur úr Evrópu
20.00 Leynifélagið
20.30 Kvika
21.10 Framtíð lýðræðis
22.07 Veðurfregnir
22.12 Orð kvöldsins
22.15 Ársól
23.10 Frá Tónskáldaþinginu í Dyflinni
00.07 Næturtónar

FM 90,9 Talstöðin **FM 99,4** Útvarp Saga **FM 98,9** Bylgjan **FM 95,7 FM957** / Topp tónlistarstöðin **FM 102,2** Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp **FM 102,9** Lindin / Kristilegt efni **FM 96,7** Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying **FM 105,5** Útvarp Boðun / Kristilegt efni **FM 88,5** XA-Radió / 12 spora efni **FM 97,7** X-ið / Enginn viðbjóður

2 EXTRA

16.00 Hollyoaks (20:260)
16.30 Hollyoaks (21:260)
17.00 Seinfeld
17.25 E.R. (3:25)
18.10 My Boys (2:22)
18.30 Happy Hour (7:13)
19.00 Hollyoaks (20:260)
19.30 Hollyoaks (21:260)
20.00 Seinfeld
20.25 E.R. (3:25) Þættirnir sem gerast á bráðamóttöku sjúkrahúss í Chicago þar sem erillinn er næstum óviðráðanlegur og læknarnir fá nánast engan tíma til að taka ákvarðanir upp á líf og dauða.
21.10 My Boys (2:22) Frábærir gamanþættir um unga konu sem er greinahöfundur hjá þekktu íþróttablaði og þarf að kljást við einkamálin ásamt því að sanna sig í karlaheimi.
21.30 Happy Hour (7:13) Lánið leikur ekki við Henry Beckman. Konan yfirgefur hann, hann missir vinnuna og íbúðina. Hann ákveður að leigja íbúð með Larry, sjálfselskum og raunveruleikafirrtum glaumgosa sem útvegar honum vinnu og reynir að kenna honum að lifa lífinu.
22.00 Dagvaktin - NÝTT (1:11)
22.25 Numbers Tveir ólíkir bræður sameina krafta sína við rannsókn flókinna sakamála. Sá eldri er varðstjóri hjá FBI en sá yngri er stærðfræðiséni sem fundið hefur leið til að nota reikniformúlur og líkindareikning í þágu glæparannsókna.
23.10 The Tudors (8:10)
00.05 Sjáðu
00.30 Tónlistarmyndbönd frá Skífan TV

ÍNN

20.00 Hrafnaþing Í umsjón Ingva Hrafns Jónssonar. Ingvi Hrafn tjáir sig um viðhorf sín til stjórnmála líðandi stundar.
21.00 Í nærveru sálar Kolbrún Baldursdóttir sálfræðingur skyggnist inn í hugarheim Magnúsar Þórs Hafsteinssonar.
21.30 Vangaveltur Umsjón: Steinunn Anna Gunnlaugsdóttir. Valdemar Ásgeirsson bóndi á Auðkúlu viðrar skoðanir sínar.
Dagsskrá ÍNN er endurtekin um helgar og allan sólarhringinn.

DR 1

10.00 DR Update - nyheder og vejr **10.10** Boxen **10.25** OBS **10.30** SPAM 2008 **10.55** Skum TV **11.10** Angora by night **11.35** Family Guy **12.00** Gudstjeneste i DR Kirken **12.45** Den store dag **13.45** HåndboldSøndag. SK Aarhus - Ikast-Brande EH **15.30** Bamses Billedbog **16.00** Drømmen om dybet **16.30** TV Avisen med Sport og Vejret **17.00** Dansk Folkepartis landsmøde **17.30** De store katte **18.00** Sommer **19.00** 21 Søndag **19.40** SportNyt med SAS liga **19.55** Columbo **21.25** Trold kan tæmmes

NRK 1

09.45 Norge rundt **10.10** Kvitt eller dobbelt **11.10** Himmelblå **11.55** Ut i nærturen **12.20** Ut i nærturen **12.45** Danny Deckchair **14.25** Trygve Hoff - dele med dæ **15.15** Åpen himmel. Nordisk gudstjeneste **16.00** Lillefot og vennene hans **16.25** Herr Hikke **16.30** Newton **17.00** Søndagsrevyen **17.45** Sportsrevyen **18.05** Himmelblå **18.50** Ellens 100 år **19.20** Nære og kjære **21.00** Kveldsnytt **21.20** Autofil **21.50** Hold meg, slipp meg! **23.30** Norsk på norsk jukeboks

SVT 1

09.00 Videokväll hos Luuk **10.50** Debatt **11.35** Murderball **13.00** Ishockey. TV-pucken **15.55** Sportnytt **16.00** Rapport **16.10** Regionala nyheter **16.15** Saltön **17.15** Hemliga svenska rum **17.30** Rapport **17.55** Regionala nyheter **18.00** Andra Avenyn **18.30** Sportspegeln **19.15** Ashes to ashes **20.10** Dina, mina och våra barn **20.40** Hur mycket väger ett moln? **21.10** Byss **21.25** Five days **22.25** Carin 21.30 **22.55** Sändningar från SVT24

HVAÐ SEGI MAMMA?



„Auðvitað er ég afskaplega stolt af henni. Það sást strax á fyrsta ári að það var tónlist í henni. Það fór ekkert á milli mála þegar hún var að dilla sér fyrir framan útvarpið, en ekki óraði mann fyrir því þá að hún yrði það sem hún er í dag.“

Sigrún Einarsdóttir um dóttur sína Lovísu Elísabetu Sigrúnardóttur, sem er betur þekkt sem tónlistarkonan Lay Low.

Júlli Brjáns sem vígalegur víkingur

„Ég er víkingahöfðingi. Og sennilega einhver minnsti víkingahöfðingi sem sést hefur opinberlega,“ segir Júlíus Brjánsson, eða Júlli Brjáns, leikari með meiru.

Júlíus fer með burðarrullu í auglýsingu sem Saga film framleiðir fyrir ASÍ. Leikstjórar eru tvíeykið Sammi og Gunni en Enn-Emm auglýsingastofa hefur listræna yfirumsjón. Höfundur er Jón Gnarr sem segir Júlla sniðinn í hlutverkið og hafa staðið sig eins og hetja. „Þetta er skemmtileg auglýsing og mikið í þetta lagt,“ segir Júlíus sem aldrei hefur íklæðst eins viðamiklu gervi þau 35 ár sem hann hefur verið í bransanum. „Glæsiklæðnaður og allt er þetta mjög dramatískt. Tekið í fjörunni við Reynisdranga. Í baráttu við náttúruöflin eins og alvöru víkingar. Það byrjaði að hvessa, flæða að og öldugangur eftir því. Við áttum fótum fjör að launa og í basli við að bjarga tækjum og tólum og leikmynd,“ segir Júlli.

Að sögn leikarans knáa er auglýsingin hugsuð sem hugleiðing um stéttaskiptingu; þrælar og víkingar. „Hvort hún hefur breyst og þroskast eins mikið í aldanna rás eins og við viljum vera láta“ Aðrir leikarar sem við sögu koma eru Didda, Erpur Eyvindarson og Jörundur Ragnarsson.

JÚLLI BRJÁNS Leikur í hverri rullunni á fætur annarri nú um stundir.

Stjarna Júlla skín nú skært. Hann er í Dagvaktinni sem faðir Ólafs Ragnars og nú þessi burðarrulla í stórri auglýsingu. „Ég byrjaði á toppnum fyrir 35 árum sem Kaffibrúsakarl og síðan hefur leiðin legið niður á við. Nei, nei, stundum er mikið að gera og stundum minna. Stundum er maður áberandi og stundum ekki. Það er tilviljunum háð í hvaða verkefnum maður lendir. Þegar upp er staðið er það innri hamingjan sem máli skiptir.“

Og þú ert ríkur af henni?

„Það er dagamunur á því.“ - jbg



LÁRÉTT
2. vísað, **6.** í röð, **8.** andmæli, **9.** suss, **11.** tveir eins, **12.** sæti, **14.** geil, **16.** nafnorð, **17.** sjáðu, **18.** námstímabil, **20.** rykkorn, **21.** kvenklæðnaður.

LÓÐRÉTT
1. höfuð, **3.** samanburðartenging, **4.** skrautplanta, **5.** að, **7.** frilla, **10.** sunna, **13.** lærir, **15.** mjög gamall, **16.** nasaop, **19.** número.

LAUSN

LÁRÉTT: 2. bent, **6.** á, **8.** nei, **9.** uss, **11.** ll, **12.** stóll, **14.** kleif, **16.** no, **17.** sko, **18.** önn, **20.** ar, **21.** sarí.

LÓÐRÉTT: 1. haus, **3.** en, **4.** nellika, **5.** til, **7.** ástkona, **10.** sól, **13.** les, **15.** forn, **16.** nös, **19.** nr.

VEISTU SVARIÐ

Svör við spurningum á síðu 8

1. Óstöðugt gengi krónunnar.
2. Lóð undir mosku.
3. 600 milljónir króna.

JÓN GNARR: MÚSTAFA NÍGERÍUSVINDLARI Á NÝJUM DISKI TVÍHÖFÐA

Tvíhöfði lítur um öxl

Von er á tvöföldum diski með Tvíhöfða í október. Vinnuheiti hans er Tvíhöfði lítur um öxl. Á öðrum disknum verður besta áður útgefna efnið að mati stjórnendanna, á hinum óútgefið efni. Þessi magnaði útvarpsþáttur þeirra Jóns Gnarr og Sigurjóns Kjartanssonar var í loftinu á ýmsum útvarpsstöðvum og með hléum frá 1996 til 2007.

„Mér finnst þetta einstakt fyrirbæri í Íslandssögunni og rosalega skemmtilegt og gagnlegt,“ segir Jón um Tvíhöfða. „Ég held að þátturinn hafi glatt marga og gert marga vinnuna skemmtilegri. Sjálfur vann ég meðal annars í Hampiðjunni með heyrnartól áður en ég byrjaði í útvarpinu og það var ekkert í boði til að hlusta á nema eitthvert endalaust mal. Tvíhöfði var uppreisn gegn því. Og því miður held ég bara að sú uppreisn hafi mistekist.“

Fjórar Tvíhöfðaplötur komu út þegar vinsældir Tvíhöfða voru sem mestar – Til hamingju (1998), Kondí fíling (1999) Sleikir hamstur (2000) og Konungleg skemmtun (2001) – og á þeim voru bæði sketsar og ógleymanleg lög. Hvar man til dæmis ekki eftir lögum eins og „Gefum honum von“ og „Stuðlagið um Sigur Rós“.

„Á disknum með óútgefna efninu verður meðal annars yfirkennarinn, smásálin og eitt-tvö óútgefin lög,“ segir Jón. „Það verður líka eitthvað af Mústafa Nígeríu-svindlara. Við ætluðum alltaf að gera honum betur skil en þegar við fórum að athuga málið var búið að eyða mestu af því efni. Það eru samt einhverjir hápunktar til, eins og þegar hann fór að ríf-ast við Dr. Frankenstein og bað Woody Allen um að hætta að vera svona geðveikan.“

AF HVERJU EKKI TVÍHÖFÐI Á RÁS 1? Jón og Sigurjón sakna útvarpssins.

NÍGERÍUSVINDLARINN MÚSTAFA Hlustendur fylgdust andstuttir með viðskiptum Tvíhöfða við hann.

Sigurjón Kjartansson segir að Tvíhöfði væri eflaust enn í loftinu ef það hefði ekki alltaf verið svona mikið basl að fá einhvern til að kosta þáttinn. Síðast var Tvíhöfði með vikulegan þátt á Rás 2. „Ein aðalástæðan fyrir því að við héldum ekki áfram þar voru einhverjar breytingar á auglýsingadeildinni hjá þeim, sem er náttúrlega alveg fáránlegt,“ segir Sigurjón. „Ég stakk upp á því að við færum á Rás 1 en það var aldrei rætt almennilega. En af hverju ekki Tvíhöfði á Rás 1? Af hverju þarf sú stöð að hljóma endalaust eins og upplestur á ritgerðum eftir háskólafólk?“

Jón er sama sinnis og segist sakna útvarpsmennskunnar. Það sé margt í tíðarandanum og þjóðmálunum sem gaman væri að taka fyrir á hinn einstaka Tvíhöfðahátt. „Ef það væri einhver frábær útvarpsstöð sem sæi vit í því að ráða Tvíhöfða til að sjá um morgunþátt þá værum við alveg geim.“

FRÉTTIR AF FÓLKI

Harry Knowles hjá nördasíðunni Ain't it Cool er yfir sig ánægður með kvikmyndina Astropíu, sem hann sá á nördahátíðinni Fantastic Fest í Austin, Texas. Hann lýkur miklu lofsorði á handritið og ýmsar kórréttar nördatilvísanir í henni. Þá er hann ánægður með **Ragnhildi Steinunni**, sem hann segir minna á bæði Paris Hilton og Reese Witherspoon í útliti. Eitthvað er hann þó úti á túni með kærasta Ragnhildar í myndinni. Hann var sem kunnugt er leikinn af **Davíð Þór Jónssyni**, en Harry heldur að þetta sé sænski stórleikarinn Peter Stormare.



Gunnar Þorsteinsson í Krossinum er afar ósáttur við titil Kynlífsbiblíunnar, sem nýverið kom út hjá JPV Bókaforlagi. Vill hann meina að gríðarlega ósmekklegt sé að nota orðið biblía í þessu sambandi. „Menn nudda sér utan í Krist til að njóta góðs af honum,“ sagði Gunnar í samtali við DV í vikunni. Svo skemmtilega vill til að þessum tilburðum sem Gunnar lýsir, að nudda sér upp við aðra til að njóta góðs af, er einmitt lýst í Kynlífsbiblíunni í ýmsum útfærslum, þar á meðal einni sem kölluð er að „þurrka spjótið“. -drg/kg

www.this.is/krossgatur
MEIRA EN 200 ÓKEYPIS KROSSGÁTUR

Er HREINT hjá þér?
Fagleg ræsting fyrirtækja og stofnana er bæði betri og ódýrari
Hreint RÆSTING
• Reykjavík • Akureyri • Selfossi
Sími 554 6088 • hreint@hreint.is • www.hreint.is

Breyta bakaríi í hárgreiðslustofu

„Við vinnum á daginn og eyðum svo kvöldunum í að koma stofunni upp,“ segir Hanna Kristín Jónsdóttir hárgreiðslukona sem vinnur nú að því að breyta fyrrverandi bakaríi í hárgreiðslustofu, í Rjúpnasölum í Kópavogi. „Við Guðlaug Helga Guðlaugsdóttir vinkona mín höfum unnið saman í fimm ár og lengi langað að opna stofu. Við fundum svo þetta húsnæði, þar sem bakaríi hafði verið lokað, og ákváðum að skella okkur á það,“ bætir hún við og segist ekki kvíða rekstrinum þrátt fyrir mikið krepputal í þjóðfélaginu.

„Það er engin stofa alveg í næsta nágrenni við okkur. Við höfum báðar leigt stól á annarri stofu svo við þekkjum inn á reksturinn og höfum verið með okkar eigið batterí, bara í minna formi,“ segir Hanna Kristín sem mun opna stofuna Modus ásamt vinkonu sinni um mánaðamótin næstkomandi.

„Við erum sjálfar í því að endurinnrétta og fáum hjálp frá fjölskyldumeðlimum. Það voru milliveggir, en það þurfti að gera alveg helling til að koma þessu í fínt stand,“ segir Hanna Kristín. - ag

ENDURINNRÉTTA Á KVÖLDIN Hanna Kristín og Guðlaug Helga eyða nú flestum kvöldum í að endurinnrétta hárgreiðslustofuna sem mun opna um næstkomandi mánaðamót.

Microsoft sérfræðingar, ekki missa af þessu!
Hvað leynist undir yfirborðinu?
DIVE DEEPER® 08
Tækninámsstefna í Smárabíó 9-10 október
Nánari upplýsingar og skráning í síma 544 4500 og www.ntv.is/divedeeper

Nýr hrífandi söngleikur Ólafs Hauks Símonarsonar
frumsýndur 10. október.
Fólkið í blokkinni
Forsala hefst á miðvikudag kl. 10
Tryggðu þér miða í síma 568 8000 eða á netinu: borgarleikhus.is
Fyrstu sýningar: 10/10 kl. 20, 11/10 kl. 19, 11/10 kl. 22, 12/10 kl. 20, 14/10 kl. 20, 16/10 kl. 20,
17/10 kl 19, 18/10 kl. 19, 25/10 kl. 19, 26/10 kl. 20, 29/20
Geisladiskurinn í kaupbæti. Þeir 200 fyrstu sem kaupa miða í forsölu fá nýjan geisladisk
með tónlistinni í kaupbæti. Útgefandi: Sena.
Sett upp í Reykjavík í samstarfi við
spron
Miðasala er í síma 568 8000
og á borgarleikhus.is
Borgarleikhúsið

FRÉTTABLAÐIÐ

SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS: 512 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 512 5313, fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is
DREIFING: dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is **EF BLAÐIÐ BERST EKKI:** 512 5060

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR | **SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 512 5000**

Ilægra verð
Apótekið
Hólagarði • Hagkaup Skeifunni • Hagkaup Akureyri

BAKÞANKAR
Þráins Bertelssonar

Að granda sýslumanni - mannfórn í Keflavík

Eitt höfuðeinkenni góðrar stjórnsýslu er að menn staldri stutt við á valdastólum. Enginn ráðherra á að gegna sama ráðherraembætti lengur en fjögur ár né vera ráðherra lengur en átta ár samtals - átta ár eru hryllilega langur tími. Svipað á að gilda um stjórnendastöður hjá Ríkinu. Fjögurra ára ráðningartími og framlengdur um tvö til fjögur ár ef frammistaðan er almennt talin hafa verið frábær - en auðvitað auglýsa embættið eftir fjögur ár.

ÞETTA fyrirkomulag mundi draga úr spillingu. Allir stjórnendur vissu að þeir væru ráðnir til takmarkaðs tíma, og mjög líklegt að eftirmaðurinn færi með logandi ljósi ofan í saumana á öllum gjörningum fyrirrennara síns til að finna þar eitruð peð og fara með í afeitrun. Sumir forstjórar sem ættu „ónotuð stjórnarár" eftir á C.V.-inu sínu gætu leitað í önnur fyrirtæki og stofnanir. En víða væru starfandi litlir hópar fyrrverandi forstjóra, þekkingar- og reynslubankar, sem stjórnendur fyrirtækisins gætu leitað í eftir þörfum.

ÞAÐ þarf engu að breyta nema smotterí. Í fyrsta lagi að auglýsa stöður án tillits til hvort ráðherra er samflokksmaður eða andstæðingur, frændi eða sonur, það er árangur í starfi sem telur. Það vantar alls staðar gott fólk og hitt fólkið á ekki í vandræðum með að finna sér störf við hæfi í einkaeða opinbera geiranum. Sýslumannsembætti í Keflavík er eftirsótt, margir um hituna, og sá sem hefur gegnt því með sóma hefur hlotið mikinn starfsheiður.

ÞAÐ auma við starfslok sýslumanns í Keflavík er að sá sem réði hann til starfa er enn í embætti - það er bara talað í véfréttar stíl um hvort viðkomandi muni draga sig í hlé að aftöku lokinni og eftirláta eftirmönnum sínum að framfylgja lögunum í þeim anda sem þeim var komið á; sem sé til að skipta oft um stjórnendur, ekki til að geta komið óvinum sínum fyrir kattarnef heldur vegna þess að við þurfum marga stjórnendur en ekki fáa. Það er forsenda þess að lýðræðið þróist úr höndunum á fámennum valdaklíkum. Við þurfum ekki nautsterka leiðtoga. Við þurfum valddreifingu og marga leiðtoga. Það er lýðræði.

GÓÐAN DAG!

Í dag er mánudagurinn 22. september, 266. dagur ársins.

	Sólarupprás	Hádegi	Sólarlag
Reykjavík	7.12	13.20	19.27
Akureyri	6.56	13.05	19.12

Heimild: Almanak Háskólans

FORESTER
SYMMETRICAL AWD
SUBARU

NÝR SPORTJEPPI
Á FRÁBÆRU VERÐI

Nú er tækifærið að eignast Subaru Forester á einstaklega góðu verði. Forester hefur meiri veghæð (21,5cm) og meira rými en sambærilegir bílar. Hann er nýtískulegur í útliti og hlaðinn búnaði sem gerir hann einstakan. Hann er Subaru og því bilar hann sjaldnar en flestir bílar. Því segjum við – Nýr Forester sportjeppi er YFIRBURÐA BÍLL

Sjálfskiptur:
3.590.000

Sjálfvirk hleðslujöfnun
Subaru FORESTER er með sjálfvirka hleðslujöfnun á afturfjöðrum sem tryggir að hann stendur réttur þrátt fyrir töluverða hleðslu. Þessi jöfnun á þyngdardreifingu auðveldar stjórnun og gerir bílinn öruggari í akstri.

ÖRUGG Í SUBARU

Við trúum því að fyrir fjölnotabíl eins og FORESTER sé sítengt aldrif öruggasti kosturinn. Með VDC öryggiskerfinu dreifir hann aflinu jafnt og örugglega til hjólanna sem veita hámarksgrip og öryggi við stjórnun.

- Subaru Forester er auk þess búinn 6 SRS loftpúðum og með ISO-FIX festingar fyrir barnabílstóla.

Reykjavík, Sævarhöfða 2, 525 8000 - Selfossi, Hrísmýri 2a, 575 1460 - Akureyri, Óseyri 5, 464 7940
Reykjanesbæ, Holtsgötu 52, 421 8808 - Egilsstöðum, Kaupvangi 16, 471 2521

IH
INGVAR HELGASON

ENNEMM / SÍA / NM35534